

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur föstudaginn 26. nóvember 2021

Mál nr. E-4307/2020:

**Nestak ehf.**

*(Hjördís Halldórsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**Húsasmiðjunni ehf.**

*(Smári Hilmarsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 7. október sl., var höfðað 25. júní 2020 af hálfu Nestaks ehf., [...], á hendur Húsasmiðjunni ehf., [...].

Stefnandi krefst viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna beins tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna vanefnda stefnda á kaupsamningi aðila dagsettum 28. apríl 2018.

Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 66.183.153 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 8.997.934 krónum frá 5. október 2018 til 12. september 2019 en af 26.462.729 krónum frá þeim degi til 4. október 2019 en af 66.183.153 krónum frá þeim degi til greiðsludags Hvað dráttarvaxtakröfuna varðar er til vara gerð krafa um dráttarvexti af 66.183.153 krónum frá 4. nóvember 2019 til greiðsludags en til þrautavara af 66.183.153 krónum frá 25. júní 2020 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 31.436.691 krónu, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. nóvember 2019 til greiðsludags en til vara er gerð krafa um dráttarvexti af 31.436.691 krónu frá 25. júní 2020 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I

### Málavextir

Stefnandi er byggingarverktaki og tók að sér að reisa netaverkstæði í Neskaupsstað með verksamningi 28. mars 2018. Verksamningurinn hljóðaði upp á 685.070.565 krónur, með virðisaukaskatti, og var undirritaður í kjölfar útboðs á verkinu sem fólst í því að hanna og byggja hús til að hýsa netaverkstæði og veiðarfærageymslur, víra- og

gúmmíbátaverkstæði, skrifstofur og starfsmannaaðstöðu fyrir Fasteignafélagið Miðhús ehf., hér eftir verkkaupi. Samkvæmt forsögn útboðslýsingarinnar gerði verkkaupi ráð fyrir stálgrindarhúsi með risþaki á steiptum undirstöðum og steyptri gryfju í veiðarfærageymslu. Samþykkt verkáætlun á fylgiskjali með verksamningnum gerði ráð fyrir að reising stálgrindar hæfist 17. júlí 2018 og lyki 20. ágúst 2018. Mun hafa verið gert ráð fyrir að hafist yrði handa við að setja upp klæðningu 21. ágúst 2018 og því lyki 29. október 2018, uppsetning nótnagrinda hæfist 30. október 2018 og lokið 26. nóvember 2018. Verkframkvæmdum skyldi að fullu lokið 1. mars 2019 fyrir utan lóðafrágang.

Stefnandi fékk Verkís hf. til að sjá um hönnun hússins og verkefnastjórnun fyrir sig og starfsmaður þess, Björn Sveinsson, var verkefna- og hönnunarstjóri verkefnisins. Verkís hf. og áðurnefndur starfsmaður þess kom því fram fyrir hönd stefnanda vegna verksins. Verður því hér á eftir vísað til Verkís hf. sem stefnanda í máli þessu í þeim tilvikum er félagið eða starfsmaður þess kom fram fyrir hönd stefnanda vegna verksins.

Með tölvupósti til stefnda 13. nóvember 2017 óskaði stefnandi eftir verði í „einangrað stálgrindarhús, burðarvirki undir brúarkrana, stálbita í f. hlaupaketti, grindur í netageymslu, stiga upp á 2. hæð, göngubrú yfir netageymslu og hringstiga, meginburðarvirki milligólfs og iðnaðarhurðir, auk verðs í uppsetningu á framantöldu“. Í viðhengi með tölvupóstinum var skissa úr aðalútboðsgögnunum með grunnmyndum, útlitsteikningum og sniði. Á grunnmyndunum voru meðal annars teiknaðar nótageymslur, grindur, netaverkstæði, víraverkstæði og lager, gúmmíbátageymsla, stigar, pallur, starfsmannaaðstaða og skrifstofa. Einnig fylgdi, samkvæmt póstinum, forsenduskjal, sem stefnandi kvaðst hafa unnið upp úr útboðsgögnum, en í því er meðal annars getið um forsendur fyrir stiga, göngupalla og veiðarfærahólf.

Stefndi sendi stefnanda tilboð með tölvupósti 13. desember 2017. Í tölvupóstinum var tekið fram að stefndi gæti sjálfur ekki boðið uppsetningu á húsinu en ef áhugi væri á því að ganga til samninga við stefnda um kaup á stálgrind og klæðningu gæti stefndi haft milligöngu um að koma á samningi milli stefnanda og framleiðanda stálgrindarinnar um uppsetningu. Í tölvupóstinum er þess jafnframt getið hvað stálframleiðandi gæti boðið í uppsetningu á stálgrind og samlokueiningar.

Tilboð stefnda hljóðaði samtals upp á 150.467.894 krónur, með virðisaukaskatti, og var sett fram með þeim hætti að annars vegar var gert tilboð í 2210 fermetra stálgrindarhús og hins vegar í samlokueiningar fyrir útveggi. Tilboðið var nánar sundurliðað í einstaka kostnaðarliði fyrir hvorn þátt um sig. Í sundurliðun tilboðs í stálgrindarhús var meðal annars gerð grein fyrir framleiðslu- og efniskostnaði á 268 tonnum af stáli sem reiknað var með að þyrfti í húsið, kostnaði við yfirborðsmeðhöndlun stáls, málningu, bolta, iðnaðarhurðir, svokölluð „Z-bönd“ og öðrum framleiðslukostnaði.

Stefnandi spurði stefnda nánar út í tilboðið í tölvupósti þann sama dag, meðal annars hvort magntalan 268 tonn af smíðuðu stáli fæli einnig í sér „magn í grindum h=6,5

í netageymslu, stiga og göngupalla“. Svar starfsmanns stefnda við þeirri spurningu var „já“. Í gögnum málsins er talað um stál í grindur í netageymslu, stiga og göngupalla sem svokallað „secondary stál“ og er það hugtak notað hér í framhaldinu. Annað stál í meginburðarramma húss væri þá svokallað „primary stál“.

Stefnandi hafði leitað fleiri tilboða í verkið og tveir bjóðendur skiluðu sínum tilboðum 4. og 15. desember 2017. Annað tilboðanna hljóðaði upp á 206.800.000 krónur fyrir 180 tonn af stáli með uppsetningu en án svokallaðs „secondary stáls“. Hitt hljóðaði upp á 139.781.000 krónur fyrir 225 tonn af stáli án uppsetningar og án „secondary stáls“. Stefnandi ákvað að taka tilboði stefnda og þann 22. febrúar 2018 sendi stefndi stefnanda drög að kaupsamningi um stálgrindarhús og klæðningu.

Málsaðilar áttu í frekari samskiptum um samningsdrögin og verkið dagana 7. og 9. mars 2018. Í þeim samskiptum greindi stefnandi frá því að fljótlega yrði gengið til samninga við verkkaupa um byggingu netaverkstæðisins og stefndi mætti því eiga von á staðfestingargreiðslu frá sér á næstu dögum. Stefnandi gerði einnig athugasemdir við ákvæði um geymslugjöld í samningsdrögunum og í kjölfarið sendi starfsmaður stefnda það sem kallað var uppfærður samningur, ásamt fyrsta rissi af stálgrind.

Stefnandi greiddi 25% innborgun til stefnanda til staðfestingar á pöntuninni 28. mars 2018 og 16. apríl 2018 óskaði stefnandi eftir því við stefnda að fá upplýsingar um tengilið hjá stálframleiðanda svo hann gæti klárað hönnun á netagerðarhúsi. Þær upplýsingar veitti stefndi daginn eftir og næstu daga var stefnandi í beinum samskiptum við tengilið stálframleiðanda vegna hönnunarteikninga og breytinga á hönnun aðalburðarvirkisins. Stefnandi sendi stálframleiðanda uppfærðar teikningar af netagerðinni 18. apríl 2018 og óskaði jafnframt eftir upplýsingum um það hvenær kraftaplan yrði tilbúið fyrir undirstöður byggingarinnar. Í þeim samskiptum kvaðst stálframleiðandinn ekki geta svarað því með neinni nákvæmni þar sem hann yrði að hefja vinnu við verkefnið aftur frá grunni. Stefnandi óskaði þá eftir grófu mati á því hvenær kraftaplan yrði tilbúið og kvað það koma óvart að framleiðandi ætlaði að byrja aftur á verkinu enda hefði stefndi tekið fram að efni yrði afhent um miðjan júlí það sama ár.

Á tímabilinu 18.-24. apríl 2018 voru stefnandi og stálframleiðandi í áframhaldandi samskiptum um teikningarnar og á þeim tíma gerði stefnandi ýmsar hönnunarbreytingar. Breytingarnar vörðuðu meðal annars milligólf í norðurenda hússins, en til stóð að nota holplötur í stað stálburðarvirkis, legu samlokueininga í útveggsklæðningum, þ.e. að þær yrðu í láréttri legu í stað lóðréttrar líkt og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, súlum var bætt inn milli meginburðarramma vegna breytinga á legu samlokueininga, staðsetningu á súlum í norðurstafni var hliðrað og staðsetningu meginburðarstoðar á sama stað auk staðsetningu glugga.

Málsaðilar undirrituðu kaupsamning sín á milli 28. apríl 2018 um sérpantað stálgrindarhús og klæðningu. Í 1. gr. samningsins er gerð grein fyrir hinu seldu og vísað

til þeirra gagna sem teljast hluti samningsins. Á meðal þeirra gagna sé tilboð stefnda frá 13. desember 2017 og er tekið fram að tilboðið byggji á einingarverðum og magni sem geti tekið breytingum til hækkunar eða lækkunar heildarverðs eftir að hönnun á húsinu verði lokið. Þá kemur fram að stefnandi hafi samþykkt tilboðið á þeim forsendum. Auk tilboðsins séu byggingarlýsing og teikningar frá verkkaupa með efnislýsingum hluti af samningsgögnum.

Í 1 gr. samningsins kemur einnig fram að tilboð seljanda sé gert í gegnum erlendan birgja en að stefndi muni sjá um að flytja vöruna sérstaklega til landsins fyrir stefnanda. Tekið er fram að mjög áriðandi sé að stálframleiðandi ljúki við framleiðsluteikningar sem fyrst og því nauðsynlegt að stefnandi og verkkaupi staðfesti útreikninga og teikningar framleiðanda eins fljótt og hægt sé svo ekki komi til seinkunar á afhendingu af hendi framleiðanda af þeim sökum. Þá segir í samningsákvæðinu að samþykkja þurfi teikningar eigi síðar en sjö dögum eftir að stefnandi fái þær afhentar til yfirferðar svo hægt sé að standa við afhendingu samkvæmt samningnum. Seinkun á samþykki teikninga hafi í för með sér seinkun á afhendingu. Þá kemur fram að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á því að hið seldi sé í samræmi við samþykkt tilboð og endanlegar samþykktar teikningar sem staðfestar hafi verið af stefnanda. Loks segir að ef gallar á hinu seldi koma í ljós eða fari afhending til stefnanda ekki fram á réttum afhendingardegi beri stefndi ábyrgð á tjóni sem slíkt kunni að valda stefnanda í samræmi við gildandi lög um lausafjárkaup nr. 50/2000.

Í 2. gr. samningsins er fjallað um söluverð og fleira. Þar kemur fram að tilboð stefnda frá 13. desember 2017 nemi samtals 150.467.894 krónum með virðisaukaskatti og sundurliðist í „stálgrind 112.765.782 krónur“ og „samlokueiningar 37.702.111 króna“. Einnig er tekið fram í ákvæðinu að tilboðsverð sé háð gengisbreytingum evru gagnvart íslenskri krónu hverju sinni.

Tilgreint er í 3. gr. samningsins að greiðslur skuli fara fram í þremur áföngum. Við undirritun skuli greiddar 37.616.973 krónur sem nemi 25% af samningsupphæðinni. Við afhendingu á vöru frá framleiðanda, sem sé áætluð 16 vikum eftir staðfestingu á pöntun, greiði stefnandi 50% af samningsupphæðinni, eða 75.233.947 krónur. Loks skuli greiða þau 25% af samningsupphæðinni sem eftir standi, eða 37.616.973 krónur, við afhendingu vöru úr vöruhúsi stefnda, sem áætlað sé að verði 18 vikum eftir staðfestingu á pöntun. Endanlegt verð sé þó háð stöðu gengis við komu stálsins til Íslands.

Í 4. gr. samningsins kemur fram að seljandi muni afhenda stálgrind og samlokueiningar 16-18 vikum eftir að borist hafi 25% innáborgun frá kaupanda til staðfestingar á pöntun. Þá kemur fram í 6. grein samningsins að stefnandi hafi afhent stefnda öll gögn sem þurfi til að hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á hinu seldi. Tekið er fram að minni háttar breytingar geti orðið á húsinu en „allar breytingar skuli vera frágengnar“. Þá segir að öll skjöl sem tengist tilboði og pöntun, sem og skjöl og

teikningar sem komi til varðandi breytingu á pöntun og annað sem tengist kaupunum, teljist hluti af samningnum.

Líkt og að framan greinir greiddi stefnandi 25% staðfestingargreiðslu til stefnda mánuði fyrir undirritun samningsins. Með tölvupósti til stefnda 3. maí 2018 óskaði stefnandi eftir upplýsingum um stöðu á hönnunarteikningum frá framleiðanda og tók fram að samkvæmt samningi aðila hefði stálhönnun átt að vera lokið mánuði eftir staðfestingargreiðslu, sem hafi verið greidd 28. mars 2018. Í svari stefnda þann sama dag kemur fram að stálframleiðandinn væri að vinna að lokafrágangi á hönnun og teikningar ættu því að berast til staðfestingar í vikunni á eftir. Stefnandi óskaði eftir raunhæfri dagsetningu á afhendingu efnis í húsið þar sem hann teldi ólíklegt að afhending yrði í byrjun júlí líkt og segði í samningi málsaðila. Stefndi kvaðst ekki geta svarað því fyrr en búið væri að samþykkja teikningarnar. Þennan sama dag óskaði stefnandi eftir því við framleiðanda að fá sent kraftaplan svo hönnun á undirstöðum hússins gæti hafist. Í tölvupósti stefnanda kemur fram að hann hafi talið kraftaplanið athugasemdvært en hann kom þeim athugasemdum á framfæri við stefnda 11. maí 2018. Stefnandi var aftur í samskiptum við stefnda 14. maí 2018 og óskaði eftir upplýsingum um það hvenær hönnun stálvirkis yrði lokið hjá stálframleiðanda og ítrekaði að kraftarnir samkvæmt planinu sem hann hefði fengið sent 3. maí 2018 væru undarlega háir.

Stefnandi hélt áfram að vinna í teikningum og sendi stálframleiðanda uppfærðar teikningar 21. maí 2018 þar sem kranaspor var hækkað, gólf í veiðarfærageymslu lækkað, gluggagötum og hurðum breytt, staðsetningu göngupalla í veiðarfærageymslu breytt ásamt öðrum breytingum á veiðarfærageymslu. Dagana 23. og 24. maí 2018 sendi stefnandi stálframleiðanda uppfærða grunnmynd þar sem hæð á fótplötum meginburðarramma var breytt úr +100 millimetrum í +300 millimetra, staðsetningu hurða á suðurstaftni verkfærageymslu var breytt ásamt hæð á kranabita í veiðarfærageymslu og stiga í veiðarfærageymslu. Þá voru gerðar breytingar á kranabitum og hlaupakattarbitum. Þann 5. júní 2018 gerði stefnandi breytingar þar sem gluggi á norðurstaftni hússins var tekinn út og breytingar gerðar á gluggum á austurhlið ásamt breytingu á staðsetningu svala á sömu hlið. Einnig var bætt við burðarbitum undir milligólf yfir kaffistofu. Þá var gerð breyting þann 3. júlí 2018 þar sem einni fótplötu var breytt.

Málsaðilar héldu hönnunarfund 20. júní 2018 meðal annars til að fara yfir stöðu á stálframleiðslu. Í fundargerðinni, sem stefndi hefur mótmælt sem rangri, er bókað af hálfu stefnanda að hann hafi ekki fengið hönnunarteikningar til staðfestingar frá stálframleiðandanum en lokahönnun stefnanda hafi verið send framleiðanda fjórum vikum áður. Einnig greindi stefnandi frá óánægju með að ekki væri hægt að fá „krafta í sökkla og boltastærðir“. Eftir stefnda er aftur á móti bókað að lokahönnun lægi ekki enn fyrir af hálfu stefnanda sem væri ástæða þess að hönnunargögn væru ekki tilbúin hjá

stálframleiðanda. Samkvæmt fundargerðinni kvaðst fulltrúi verkkaupa frá Mannviti, sem sat fundinn, vera ósammála því að lokahönnun þyrfti að liggja fyrir þar sem meginburðarvirkið væri fullhannað og því ætti framleiðandi að geta gefið þessar tölur án vandræða. Þá var bókað að stefndi ætlaði að hafa samband við framleiðanda og kalla eftir endanlegri hönnun frá þeim.

Málsaðilar áttu í áframhaldandi samskiptum um stöðuna í kjölfar fundarins. Þann 22. júní 2018 var fulltrúi verkkaupa frá Mannviti í skriflegum samskiptum við starfsmann stefnda. Í þeim samskiptum kemur fram að í símtali deginum áður hafi verið ákveðið að stefndi hefði samband við framleiðanda til að greina frá alvarleika málsins, tiltaka hvaða gögn vantaði og útskýra að vöntun á staðfestum boltaupplýsingum væri að valda stöðvun á verkstað. Þá hefði samþykkt verkáætlun frá framleiðandanum ekki enn borist stefnanda en stefndi hafi ætlað að senda hana deginum áður. Þá kemur fram í tölvupóstsamskiptum aðila þann 25. júní 2018 að stefndi hafi ætlað að taka að sér að smíða boltasett hér á landi til að flýta fyrir og senda upplýsingar um gatasetningu til framleiðanda.

Sama dag, 25. júní 2018, sendi stefndi stefnanda staðfestingu á því að staðfestingargreiðsla vegna pöntunar á stálgrindarhúsi hefði borist frá stefnanda 28 mars 2018, og að allar dagsetningar í samningi aðila varðandi afhendingu á stálgrind og samlokuklæðningu miðuðust við þann dag.

Aðilar funduðu aftur 28. júní 2018. Samkvæmt fundargerð var fundurinn haldinn vegna „alvarlegrar stöðu verksamnings“ aðila. Á meðal þess sem rætt var á fundinum var misræmi í verkáætlun samkvæmt samningi aðila frá 28. apríl 2018 og verkáætlun stálframleiðanda. Fulltrúi stefnanda bókaði að samkvæmt samningi aðila ættu allar dagsetningar að miðast við 28. mars 2018, þann dag sem stefnandi staðfesti pöntun sína með innborgun. Samkvæmt því bæri stefnda að afhenda stálið á Neskaupsstað í síðasta lagi 1. ágúst það sama ár, eða í viku 31. Verkáætlun framleiðanda gerði hins vegar ráð fyrir lokaafhendingu í Tallin í þeirri viku, eða á sama tíma og afhenda ætti efni á verkstað. Einnig væri misræmi milli samnings aðila og verkáætlunar framleiðanda hvað afhendingu á hönnunargögnum varðaði. Samningur aðila miðaði við afhendingu hönnunargagna fyrir 28. apríl 2018 en verkáætlun framleiðanda gerði ráð fyrir að þau yrðu afhent 14. maí það sama ár. Samkvæmt fundargerðinni höfðu hönnunargögn frá framleiðanda þá enn ekki verið afhent.

Í fundargerðinni er þess jafnframt getið að aðila greini á um ástæður ofangreindra tafa. Bókað er eftir stefnda að óvenjulegt væri að stefnandi hefði sjálfur verið í beinum samskiptum við stálframleiðandann. Tíðar breytingar af hálfu stefnanda hefðu haft áhrif á allt ferlið hjá stálframleiðandanum þar sem klára yrði allar breytingar áður en hönnunarteikningar yrðu sendar stefnanda til samþykkis en framleiðsla hæfist ekki fyrir en stefnandi hefði samþykkt endanleg hönnunargögn. Fram kemur að stefnandi hafi sagt breytingarnar smávægilegar og að þær hefðu ekki áhrif á aðalburðarvirkið. Þær ættu því

ekki að hafa áhrif á allt ferlið hjá framleiðanda. Í fundargerðinni kemur einnig fram að aðilar hafi rætt hvernig draga mætti úr töfum sem þegar væru orðnar á verkinu. Meðal annars hafi verið ákveðið að forgangsraða í framleiðslunni þannig að klæðning kæmi síðar og stálið kæmi í fleiri en einni sendingu. Í lok fundarins afhenti stefnandi stefnda bréf lögmanns þar sem áskilinn var allur réttur vegna tafanna, meðal annars til greiðslu skaðabóta.

Í kjölfar þessa fundar áttu málsaðilar í frekari tölvupóstsamskiptum um ástæður tafanna sem orðnar voru á verkinu og ítrekuðu sjónarmið sín þar um. Í tölvupósti frá stefnda 2. júlí 2018 greindi stefndi frá því að framleiðandi hefði staðfest að endanlegri hönnun yrði skilað til stefnanda fyrir vikulok og stefnandi hefði þá eina viku til að staðfesta og/eða ganga frá breytingum. Framleiðandi hefði tekið frá tíma í verksmiðju fyrir framleiðsluferlið, sem þó væri ekki hægt að hefja fyrr en stefnandi hefði staðfest hönnunarteikningar.

Stefnandi tók á móti hönnunargögnum frá framleiðanda 6. júlí 2018 og þann 9. júlí 2018 skilaði stefnandi breytingum sínum á hönnuninni til framleiðanda. Með breytingunum var aukið við burðargetu í hlaupakattarbita í gúmmibátageymslu sem þá hafði ekki verið hannaður. Þá var hæð á fjórum fótplötum í rammalínu 1 lækkuð um 0,45 metra sem fól í sér aukningu á stáli um hér um bil 100 kg. Þá var hurðargati og hæð á dyragati í módúllínu Q og dyragati við módúllínu 1 hliðrað. Að lokum var biti undir milligólf færður um 1,14 metra.

Stefndi sendi stefnanda tölvupóst 11. júlí 2018 vegna breytinganna og sagði að um algera hönnunarbreytingu á burðarvirki væri að ræða sem þýddi að allt yrði að reikna og hanna upp á nýtt. Stefndi greindi frá því að stálframleiðandinn væri orðinn verulega áhyggjufullur og kominn langt fram úr kostnaði við hönnunina. Þá væri ekki hægt að gera framleiðsluplan fyrir húsið fyrr en hönnun lægi fyrir. Stefnandi svaraði ofangreindum tölvupósti samdægurs og kvaðst þykja fullsterkt til orða tekið þar sem búið væri að afgreiða breytinguna og stefnandi væri enn innan þeirrar viku sem hann hefði til að samþykkja hönnun framleiðanda.

Hönnunargögn aðalburðarvirkis bárust frá framleiðanda 12. júlí 2018. Daginn eftir sendi stefnandi tölvupóst til stefnda og greindi frá því að búið væri að samþykkja hönnun á meginburðarvirki hússins og aðeins stæði eftir að klára stiga, göngupalla og grindur í veiðarfærageymslu. Þá óskaði stefnandi eftir upplýsingum um það hvenær stál í meginburðarvirki yrði afhent og hvenær mætti ætla að hönnun og framleiðslu annars stáls í bygginguna yrði lokið og það afhent. Stefnandi ítrekaði póstinn 23. júlí 2018 en svör bárust frá stefnda 25. júlí ásamt framleiðslu- og afhendingaráætlun frá stálframleiðandanum. Í svari stefnda eru ekki gefnar upplýsingar um afhendingu á öðru stáli en stáli í stálgrindina. Samkvæmt áætluninni var reiknað með að afhenda síðasta stálið í stálgrindina í Tallin í viku 35 en reikna mætti með 2-3 vikum í flutningstíma til

Íslands. Stálið mun að lokum hafa verið afhent í tveimur sendingum. Sú fyrri barst í vikunni 10.-16. september 2018, þ.e. viku 37, og sú seinni í vikunni 1.-7. október 2018, þ.e. viku 40. Samlokueiningarnar munu svo hafa borist til landsins í október og nóvember 2018.

Frá því í lok maí 2018 voru stefnandi og framleiðandi í reglulegum samskiptum vegna stáls í stiga, göngupalla og grindur í veiðarfærageymslu. Í stefnu er því haldið fram að hönnun á því stáli, svokölluðu „secondary stáli“ hafi byrjað 17. júlí 2018 en stefndi hefur byggt á því að þessi vinna hafi byrjað í janúar 2019. Stefnandi sendi stálframleiðandanum tölvupóst 3. ágúst 2018 til að kanna hvort vinna við stál í veiðarfærageymslu væri hafin. Í svari stálframleiðandans, sem stefndi fékk afrit af, kemur fram að stigar, göngupallar og stál í veiðarfærageymslu væru ekki innifalin í tilboði hans og hann hafi talið að annar birgir myndi útvega það. Í svarpósti til stálframleiðanda, sem stefndi fékk afrit af, tók stefnandi fram að stefndi hefði talað um að stálframleiðandinn myndi sjá um að framleiða allt stál í bygginguna, þar á meðal í stiga og veiðarfærageymslur. Eftir þessi samskiptu héldu stefnandi og stálframleiðandi áfram samtali um grindur í veiðarfærageymslu en gögn málsins bera ekki með sér að stefndi hafi svarað þessum athugasemdum stefnda.

Málsaðilar áttu svo í samskiptum um hið svokallaða „secondary stál“ 4. september 2018 þegar stefndi sendi stefnanda tilboð í „stiga, palla og snjógildru“. Í svarpósti sínum þann sama dag segir stefnandi: „Ertu viss um að þetta séu rétt verð. Stál í nótagrindur, stiga og palla (ekki hringstigann) áttu að vera innifaldar í magninu 268 tonn á verði ca. 315kr/kg en ca 395 kr./kg f. heitgalvanhúðað, sbr. upplýsingar frá þér 13. des. Mér sýnist verð á nótagrindur, stiga og palla vera um og yfir 1000kr/kg.“ Gögn málsins bera ekki með sér að stefndi hafi svarað þessum athugasemdum stefnda.

Nokkru síðar, þann 30. september 2018, gaf stefnandi út fyrsta reikning vegna verksins að fjárhæð 114.501.996 krónur vegna stáls í stálgrindina sem reyndist vera 294 tonn komin til landsins. Stefnandi gerði athugasemdir við reikninginn og kvað tonnafjölda ekki vera í samræmi við tilboðið. Stefndi tók fram að stálið yrði aðeins afhent gegn greiðslu en ágreining um magn mætti leysa í lokauppgjöri, sem færi ekki fram fyrr en kæmi að afhendingu samlokueininga. Svo fór að stefnandi greiddi reikninginn 5. október 2018.

Málsaðilar hittust á fundi 23. október 2018 til að ræða tilboð stefnda frá 13. desember 2017 og reikning dagsettan 30. september 2018. Samkvæmt fundarpunktum stefnanda, sem gengu á milli málsaðila í tölvupósti þann sama dag, gerði stefnandi athugasemdir við að endanlegt stálmagn í grind hússins væru 294 tonn þegar stefnandi hefði gengið til samninga við stefnda á grundvelli tilboðs sem gerði ráð fyrir 268 tonnum. Þá hefði stefnandi treyst upplýsingum frá stefnda um að inni í þeirri magntölu væri innifalið stál í netageymslur, stiga og göngupalla. Slíkt stál hefði ekki verið afhent og

auk þess hefðu verðin sem stefndi gaf í það stál í september 2018 verið rúmlega þrefalt hærri en það sem boðið hefði verið í desember 2017. Samkvæmt fundarpunktunum svaraði stefndi athugasemdum stefnanda á þann veg að tilboð hans hefði ekki verið sett fram sem fast verð heldur verð fyrir áætlaða magntölu og einingarverð fyrir einstaka liði smíðavinnu enda kæmi skýrt fram í samningi aðila að tilboð og samningur byggði á einingarverðum sem tæki breytingum miðað við afhent stálmagn. Þá greindi stefndi frá því að þegar starfsmaður hans hefði svarað því játandi að inni í magntölunni 268 tonn væri einnig stál í stiga, palla og grindur hefði einfaldlega verið átt við að slíkt stál væri verðlagt eins og stál í stálgrind ef um sambærilega vöru væri að ræða, það er smíði úr UNP-HEB eða IPE stálbitum. Þá væri ekki búið að klára teikningar af grindum í veiðarfærageymslu. Í fundarpunktunum kemur fram að aðilar voru sammála um að leita leiða til að leysa málið í sameiningu, meðal annars með því að kanna hvort hægt væri að fá verð í það stál sem upp á vantaði frá öðrum framleiðanda en þau verð gætu legið fyrir innan skamms tíma. Þá kemur fram að málsaðila greindi á um það hvort stefnandi hefði verið ofrukkaður um tæpar 10.000.000 króna fyrir svokölluð z-langbönd. Einnig kom fram að stefnandi taldi ofrukkun og eftirstöðvar fyrirframgreiðslu nema meirihluta greiðslu sem ætti eftir að greiða fyrir samlokuklæðningarnar sem væntanlegar voru til landsins.

Stefndi sendi stefnanda uppgjörlyfirlit 26. október 2018 vegna samlokueininga og stáls í aðalburðarvirkið, sem þá hafði verið afhent og greitt fyrir samkvæmt reikningnum frá 30. september 2018. Tekið var fram að enn vantaði uppgjör vegna grinda, palla og stiga. Þá kvaðst stefndi halda eftir 5.000.000 króna af fyrirframgreiðslunni þar til gengið yrði frá þeim hlutum sem eftir væru. Samkvæmt uppgjörinu nam reikningur fyrir stálgrind og z-langbönd af stærðinni 250x2 millimetrar, samtals 108.362.995 krónum og reikningur fyrir samlokueiningar 41.754.763 krónum.

Stefnandi gerði ekki athugasemdir við verð fyrir samlokueiningarnar en hafnaði uppgjöri fyrir stálgrind og z-langbönd. Stefnandi sendi stefnda sama dag yfirlit yfir uppgjör eins og það horfði við honum þar sem byggt var á því að stál í stálgrind ætti að vera 214 tonn miðað við tilboð stefnda frá því í desember 2017 og að z-langböndin væru af stærðinni 200x2 millimetrar og því á lægra einingarverði en þau sem stefndi tilgreindi í uppgjörlyfirliti sínu.

Stefndi sendi stefnanda tillögu að leiðréttu uppgjöri 29. október 2018 vegna z-langbanda en tók fram að um stálmagn færi samkvæmt samningi aðila sem kvæði á um að greitt skyldi á grundvelli einingarverðs. Leiðrétt uppgjör nam 105.504.062 krónum fyrir stálgrind og z-langbönd eða 8.997.934 krónum minna en stefnandi hafði greitt 5. október 2018 og skýrðist munurinn af greiðslu fyrir z-langbönd. Í tölvupósti til stefnda 30. október 2018 sagði stefnandi að málsaðilar væru ósammála um hvað væri réttmætt í reikningsgerð vegna afhendingar stálgrindar og klæðninga. Stefnandi tók fram að ef

reikningur yrði gerður upp á 28.352.585 krónur, samkvæmt yfirförnu verkstöðuyfirliti frá deginum áður, þá yrði sá reikningur greiddur með fyrirvara um endanlegt uppgjör vegna sammings aðila.

Málsaðilar hittust á fundi 21. nóvember 2018 til að ræða frekar ágreining um samning aðila, það er hvort um fastverðs- eða einingarverðssamning væri að ræða og hvað væri innifalið í tilboði stefnanda. Nokkrum dögum eftir fundinn sendi lögmaður stefnda stefnanda bréf sem er dagsett 26. nóvember 2018. Í bréfinu eru tekin saman helstu sjónarmið stefnda um samning aðila og tilboðið en til viðbótar við það sem þegar hefur komið fram segir stefndi í bréfinu að ekki hafi verið búið að hanna verkið að fullu þegar tilboðið hafi verið gert og stefnda hefði því verið ómögulegt að gera tilboð í það sem hafi verið óhannað á þeim tíma. Í bréfinu segir einnig að þar sem endanleg hönnun og forsendur sammingsins hafi ekki legið fyrir við tilboðsgerðina hafi stefnanda mátt vera ljóst, sem sérfróðum aðila, að allar upphæðir og efnismagn myndu taka breytingum á samningstímanum. Þá hefði stefnandi gert miklar breytingar á hönnun byggingarinnar eftir að samningur aðila komst á og verið í beinum samskiptum við framleiðanda, yfirfarið og samþykkt teikningar, og hefði því getað reiknað út þyngd þess stáls sem þyrfti í verkið. Þar sem stefnandi hefði valið þá leið að vera í beinum samskiptum við framleiðanda gæti stefndi ekki tekið ábyrgð á því hvernig málin hefðu svo þróast.

Í ódagsettu svarbréfi stefnanda greindi hann frá áðurnefndum sjónarmiðum sínum hvað varðar tilboðið og samning aðila. Þá segir stefnandi það vera rétt, að á þeim tíma sem tilboð var gert og samningur undirritaður hafi verkið ekki verið hannað að fullu. Hins vegar hafi verið búið að skilgreina stærð hússins, staðsetningu og fjölda stiga, forsendur fyrir brúarkrana og hlaupaketti og forskrift fyrir grindur í veiðarfærageymslur. Ekkert af þessu hefði breyst svo neinu næmi. Útboðsgögn hefðu einnig legið fyrir með lýsingum á öllu því sem stefnandi hafði óskað tilboðs í en ekki smíðateikningar þar sem þær væru unnar af framleiðandanum. Einnig kom fram að ekki væri gerður ágreiningur um að magntala kynni að breytast um nokkur tonn til eða frá vegna breytinga á endanlegri hönnun húss en þær breytingar sem hefðu verið gerðar á lokahönnun hússins útskýrðu ekki aukningu stálmagns um 28%. Yfirferð stefnanda á teikningum frá framleiðanda hafi fyrst og fremst snúið að því að gæta að samræmingu við aðaluppdrátt verkkaupa. Þá hefði sérfróður tengiliður stefnda í verkinu verið inni í öllum tölvupóstsamskiptum stefnanda við framleiðanda og hefði hann því hvenær sem er getað gripið inn í og gert athugasemdir hefði hann talið ástæðu til.

Í desember 2018 áttu málsaðilar í frekari tölvupóstsamskiptum vegna teikninga og framleiðslu „secondary stáls“. Í tölvupósti 17. desember 2018 segir stefnandi að það hafi komið fram í símtölum málsaðila að það stál sem enn vantaði í Netagerðina yrði komið í lok janúar. Í póstinum segir stefnandi að eigi svo að verða þurfi smíði að hefjast á næstu dögum og greinir frá því að hann hafi ekki fengið endanlegar

framleiðsluteikningar til yfirferðar. Í tölvupóstsamskiptum aðila 19. desember 2018 segist stefnandi ítrekað hafa óskað eftir upplýsingum á afhendingu stálsins þar sem honum beri að skila verki sínu til verkkaupa 1. mars 2019. Þá greindi stefnandi frá þeim skilningi sínum að umrætt stál hefði átt að afhenda í júlí 2018. Í svari stefnda kom fram að hann hefði ekki enn fengið staðfest hvort stálframleiðandinn gæti yfir höfuð framleitt umrætt stál og að verið væri að skoða aðra framleiðendur.

Í janúar 2019 voru málsaðilar og stálframleiðandi í samskiptum á ný vegna annars stáls í stálgrindarhúsið. Þann 23. janúar 2019 áttu stefndi og stálframleiðandi í samskiptum um það sem kallað hefur verið „secondary stálið“ en stefnanda voru send afrit af þeim samskiptum. Samskiptin hófust þannig að stálframleiðandi sendi teikningar af veiðarfærageymslu til stefnda, sem spurði þá hvort stálframleiðandinn gæti framleitt það sem út af stæði og brýn þörf væri á, það er stiga, palla og „wall“. Stálframleiðandi svaraði þeirri fyrirspurn stefnda á eftirfarandi hátt: „So, if You approve our drawings and our offer (see attachment) this week and we sign additional agreement for this project, then we can manage to produce everything till end of W13.2019.“ Stefnandi var viðtakandi afrits ofangreinds tölvupósts.

Gögn málsins bera ekki með sér að aðilar hafi svarað þessum athugasemdum stefnda, hvorki stefnandi né stefndi. En í kjölfarið var stálframleiðandi í samskiptum við aðila vegna hönnunar á „secondary stáli“. Stefnandi gerði ýmsar breytingar á hönnuninni frá lokum janúar 2019 til loka mars 2019. Þann 29. janúar 2019 voru súlur undir stigapalli færðar og 7. febrúar 2019 var flatjárn á miðjum netgrindum tekið út. Þann 26. febrúar 2019 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi grinda í veiðarfærageymslu. Þann 1. mars 2019 voru svo gerðar breytingar á yfir- og undirstykki í grindum þar sem grindum var lyft frá gólfi og fótur settur undir. Að lokum voru svo þann 28. mars 2019 gerðar níu breytingar á grindum. Lokahönnun vegna „secondary stálsins“ barst svo 11. apríl 2019 til stefnanda sem samþykkti hönnunina samdægurs.

Með tölvupósti til stefnda 24. apríl 2019 spurði stefnandi hvað liði afhendingu stálsins. Svör bárust svo frá framleiðandanum 2. maí 2019 en þá voru sagðar tilbúnar hönnunar- og framleiðsluteikningar fyrir grindur í veiðarfærageymslu en stál í stiga, palla og handrið var sagt tilbúið til flutnings. Stefnandi og stefndi áttu í frekari samskiptum 16. maí 2019 um væntanlega afhendingu stálsins, sem þá hafði ekki farið fram. Í samskiptunum kemur fram að stefndi hafi fengið upplýsingar frá stálframleiðandanum um að verið væri að undirbúa flutning á þeim hlutum sem voru tilbúnir en efni í grindur yrði smíðað í vikunni á eftir, þá fengjust upplýsingar um afhendingu og áætluð verklok.

Stefnandi ítrekaði fyrirspurn um afhendingartíma nokkrum sinnum. Þ.e. 24. apríl 2019 eins og áður sagði, 9. og 20. maí 2019 og 13. júní 2019, áður en þau svör bárust frá stefnda 18. júní 2019 að allar og stigar kæmu til landsins með Norrænu á næstu dögum og að reiknað væri með að grindur í veiðarfærageymslur yrðu tilbúnar hjá framleiðanda

um miðjan júlí. Stál í stiga milli hæða mun hafa komið til landsins í vikunni 17.-23. júní 2019.

Dagana 2.-4. júlí 2019 áttu málsaðilar í samskiptum um afhendingu á stáli í veiðarfærageymslu og samkvæmt tölvupósti frá stefnda til stefnanda 31. júlí 2019 lá fyrir að hluti stálsins væri á leiðinni til landsins. Meðfylgjandi tölvupóstinum var reikningsyfirlit vegna palla, stiga og grinda í netageymslu, dagsett 30. júlí 2019, og skrifar stefnandi að ganga yrði frá þeim reikningi svo ekki kæmi til tafa þegar stálið bærisk til landsins.

Fyrri hluti stáls í veiðarfærageymslu mun hafa verið afhent á verkstað í vikunni 12.-18. ágúst 2019.

Þann 19. ágúst 2019 sendi stefndi stefnanda samantekt yfir það efni sem afhent hafði verið ásamt fylgiskjali með reikningi sem dagsett er 29. október 2018. Í fylgiskjalinu kemur fram að söluupphæð efnisins nemi samtals 197.988.593 krónum, þar af nam verð vegna stáls í stálgrind 103.944.912 krónum, vegna samlokueininga 42.792.963 krónum og vegna stiga og palla, 51.250.718 krónum.

Stefnandi sendi stefnda tölvupóst 13. september 2019 varðandi uppgjör. Í póstinum vísar stefnandi til þess að samkomulag um uppgjörsfjárhæð hafi tekist með fulltrúum málsaðila í símtali nokkrum dögum áður. Það samkomulag hafi hljóðað þannig að samningur málsaðila yrði gerður upp á 197.000.0000 króna. Samið hefði verið um að stefndi myndi færa 3.000.000 króna inn á viðskiptareikning stefnanda sem inneign í verslun stefnda. Þar sem stefnandi hefði þegar greitt stefnanda 176.535.205 krónur vegna verkefnisins stæði eftir greiðsla upp á 17.464.795 krónur sem stefnandi sagði að yrðu greiddar inn á reikning stefnda síðar þann sama dag. Stefnandi bætti því við að hann vænti þess að stálið yrði afhent sér við fyrsta tækifæri og greiddi í kjölfarið framangreinda fjárhæð til stefnda 13. september 2019.

Lögmaður stefnda setti sig í samband við stefnanda síðar sama dag og kvað fyrirvarsmönnum stefnda ekki vera kunnugt samkomulag það sem stefnandi hafði vísaði til. Sú upphæð sem stefnandi hafi tilgreint í tölvupósti sínum væri ekki í samræmi við bókhald stefnda og stálið yrði ekki afhent gegn þeirri greiðslu sem hefði verið greidd fyrr um daginn. Stefnandi svaraði þeim tölvupósti á þann veg að samkomulagið hefði náðst við tengilið stefnanda hjá stefnda, sem flest samskipti vegna málsins hefðu farið í gegnum eins og kveðið væri á um í samningi aðila. Því ætti stefnandi erfitt með að taka alvarlega fullyrðingar stefnda um að fyrirvarsmönnum hans væri ekki kunnugt um áður nefnt uppgjörssamkomulag og krafðist afhendingar á stálinu.

Stefndi greindi stefnanda frá því í tölvupósti 17. september 2019 að hann hefði farið yfir málið í heild og þau gögn sem til væru, þar á meðal útgefna reikninga og yfirlit yfir greiðslur. Í tölvupóstinum sagði stefndi að samningur aðila frá 28. apríl 2018 næði eingöngu til stálgrindar og samlokueininga sem hefðu verið afhentar áður en aðilar

funduðu 21. nóvember 2018. Stefndi bætti því við að hann hefði greint stefnanda frá sjónarmiðum sínum um áður nefnt tilboð og samning aðila á þeim fundi. Í tölvupóstinum segir stefndi einnig að stefnandi hafi kosið að vera í beinum samskiptum við stálframleiðandann eftir fundinn og svo staðfest teikningar í apríl 2019 án aðkomu stefnda. Stefndi segir í póstinum að stefnanda hafi á þeim tíma mátt vera það fullljóst að pallar, stigar og grindur hefðu ekki verið inni í þeim verðum sem kæmu fram í kaupsamningi um stálgrindarhúsið enda um allt aðra vöru að ræða sem væri mun dýrari í framleiðslu. Tonnaverð fyrir efni í stálgrindarhús gæti ekki átt við um vöru af þessu tagi og það hefði stefnanda mátt vera ljóst. Þá kemur fram að stefndi hafi samþykkt að varan yrði seld á kostnaðarverði og reikningar hefðu verið gefnir út í samræmi við það. Eftir innborgun stefnanda 13. ágúst 2018 stæðu 39.976.437 krónur því eftir ógreiddar.

Í tölvupósti stefnda til stefnanda 19. september 2019 kvaðst hann hafa grandskoðað samskipti í málinu og hann teldi ljóst að stálframleiðandi hefði sent sérstakt tilboð með verðum vegna þess stáls nú væri til afgreiðslu. Með því að samþykkja allar teikningar í apríl 2019 hafi stefnandi að mati stefnda gengið að tilboðinu og samþykkt að framleiðsla á stálinu hæfist. Stefndi tók einnig fram að stefnanda hefði borið að upplýsa stefnda sérstaklega um það hafi hann ekki ætlað sér að greiða sérstaklega fyrir „secondary stálið“ á þeirri forsendu að það væri innifalið í samningi aðila frá 28. apríl 2018. Jafnframt hafnaði stefndi þeirri tillögu sem áður hafði borist frá stefnanda um að geymslugreiða fjárhæðina til þriðja manns gegn afhendingu stálsins og tók fram að efnið yrði ekki afhent nema gegn greiðslu inn á reikning stefnda. Þá kom fram í póstinum að stefndi hefði reynt að rekja skekkju sem stefnandi hafði getið um varðandi z-langböndin og kvaðst ekki hafa náð að glöggva sig á því en þann þátt yrði hægt að skoða betur í framhaldinu og leiðrétt ef um ranga útskrift af hálfu stefnda væri að ræða.

Stefnandi svaraði framangreindum tölvupósti 25. september 2019 og kvaðst ekki hafa samþykkt sérstakt tilboð vegna stálsins sem nú væri til afgreiðslu. Stefndi kvað samskipti sín við stálframleiðanda eingöngu felast í eftirliti með því að stálhönnun væri í samræmi við óskir verkkaupa. Þau samskipti hafi ekki snúist um verð. Þá ítrekaði stefnandi þá afstöðu sína að verð og magntala í tilboði stefnda og samningi málsaðila hafi einnig tekið til svokallaðs „secondary stáls“. Í póstinum rekur stefnandi að til að ljúka málinu hafi hann fallist á að leggja til grundvallar skilning stefnda á tilboðinu frá 13. desember 2017, þ.e. að greitt yrði fyrir allt stál á boðnum einingarverðum og líta fram hjá því að stefndi hafi boðið 268 tonn í allt verkið. Munnlegt samkomulag hafi svo náðst við stefnda um uppgjör sem fyrirvarmenn stefnda virtust kjósa að hafna. Stefndi ítrekaði að lokum vilja sinn til að ljúka málinu á grundvelli þeirrar uppgjörsgreiðslu sem hið munnlega samkomulag hefði komist á um.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda bréf 30. september 2019 þar sem sjónarmið stefnanda voru reifuð og krafðist afhendingar efnisins sem eftir væri. Bréfinu svaraði

lögmaður stefnda þann 1. október 2017 á þann veg að efnið yrði ekki afhent nema gegn greiðslu, sem stefnanda væri heimilt að setja fyrirvara við.

Stefnandi greiddi uppgjörsgreiðslu að fjárhæð 39.720.424 krónur þann 4. október 2019 með ýtrasta fyrirvara um endurkröfurétt og/eða bótarétt á hendur stefnda. Þann sama dag áttu lögmenn aðila í samskiptum um afhendingu efnisins, sem skyldi afhenda um leið og greiðsla bærisk. Efnið mun að lokum hafa verið afhent á Neskaupsstað dagana 7. og 8. október 2019.

Stefnandi sendi stefnda kröfubréf 18. maí 2020 um skaðabætur vegna tafa á afhendingu stáls og galla. Því bréfi var svarað af stefnda þann 8. júní 2020 og skaðabótaskyldu hafnað. Stefnandi höfðaði svo mál þetta með stefnu birtri 25. júní 2020.

## II

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína um viðurkenningu á skaðabótaskyldu á því að afhendingardráttur og galli á stáli í stálgrindarhús hafi valdið sér fjártjóni sem stefndi beri ábyrgð á.

Samkvæmt kaupsamningi aðila 28. apríl 2018 hafi stefnda borið að afhenda allt stál og klæðningar í stálgrindarhúsið 16–18 vikum eftir að innborgun á verkið bærisk frá stefnanda. Stefnandi byggir á því að þar sem slík greiðsla hafi borisk frá stefnanda 28. mars 2018 beri að miða allar dagsetningar í kaupsamningi aðila við þann dag. Í samræmi við það hafi hönnunargögn frá stálframleiðanda átt að liggja fyrir við undirritun samningsins og stefnda borið að afhenda allt efni í húsið í einu lagi á tímabilinu 18. júlí til 1. ágúst 2018. Samkvæmt verkáætlun frá stálframleiðanda hafi hönnunargögn þó ekki átt að berast fyrr en 14. maí 2018 og telur stefnandi því ljóst að stefndi hafi strax á upphafsstigum verkefnisins verið orðinn á eftir áætlun.

Stefnandi kveður miklar tafir hafa orðið á afhendingu hönnunargagna frá stálframleiðandanum sem hafi óhjákvæmilega haft í för með sér tafir á afhendingu stálsins. Þannig hafi hönnunargögn vegna aðalburðarvirkis borisk frá stálframleiðanda 12. júlí 2018, hönnunargögn vegna stiga milli hæða hafi borisk 19. júlí 2018, hönnunargögn vegna grinda hafi borisk 23. janúar 2019, hönnunargögn vegna handriða á svalir, palla utan á húsi og handriða innanhúss hafi borisk 18. febrúar 2019 og hönnunargögn vegna göngupalla inni í veiðarfærageymslu hafi borisk 21. febrúar 2019. Þá hafi lokahönnun allra hönnunargagna vegna „secondary stáls“ ekki borisk frá stálframleiðanda fyrr en 11. apríl 2019.

Stefnandi kveður stál hafi verið afhent í nokkrum sendingum. Fyrri sending stáls í aðalburðarvirkið hafi borisk í vikunni 10.-16. september 2018 (viku 37) og sú seinni í vikunni 1.-7. október 2018 (viku 40). Klæðning hafi komið í tveimur sendingum á tímabilinu 22. október til 4. nóvember 2018 (vikum 43 og 44). Stál í stiga milli hæða hafi

borist í vikunni 17.-23. júní 2019 (viku 25) og fyrri hluti stáls í veiðarfærageymslu í vikunni 12.-18. ágúst 2019 (viku 33). Síðasta sending stáls, sem hafi haft að geyma það stál sem upp á vantaði í veiðarfærageymslu, hafi svo ekki borist á verkstað fyrr en dagana 7. og 8. október 2019. Fyrsta sending stáls hafi þannig borist 6-8 vikum á eftir áætlun og síðasta sendingin 62-64 vikum á eftir áætlun og hönnunargögn borist um tveimur og hálfum mánuði og upp í ári á eftir áætlun.

Stefnandi kveður framangreindar tafir á afhendingu stáls hafa haft bein áhrif á verkið og valdið sér tjóni þar sem hann hafi ekki getað klárað að reisa bygginguna eða lokið við veiðarfærageymsluna fyrr en allt stál hafi verið afhent. Öryggisúttekt stefnanda fyrir verkkaupann hafi ekki farið fram fyrr en 27. desember 2019 eða næstum tíu mánuðum eftir áætluð verklok samkvæmt verksamningi.

Tjón sitt vegna afhendingardráttarins kveður stefnandi meðal annars vera fólgið í því að hann hafi þurft að halda úti verkstað tíu mánuðum lengur en gert hafði verið ráð fyrir í verksamningnum við verkkaupa. Því hafi fylgt veruleg kostnaðaraukning vegna aðstöðu á verkstað og starfsmanna, svo sem vegna leigu, rafmagns, tækja og tóla. Ítrekuð bið eftir stáli hafi að auki leitt til óskilvirkni á verkstað þar sem ekki hafi verið hægt að vinna verkið í samræmi við verkáætlun eða í rökréttri samfellu. Verkið hafi orðið að taka mið af því stáli sem til hafi verið hverju sinni og starfsmenn því oft verið verkefnalausir eða verkefnalitlir á fullum launum. Jafnframt hafi verkáætlun verkkaupa gert ráð fyrir uppsetningu klæðningar á tímabilinu 21. ágúst 2018 til 29. október 2018 en sá hluti verksins hafi dregist lengra inn í veturinn en upphaflega hafi staðið til þar sem klæðning hafi ekki borist á verkstað fyrr en í lok október og byrjun nóvember. Vetraraðstæður á borð á við úrkomu, kulda, vind og myrkur hafi haft neikvæð áhrif á framvindu verksins og afköst. Undirverktaki stefnanda hafi fengið aukagreiðslur vegna þessa. Einnig hafi þurft að fara í endurþéttingu á útveggjum vegna kaldara veðurfars sem stefnandi hafi greitt aukalega fyrir. Þá hafi stjórnunarkostnaður stefnanda aukist til muna þar sem mikill tími hafi farið í samskipti við stefnda og stálframleiðanda, eftirrekstur, fundarsetu og athuganir vegna tafanna. Um mun meiri tíma sé að ræða en stefnandi telji sig hafa getað búist við en hann hafi greitt Verkís hf. vegna þessa.

Stefnandi kveður stefnda bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann hafi orðið fyrir vegna afhendingardráttarins og byggir meðal annars á ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Stefnandi byggir á því að um samning aðila frá 28. apríl 2018 gildi ofangreind lög um lausafjárkaup. Í 1. gr. samningsins sé sérstaklega tekið fram að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á því að hið selda sé í samræmi við samþykkt tilboð og endanlegar samþykktar teikningar og að stefndi beri einnig ábyrgð á tjóni sem tafir á afhendingu kunni að valda stefnanda, allt í samræmi við lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að stálið hafi ekki verið afhent í skilningi laganna fyrr en það hafi verið afhent á verkstað og stefnandi veitt því viðtöku, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þar sem stálið hafi verið afhent of seint geti stefnandi beitt fyrir sig vanefndarúrræðum enda verði tafirnar ekki raktar til hans, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Stefnandi geti því krafist skaðabóta úr hendi stefnda á grundvelli 27. gr. framangreindra laga og það breyti engu um þótt afhendingardrátt megi rekja til stálframleiðanda, enda beri stefndi ábyrgð á vinnu framleiðandans gagnvart stefnanda, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Þá hafi stefndi ekki aðeins verið milliliður á milli stefnanda og stálframleiðanda eða aðeins séð um að flytja stálið til landsins fyrir stefnanda. Samningssamband hafi verið á milli stefnda og stefnanda annars vegar en stefnda og stálframleiðanda hins vegar. Stefndi hafi aldrei verið í samningssambandi við stálframleiðandann.

Stefnandi kveður skaðabótaábyrgð samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup vera stjórnunarábyrgð. Um sé að ræða hlutlæga bótareglu þar sem ekki sé krafist sakar. Því beri stefndi ábyrði á efnudum samningsins nema því aðeins að einhver þeirra hindrana sem komi fram í 2. málslið 1. mgr. 27. gr. laganna eigi við. Samkvæmt ákvæðinu þurfi fjórum mismunandi skilyrðum að vera fullnægt svo stefndi losni undan skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rekja megi til afhendingardráttarins. Í fyrsta lagi þurfi að hafa verið fyrir hendi hindrun sem hafi valdið afhendingardrætti og staðið í vegi fyrir umsömdum efnudum. Í öðru lagi þurfi hindrunin að hafa verið þess eðlis að stefndi hafi ekki fengið við hana ráðið. Í þriðja lagi þurfi hindrunin að hafa verið þess eðlis að ekki hafi með sanngirni verið hægt að ætlast til þess að stefndi hefði haft hana í huga við samningsgerðina. Í fjórða lagi sé það skilyrði að ekki hafi með sanngirni verið unnt að ætlast til þess að stefndi hafi getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar. Skilyrðin séu tæmandi talin og þau þurfi öll að vera uppfyllt. Stefnandi byggir á því að ekkert framangreindra skilyrða eigi við í máli þessu, hvorki um stefnda né stálframleiðanda og að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að fyrir hendi séu skilyrði sem leysi hann undan bótaábyrgð samkvæmt framansögðu.

Stefnandi byggir einnig á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli almennu sakarreglunnar vegna brota á trúnaðar- og tillitsskyldu gagnvart stefnanda. Stefnandi kveður stefnda hafi brotið gróflega gegn þeim skyldum sínum með því að afhenda ekki hönnunargögn og stál á umsömdum tíma, upplýsa stefnanda ekki um tafir og halda svo stálinu eftir með ólögmætum hætti og þvinga þannig fram óréttmæta greiðslu úr hendi stefnanda þegar stál hafi loksins borist til landsins. Vanefnd eða brot á tillitsskyldu leiði til skaðabótaskyldu, enda verði að telja slíka vanefnd byggja á sök.

Á því er byggt af hálfu stefnanda að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmum og ólögmætum hætti og skuli því bæta það tjón sem telja megi sennilega afleiðingu af háttseminni samkvæmt skilyrðum sakarreglunnar. Stefnandi kveður ljóst að

vanefnd stefnda á samningnum verði að teljast saknæm enda hafi háttsemi stefnda verið á mælisverð eða hann hafi í öllu falli ekki gætt þeirrar varkárni sem ætlast hafi mátt af honum. Þá hafi háttsemi stefnda einnig verið ólögmæt enda eigi engin hinna hlutrænu ábyrgðarleysisástæðna við í málinu. Loks hafi stefnda mátt vera það ljóst að afhendingardráttur á stálinu myndi óhjákvæmilega valda stefnanda tjóni, sem sé ótvírætt sennileg afleiðing af saknæmri og ólögmætri háttsemi stefnda. Öll skilyrði sakarreglunnar séu því uppfyllt í málinu.

Stefnandi byggir á því að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að afhendingardrátt sé ekki að rekja til hans, bæði samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og almennum reglum um skaðabætur vegna afhendingardráttar.

Stefndi hafi haldið því fram að tafirnar megi annars vegar rekja til samskipta stefnanda og stálframleiðanda og hins vegar til breytinga stefnanda á hönnun eða þess að hönnun hafi ekki verið tilbúin af hálfu stefnanda sem hafi stöðvað vinnu stálframleiðandans. Stefnandi bendir á að sérstaklega sé tekið fram í 6. gr. kaupsamningsins að stefndi hafi þegar fengið afhent frá stefnanda öll gögn sem nauðsynleg séu til að hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á stáli. Fullnægjandi hönnun hafi því legið fyrir við upphaf samningstímans og því rangt að hönnun hafi ekki verið tilbúin af hálfu stefnanda. Hönnunarferlið hafi verið þannig að grunnhönnun hússins hafi komið frá Verkís hf. fyrir hönd stefnanda og sú hönnun hafi að meginstefnu legið fyrir við gerð kaupsamningsins. Stálframleiðandi hafi svo gert eigin teikningar eða hönnunargögn út frá þeim teikningum sem Verkís hf. hafi svo farið yfir og samþykkt. Það hafi verið hönnun sem sneri að stálframleiðanda sem ekki skilaði sér á réttum tíma líkt og sjáist glögglega á samskiptum aðila. Þegar framleiðsluteikningar hafi svo borist frá stálframleiðandanum hafi stefnandi ávallt samþykkt þær vel innan þeirra sjö daga sem kveðið hafi verið á um í samningi aðila.

Stefnandi kveður skaðabæturnar eiga að svara til alls þess tjóns sem hann hafi beðið vegna afhendingardráttarins, þar á meðal vegna útgjalda og tapaðs hagnaðar, sbr. 67. gr. nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en í ákvæðinu sé ekki um tæmandi talningu að ræða. Stefnandi telur ljóst að meginregla laganna sé sú að allt tap og útgjöld sem rakin verði til vanefnda skuli bæta að fullu þannig að sá sem verði fyrir vanefndunum verði eins settur í fjárhagslegu tilliti og ef gagnaðili hans hefði réttilega efnt samninginn. Þannig beri að bæta allt tjón, nema um sé að ræða óbeint tjón sem sé tæmandi talið í 2. mgr. 67. gr. sömu laga, en tjón stefnanda teljist ekki til óbeins tjóns í skilningi ákvæðisins. Stefnandi beri því hlutlæga skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna afhendingardráttar á stáli og beri því að bæta stefnanda allt það tjón.

Þá byggir stefnandi á því að hann eigi einnig rétt á skaðabótum úr hendi stefnda vegna galla á hinu afhenta stáli. Gallinn felist í því að afhent hafi verið mun meira stál en um hafi verið samið. Samkvæmt tilboði stefnda og samningi aðila hafi stefnda borið

að afhenda 268 tonn af stáli í heildina en stál í aðalburðarvirkið eitt hafi reynst vera 294 tonn. Þá hafi átt eftir að afhenda klæðningar og allt „secondary stál“. Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir kostnaði vegna þessa þar sem hann hafi þurft að greiða aukagreiðslu til undirverktaka fyrir uppsetningu á mun meira stáli en um hafði verið samið. Þá hafi hann þurft að greiða fyrir umframtonnafjölda í aðalburðarvirkið á grundvelli einingarverða samningsins, þrátt fyrir að aukning á stálmagni yrði aðeins að litlu leyti rakin til breytinga verkkaupa á verkinu og sé að mestu leyti óútskýrð.

Stefnandi byggir á því að aukið stálmagn, umfram það sem hafi þurft í verkið og hann hafi ekki beðið um, feli í sér galla í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og kveðst einkum vísa til IV. kafla laganna. Stefnandi kveðst hafa tilkynnt stefnda um gallann um leið og hann hafi orðið gallans var. Hann eigi því rétt á skaðabótum vegna þess tjóns sem rekja megi til gallans samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Samkvæmt 40. gr. framangreindra laga um lausafjárkaup gildi sömu reglur um skaðabætur vegna galla og um skaðabætur vegna afhendingardráttar. Það standi því stefnda nær að sanna að ekki hafi verið um galla að ræða eða að gallann megi ekki rekja til hans. Takist stefnda ekki sú sönnun beri hann hlutlæga bótaábyrgð vegna gallans. Þá telur stefnandi að gallann megi rekja til mistaka af hálfu stefnda sem beri því einnig ábyrgð á gallanum á grundvelli sakarreglunnar, en öll skilyrði hennar séu uppfyllt. Stefnandi eigi því rétt á skaðabótum fyrir allt tjón sitt vegna gallans, það er að segja efnabótum, sem geri hann eins settan og ef samningurinn hefði verið rétt efnður.

Um heimild til höfðunar viðurkenningarmáls vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hafi í dómum Hæstaréttar verið skýrður svo, að sá sem höfði mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Stefnandi byggir á því að á meðan erfitt geti verið að færa sönnur á tiltekna tölulega fjárhæð hvað tjón hans varði hafi hann sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni, í hverju tjón hans felist og að tjónið megi rekja til vanefnda stefnda á samningi aðila.

Kröfu sína um greiðslu úr hendi stefnda byggir stefnandi á því að hann hafi greitt umfram skyldu fyrir stál samkvæmt kaupsamningi aðila frá 28. apríl 2014 þar sem „secondary stál“ hafi verið innifalið í tilboði stefnda frá 13. nóvember 2017.

Stefnandi kveður samning aðila byggja á framangreindu tilboði sem hafi hljóðað upp á 150.467.894 krónur með virðisaukaskatti fyrir 268 tonn af stáli. Tilboð stefnda hafi verið sett upp sem fast verð fyrir tiltekið magn af stáli á grundvelli einingarverða sem gætu hækkað eða lækkað heildarverð samningsins til samræmis við breytingar gerðar á

hönnun eftir tilboðsgerð. Samningur aðila sé því ekki einingarverðssamningur, líkt og stefndi hafi haldið fram, heldur fastverðssamningur.

Stefnandi telur að tilboð stefnda hafi falið í sér allt stál sem hafi þurft í bygginguna samkvæmt verksamningnum, þar með talið svokallað „secondary stál“ í stiga, palla, grindur og veiðarfærageymslu. Stefnandi byggir þann skilning á því að hann hafi sérstaklega óskað eftir því með tölvupósti 13. nóvember 2017 að auk stálgrindar og klæðninga yrði meðal annars gefið verð í grindur í netageymslu, stiga upp á 2. hæð, göngubrú yfir netageymslu og hringstiga. Tölvupóstinum hafi einnig fylgt skjal með forsendum tilboðsgerðarinnar og teikningar af stálgrindarhúsinu úr útboðsgögnum en í þessum skjölum hafi verið getið um stálgrind, klæðningar, og þá hluti sem síðar hafi verið framleiddir úr „secondary stálinu“. Þó svo að hönnun á veiðarfærageymslu hafi ekki verið lokið kveður stefnandi greinargóða og nákvæma lýsingu á því stáli hafa verið í verklýsingunni. Stefnandi kveðst hafa falið stefnda að meta hversu mikið stál þyrfti í verkið út frá óskum sínum og fyrirbyggjandi gögnum og gera svo tilboð í samræmi við það. Engir fyrirvarar hafi verið gerðir við tilboð stefnda aðrir en þeir að stefndi gæti ekki séð um uppsetningu á húsinu. Þegar stefnandi hafi leitað nánari skýringa á því hvort magntalan 268 tonn fæli í sér magn í grindur, stiga og palla í netageymslu hafi stefndi svarað því játandi.

Þegar stál í aðalburðarvirkið hafi verið afhent í september og október 2018 hafi það reynst vera 294 tonn en ekkert stál í stiga, göngupalla og grindur í veiðarfærageymslu hafi komið með þeirri sendingu. Á þeim tímapunkti hafi stefnandi fyrst farið að bera það fyrir sig að slíkt stál væri ekki innifalið í tilboðinu og að stefnandi yrði að greiða aukalega fyrir það. Sú afstaða stefnda hafi fyrst komið fram í tölvupósti 4. september 2018 þegar stefndi sendi stefnanda tilboð í það stál. Stefnandi kveðst hafa mótmælt þeim skilningi samdægurs og vísað til tilboðs stefnda og samskipta aðila í kringum tilboðsgerðina. Stefnandi kveðst hafa fundað með stefnda um þetta 23. október 2018 en í fundarpunktunum sem hafi gengið á milli aðila eftir fundinn hafi stefndi fyrst haldið því fram að þegar hann hafi staðfest að magntalan 268 tonn af stáli fæli einnig í sér magn af stáli í stiga, göngupalla og grindur, hafi verið átt við að það stál yrði verðlagt eins og stálgrind fyrir hvert tonn, ef um væri að ræða sambærilega vöru úr UNP-HEB eða IPE stálbitum. Stefnandi kveður þessa afstöðu stefnda ekki standast og telur ljóst að umrætt stál hafi verið innifalið í tilboði stefnda frá 13. desember 2017 í samræmi við upplýsingagjöf stefnda sjálfs.

Stefnandi kveður samskipti aðila framan af á samningstímanum einnig hafa bent til þess að umrætt stál væri innifalið í tilboði stefnda. Því til stuðnings vísar stefnandi í tölvupóstsamskipti milli aðila frá 12. júlí 2018 og tölvupóstsamskipti fulltrúa verkkaupans við stefnda 22. júní 2018. Í þessum samskiptum hafi af hálfu stefnanda verið bent á að inn á teikningar og hönnunargögn frá stálframleiðanda vantaði ennþá stál í

stiga, palla, grindur og fleira. Engin mótmæli hafi borist frá stefnda vegna þessa eða fyrirvarar þess efnis að það stál væri ekki innifalið í samningnum.

Stefnandi byggir á því að ávallt skuli leitast við að skýra samninga eftir orðanna hljóðan. Þau gögn sem hafi legið fyrir við tilboðsgerðina, samskipti aðila og tilboð stefnda beri það eindregið með sér að umrætt stál hafi verið innifalið í föstu verði tilboðsins. Hafi það verið ætlun stefnda að undanskilja umrætt stál frá tilboði sínu þá séu framsetning tilboðsins og viðbrögð stefnda við fyrirspurn stefnanda í kjölfarið verulega villandi og þann óskýrleika beri að skýra stefnda í óhag. Stefndi sé þar að auki fagaðili sem eigi að vera sérfræðingur í að gera tilboð á borð við þetta og samningur aðila byggir á sammingsdrögum frá stefnda.

Stefnandi bendir á að traustkenningin sé sú túlkunaraðferð sem almennt beri að leggja til grundvallar í íslenskum samningarétti. Reglan feli það í sér að leiða þurfi í ljós þær hugmyndir eða traust sem samningurinn hafi með sanngirni vakið hjá stefnanda. Stefnandi byggir á því að augljóst hafi verið að hann hafi viljað fá tilboð stefnda í allt stál í verkið og hann hafi mátt treysta því að tilboð stefnda fæli í sér allt það stál sem óskað hafi verið eftir tilboði í, nema annað hefði verið sérstaklega tekið fram. Stefnandi kveðst einnig hafa leitað tilboða frá tveimur öðrum aðilum en magntölur og verð í þeim tilboðum hafi að mati stefnanda bent til þess að í tilboði stefnda væri allt stál sem þyrfti í húsið.

Stefnandi kveður það rangt sem stefndi haldi fram, að stefnandi hafi samþykkt í verki að umrætt stál væri ekki innifalið í tilboði 13. desember 2017 og að það hafi verið á öðrum verðum. Stefnandi bendir á að stefndi og stálframleiðandi hafi átt í tölvupóstssamskiptum sín á milli þann 23. janúar 2019. Stefnandi kveðst hafa verið inni í þeim samskiptum því hann hafi verið móttakandi afrita þeirra tölvupósta. Í þeim samskiptum hafi stálframleiðandi spurt stefnda hvort hann samþykkti ný verð í stálið. Stefnandi kveðst ekki hafa séð neina ástæðu til að svara þeim pósti þar sem samskipti stefnda og stálframleiðanda um verð sín á milli væru sér óviðkomandi, enda hafi hann bara verið sammingsbundinn stefnda en ekki stálframleiðandanum. Auk þess hafi samningur stefnanda og stefnda bygggt á föstu verði. Þegar lokahönnun hafi borist frá stálframleiðandanum vegna „secondary stáls“ með tölvupósti í apríl 2019 hafi stefnandi svarað þeim tölvupósti og staðfest framleiðsluteikningarnar eins og samningur aðila hafi gert ráð fyrir að hann gerði. Stefndi hafi haldið því fram að með því að samþykkja teikningarnar og setja framleiðslu „secondary stálsins“ af stað hafi stefnandi um leið samþykkt ný verð vegna þess stáls. Stefnandi kveðst hafna þeirri röksemdafærslu stefnda þar sem hann hafi aðeins verið að sinna hlutverki sínu sem hafi falist í því að tryggja að teikningar frá stálframleiðanda væru í samræmi við óskir verkkaupans. Stefnandi kveðst ávallt hafa haldið til streitu mótmælum sínum gegn framangreindum skilningi stefnda.

Stefnandi greinir frá því að greiðslur hafi farið þannig fram að hann hafi fyrst greitt 28.212.729 krónur sem innborgun 28. mars 2018. Fyrsti reikningurinn hafi svo verið gefinn út 30. september 2018. Reikningurinn hafi verið vegna alls stáls í burðarvirkið og numið 114.501.996 krónum. Stefnandi kveðst strax hafa gert athugasemd við reikninginn og bent á að tonnafjöldi væri töluvert meiri en miðað hafi verið við í samningi málsaðila. Þar sem stefndi hafi neitað að veita stefnanda frest til að taka afstöðu til reikningsins og neitað að afhenda stálið nema gegn greiðslu hafi stefnandi greitt reikninginn með fyrirvara um endanlegt uppgjör. Þann 5. október 2018 hafi stefnandi því greitt 86.289.267 krónur til stefnda, en að innborguninni meðtalinni hafi stefnandi þá greitt 114.501.996 krónur til stefnda fyrir stál. Þá kveðst stefnandi hafa ítrekað þá afstöðu sína að reikningurinn væri rangur á fundi málsaðila 23. október 2018.

Þann 26. október 2018 hafi stefndi sent stefnanda uppgjörsyfirlit fyrir það stál sem þá hafi verið búið að afhenda og greiða fyrir samkvæmt reikningi 30. september 2018. Það uppgjör hafi miðað við að greiðsla vegna stálgrindar og z-langbanda skyldi vera 108.362.995 krónur fyrir 309,79 tonn af stáli. Á yfirlitinu hafi einnig verið samantekt fyrir samlokueiningar þar sem miðað var við að uppgjör vegna þeirra næmi 41.754.762 krónum. Stefnandi kveður engan ágreining vera um þann hluta uppgjörins sem snúi að samlokueiningum. Í tölvupóstinum hafi einnig verið tekið fram að eftir væri að ganga frá uppgjöri vegna steinullareiningum og vegggrindum ásamt pöllum og stigum. Stefnandi kveðst hafa hafnað framangreindu yfirliti samdægurs og stillt uppgjörinu upp eins og það hafi horft við honum. Það uppgjör hafi miðað við að greiða skyldi 77.7779.723 krónur vegna stálsins sem hafi verið búið að afhenda. Sú uppgjörstala hafi tekið mið af tilboði stefnda og byggt á því að stálmagn í stálgrindina væri um 214 tonn ef allt stál í bygginguna, þar með talið „secondary stál“, væri 268 tonn. Samkvæmt því hafi stefnandi áætlað að „secondary stál“ næmi 54 tonnum.

Stefnandi kveður muninn á uppgjörsyfirlitunum aðallega hafa falist í því hvort „secondary stál“ væri innifalið í samningnum eða ekki. Þó hafi einnig verið bent á að rangt einingarverð væri skráð fyrir z-langbönd í stálgrindina en með framangreindum reikningi frá 30. september 2018 hafi verið innheimt og greitt fyrir 250x2,5 millimetra langbönd í stað 200x2 millimetra. Þá hafi verið vísað til þess í yfirliti stefnanda að tonnafjöldi væri rangur þar sem bæði hafi verið innheimt fyrir kíló af stáli í z-langböndum og fyrir lengdarmetra af sömu z-langböndum.

Stefndi hafi sent stefnanda leiðrétta tillögu að uppgjöri nokkrum dögum síðar, 29. október 2018, þar sem búið hafi verið að leiðrétta það sem sneri að z-langböndunum og þau tekin út úr tonnafjölda og einingarverð lækkað úr 3.323 krónum í 2.152 krónur. Magntala stáls hafi þannig lækkað úr 309,79 tonnum í 294,58 tonn og uppgjör miðað við að greiddar yrðu 105.504.062 krónur fyrir stálgrind og z-langbönd eða 8.997.934 krónum minna en stefnandi hafi greitt 5. október 2018. Stefnandi kveður þann mun eingöngu

skýrast af framangreindri leiðréttingu vegna z-langbanda. Stefndi hafi hins vegar neitað að gera frekari breytingar á yfirlitinu og ítrekað þá afstöðu sína að greiða bæri aukalega fyrir „secondary stál“ samkvæmt einingarverðum samningsins. Stefnandi kveðst hafa hafnað framangreindum skilningi stefnda og látið stefnda vita að ef gerður yrði reikningur í samræmi við framangreint þá yrði sá reikningur aðeins greiddur með fyrirvara um endanlegt uppgjör vegna samnings aðila.

Í september 2019 hafi stefnandi því verið búinn að greiða 114.501.996 krónur fyrir stál í aðalburðarvirkið, þ.e. stálgrind og z-langbönd, 41.754.762 krónur fyrir samlokuklæðningar og 15.278.447 krónur fyrir steinullareiningar í milliveggi, eða samtals 171.535.205 krónur. Stefnandi telur sig því hafa ofgreitt fyrir verkið enda hafi tilboð stefnda miðað við að allt stál í verkið myndi kosta 150.467.894 krónur. Þrátt fyrir það hafi stefndi neitað að afhenda „secondary stálið“ nema fá sérstaklega greitt fyrir það.

Til að takmarka tjón sitt hafi stefnandi á þeim tímapunkti verið tilbúinn til að leita sátta í málinu. Stefnandi kveður samkomulag hafa tekist símleidis með fulltrúa stefnanda og þeim starfsmanni stefnda sem hafi verið tengiliður vegna verkefnisins samkvæmt samningi aðila og ávallt komið fram fyrir hönd stefnda. Í grunninn hafi umrætt samkomulag miðað við að greitt yrði aukalega fyrir stál í veiðarfærageymslu á grundvelli sömu einingarverða og kæmu fram í samningi aðila og hljóðað upp á að samningurinn yrði gerður upp á 197.000.000 króna þannig að stefnandi greiddi 17.464.795 krónur til viðbótar, sem stefnandi kveðst hafa gert 12. september 2019.

Daginn eftir hafi fyrirsvarsmenn stefnda hins vegar ekki viljað kannast við slíkt samkomulag og borið því við að umræddur starfsmaður hafi á þeim tíma verið kominn í veikindaleyfi og því ekki haft umboð til að semja svo fyrir hönd stefnda. Þrátt fyrir andmæli sín og ítrekaðar sáttatilaunir kveður stefnandi stefnda hafa haldið fast við kröfu sína um viðbótargreiðslu fyrir „secondary stálið“. Stefnandi kveðst hafa verið kominn í verulega slæma stöðu vegna sífelldra tafa af hálfu stefnda og því neyðst til að greiða 39.720.424 krónur til viðbótar til að fá stálið afhent. Það hafi hann gert 4. október 2019 með fyrirvara um að stálið yrði afhent samdægurs. Þrátt fyrir loforð þar um hafi stefndi ekki afhent stálið fyrr en 7. og 8. október 2019. Stefnandi kveðst jafnframt hafa gert áskilnað um að endurkrefja stefnda um allt það sem hafi verið ofgreitt fyrir stálið.

Stefnandi kveðst þannig hafa greitt stefnda 228.720.424 krónur vegna samningsins eða 78.252.530 krónur umfram upphaflegt samningsverð, 150.467.894 krónur, sem hafi átt að vera fyrir allt það stál sem stefndi taldi þurfa í verkið, eða 268 tonn. Stefnandi vekur athygli á því að samkvæmt 3. gr. samnings aðila hafi honum borið að greiða síðustu 25% af samningsfjárhæðinni við afhendingu stálsins á verkstað en ekki fyrir afhendingu eins og stefndi hafi krafist. Með því hafi stefndi vanefnt samning aðila verulega og haldið stálinu eftir með ólögætum hætti.

Í málinu geri stefnandi því kröfu um að stefndi endurgreiði hluta þess sem ofgreitt hafi verið fyrir stálið samkvæmt samningi aðila, það er vegna „secondary stáls“ og z-langbanda. Stefnandi kveður endurgreiðslukröfu sína því nema 66.183.153 krónum, sem sé samtala 39.720.424 króna greiðslu sem hann hafi innt af hendi með fyrirvara 4. október 2019, 17.464.795 króna greiðslu sem hann hafi greitt 12. september 2019 á grundvelli munnlegs samkomulags aðila, sem og 8.997.934 krónur vegna tvígreiðslu fyrir z-langböndin. Stefnandi kveðst ekki gera greiðslukröfu vegna umfram magns af stáli þar sem hann hafi krafist þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda vegna þess.

Stefnandi byggir á því að það sé meginregla í íslenskum rétti að þeir sem fá greidda peninga sem þeir eigi ekki rétt til skuli endurgreiða þá. Sé greiðsla auk þess innt af hendi með fyrirvara felist í því sérstakur áskilnaður um endurgreiðslu hafi verið greitt of mikið eða umfram skyldu.

Áður en stefnandi hafi greitt stefnda 17.464.795 krónur hafi hann sérstaklega tekið fram að ef stefndi gæfi út reikning á þeim forsendum að „secondary stál“ væri ekki innifalið í tilboði hans yrði sá reikningur aðeins greiddur með fyrirvara um endanlegt uppgjör. Þá hafi sú greiðsla aðeins verið innt af hendi í því skyni að standa við það samkomulag sem stefndi hafi síðar hafnað. Af atvikum málsins hafi stefnda því mátt vera það ljóst að greiðslan væri innt af hendi með fyrirvara og þrátt fyrir andmæli stefnanda sem myndi beina endurgreiðslukröfu að stefnda.

Þá hafi greiðsla að fjárhæð 39.720.424 krónur hafi verið innt af hendi með skýrum og skriflegum fyrirvara af hálfu stefnanda um að hann myndi krefjast endurgreiðslu á öllum framangreindum fjárhæðum.

Hvað z-langböndin varðar byggir stefnandi á því að hann hafi gert athugasemdir við reikning stefnda, meðal annars hvað varðaði tonnafjölda, áður en reikningurinn hafi greiddur. Þá hafi stefndi sjálfur tekið fram að ágreiningur um endanlegt magn yrði gerður upp síðar. Stefnandi kveðst hafa látið stefnda vita af mistökunum vegna tvírukkunar langbandanna um leið og þau hafi komið fram á uppgjörsyfirliti hans 26. október 2019. Í framhaldinu hafi stefndi leiðrétt yfirlitið í samræmi við athugasemdir stefnanda og þar með viðurkennt mistökin. Stefnandi hafi þá verið búinn að greiða reikning stefnda frá 30. september 2018 sem hafi miðað við upprunalegt og rangt verð fyrir z-langbönd. Með því að leiðrétta uppgjörsyfirlit sitt hafi stefndi viðurkennt ofgreiðslu stefnanda vegna z-langbandanna og honum hafi því mátt vera ljóst að stefnandi myndi krefja hann um endurgreiðslu vegna þessa.

Endurgreiðslukrafa stefnanda byggir á því að um sé að ræða greiðslur sem ýmist hafi verið greiddar fyrir mistök eða misskilning, umfram skyldu og með skýrum fyrirvara. Stefndi hafi verið í vondri trú og alltaf mátt vera ljóst að stefnandi myndi fara fram á endurgreiðslu. Honum hafi því borið að haga sér í samræmi við það. Þá hafi

umræddar greiðslur farið fram að kröfu stefnda eða fyrir atbeina hans, það er með útgáfu rangra reikninga og kröfum um greiðslu umfram greiðsluskyldu stefnanda.

Stefnandi byggir á því að þegar greiðsla fari fram með fyrirvara og síðan sé fallist á endurgreiðslu, eigi hlutur greiðanda að vera hinn sami og orðið hefði ef hann hefði synjað um greiðsluna og dómur gengið um greiðsluskylduna. Því beri að endurgreiða stefnanda umkrafða fjárhæð með dráttarvöxtum þannig að stefnandi verði eins settur fjárhagslega og ef greiðslurnar hefðu aldrei farið fram.

Dráttarvextir reiknist frá greiðsludegi hvernar greiðslu enda gjalddagi hvernar kröfu sá dagur sem stefnanda hafi fyrst verið heimilt að krefjast endurgreiðslu úr hendi stefna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Til vara sé gerð krafa um dráttarvexti frá 4. nóvember 2019 eða að liðnum mánuði frá þeim degi er stefnandi hafi sannarlega látið stefnanda vita að hann myndi fara fram á endurgreiðslu á umræddum fjármunum með afhendingu á skriflegum fyrirvara við greiðslu 4. október 2019. Til þrautavara sé gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta frá málshöfðun, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Fallist dómurinn ekki á þær forsendur sem búi að baki aðalkröfunni, þ.e. að „secondary“ stál hafi verið innifalið í tilboði stefnda, byggir stefnandi varakröfu sína um greiðslu úr hendi stefnda á því að einingarverð kaupsamnings aðila hafi átt að gilda um það stál. Það sé skýrt af samningnum og samskiptum aðila á samningstímanum að aukning á magni stáls vegna breytinga verkkaupa hækkaði samningsverð á grundvelli þeirra einingarverða sem um hafi verið samið. Þetta sé sérstaklega staðfest í tölvupósti stefnda frá 23. október 2018 þar sem stefndi segi um umrætt „secondary stál“ að það komi skýrlega fram í samningi að tilboð og samningur byggji á einingarverðum sem taki breytingum miðað við afhent stálmagn. Það fari því gegn samningi aðila að miða við annað einingarverð fyrir það stál.

Sé miðað við að „secondary stál“ hafi ekki verið innifalið í magntölunni í tilboði stefnda heldur að greiða skuli aukalega fyrir það stál samkvæmt einingarverðum samningsins sundurliðist uppgjörð með eftirfarandi hætti:

#### Samantekt v. Netagerðar á Neskaupstað

Byggt á yfirliti Húsasmiðjunnar dags. 30.07.2019

#### Stálgrind

Innsteypiboltar	1.225	t	324 234	397 187
Stálgrind	290.54	t	324 234	94 202 946
Z-langbönd	15.2	t	318 704	4 844 301
				99 444 434
Gengisbreyting	123.74			
	129.34	1.045		4 500 475

Samtals söluupphæð stálgrind og Z-prófilar

103 944 909

---

**Stigar, pallar og grindur, á verðum tilboðs Húsasmiðjunnar des 2017**

Göngupallar m. handriðum	8.966	t	324 734	2 911 565
Ristar á palla	4.088	t	391 981	1 602 418
Stigi m. handriðum	2.577	t	324 734	836 840
Útípallar	0.355	t	391 981	139 153
Grindur	71.38	t	391 981	27 979 597
				<b>33 469 572</b>
Gengisbreyting	125.45			
	136.08	1.085		2 836 043
Stigar pallar og grindur samtals				<b>36 305 615</b>
Samtals stál				<b>140 250 524</b>

---

Miðað við þetta uppgjör nemi kostnaður við stálgrindina og stál í veiðarfærageymslu 140.250.524 krónum. Ekki sé deilt um kostnað vegna klæðninga, 41.754.762 krónur, og steinullareininga, 15.278.447 krónur. Samkvæmt þessu nemi kostnaður fyrir allt stál í verkið 197.283.733 krónum, sem sé í samræmi við munnlegt uppgjörssamkomulag milli aðila frá því í september 2018.

Líkt og að framan er rakið kveðst stefnandi hafa greitt 114.501.996 krónur fyrir stálgrindina, 57.185.219 krónur fyrir stál í veiðarfærageymslu, 41.754.762 krónur fyrir klæðningu og 15.278.447 krónur fyrir steinullareiningar eða samtals 228.720.424 krónur. Stefnandi kveðst því hafa ofgreitt 31.436.691 krónu og hann geri því kröfu um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda.

Þá gerir stefnandi kröfu um dráttarvexti frá 4. nóvember 2019 eða að liðnum mánuði frá þeim degi er stefnandi hafi sannarlega látið stefnda vita að hann myndi fara fram á endurgreiðslu á umræddum fjármunum með afhendingu á skriflegum fyrirvara við greiðslu 4. október 2019. Til vara geri stefnandi kröfu um greiðslu dráttarvaxta frá málshöfðun, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

### III

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hafnar málsástæðum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Stefndi kveður stefnanda byggja kröfur sínar á einhliða túlkun hans á samningi aðila frá 28. apríl 2018 en að mati stefnda standist sú túlkun ekki skoðun.

Fyrir það fyrsta hafi samningur aðila ekki verið fastverðssamningur í 268 tonn af stáli í stálgrind hússins og allt annað stál sem hafi þurft til, svokallað „secondary stál“,

líkt og stefnandi haldi fram. Stefndi byggir á því að túlka beri samninga aðila með vísan til forsendna fyrir samningsgerðinni, þeirra gagna sem lágu henni til grundvallar og teljist til fylgiskjala samningsins og einnig til samskipta aðila. Það komi skýrt fram í 1. gr. samnings aðila að tilboð það sem samningurinn byggir á, það er tilboð stefnda frá 13. desember 2017, teljist hluti hans og að byggt sé á einingarverðum og magni sem geti hækkað eða lækkað heildarverð eftir að hönnun á húsinu sé lokið. Jafnframt komi þar fram að stefnandi hafi samþykkt tilboðið á þeim forsendum. Stefndi telur orðalag samningsins ekki geta orðið skýrara um það að til grundvallar samningnum liggi tilboð stefnda sem byggir á einingarverðum. Til að taka af allan vafa um túlkun 1. gr. samningsins sé þar sérstaklega kveðið á um að kaupandi hafi samþykkt tilboðið á þeim forsendum.

Varðandi það hvort allt stál í stálgrindarhúsið hafi verið innifalið í tilboði stefnda og samningi aðila frá 28. apríl 2018, þar með talið svokallað „secondary stál“, byggir stefndi á því að einu gögnin sem hann hafi getað byggt tilboð sitt á hafi verið þær stærðir sem stefnandi hafi afhent í upphafi, þ.e. að óskað væri eftir tilboði í stálgrindarhús sem væri 26x85 metra = 2210 m<sup>2</sup>. Umrædd gögn hafi verið mjög einföld og aðeins innihaldið byggingarlýsingu og teikningar frá verkkaupanum þar sem lýst var álagsforsendum og öðru slíku. Stefndi kveður stefnanda hafa vitað að tilboð stefnda væri byggt á tilboði frá erlendum stálframleiðanda sem hefði aðeins haft þessar einföldu forsendur til að byggja á. Á þessum tíma hafi engin önnur hönnunargögn en einföld útlitsteikning legið fyrir en það séu þau gögn sem vísað sé til í 6. gr. samnings aðila. Þau hafi dugað stálframleiðanda til að hefja undirbúning að framleiðslunni, það er að panta efni í stálbita og láta sníða þá, líkt og sé venjan þegar framleiðsla af þessu tagi hefjist.

Stefndi byggir á því að tilboð hans hafi verið sett upp eins og tilboð í stálgrindarhús séu almennt sett upp. Tilgreindur hafi verið efnis- og framleiðslukostnaður, kostnaður við meðhöndlun yfirborðs, málningu, bolta og annað sem snúi að framleiðslu á stálgrind. Hins vegar sé hvergi minnst á að svokallað „secondary stál“ hafi átt að vera innifalið í tilboðinu líkt og stefnandi hafi haldið fram. Stefndi telur stefnanda byggja framangreinda skoðun á tölvupóstsamskiptum sem stefnandi hafi átt við starfsmann stefnda 13. desember 2017 í kjölfar þess að hafa mótttekið tilboð stefnda. Í þeim samskiptum hafi starfsmaður stefnda svarað stefnanda því játandi að magntalan 268 tonn fæli í sér magn í grindur í netageymslu, stiga og palla. Stefndi kveður ljóst að svar starfsmannsins hafi ekki verið efnislega rétt heldur á misskilningi byggt og að það hafi mátt vera nákvæmara. Nákvæmt svar af hálfu stefnda hefði átt að vera neikvætt, enda hafi verið alveg ljóst hvað var innifalið í tilboði stefnda og það hafi stefnanda mátt vera vel kunnugt. Með þessu svari hafi verið átt við að slíkt stál yrði verðlagt eins og stál í stálgrind, ef um sambærilega vöru væri að ræða, það er að segja vöru smíðaða úr UNP-HEB eða IPE stálbitum.

Þá komi skýrt fram í samningi aðila að um sé að ræða samning um kaup á sérpöntuðu stálgrindarhúsi og klæðningu. Þetta endurspeglar í orðalagi 2. gr. samningsins þar sem talin séu upp stálgrind og samlokueiningar. Stefndi byggir á því að ef samið hefði verið um hið svokallaða „secondary stál“ þá hefði sá liður verið tiltekinn sérstaklega í samningi aðila þar sem smíði á slíku stáli sé mun flóknari og þar af leiðandi mun dýrari en stál í aðalburðarvirki stálgrindarhúss. Þessir tveir efnisliðir í 2. gr. samningsins útiloki að eitthvað annað falli undir samninginn. Sú túlkun stefnanda á samningi aðila og tilboði stefnda, að allt stálmagn í húsið hafi verið innifalið í 268 tonnum af stáli, standist því einfaldlega ekki.

Stefndi byggir á því að ef stefnandi hefði talið sig vera að semja um „secondary stál“ hefði hann þurft að taka það sérstaklega fram þar sem það stál sé af allt öðrum toga en stál í stálgrind. Stefnandi hafi fengið sent uppkast af samningi aðila og honum hafi boðist að gera breytingar á samningnum. Einu breytingarnar sem stefnandi hafi lagt til hafi lútið að innheimtu geymslugjalda ef efni yrði afhent fyrir áætlaðan geymslutíma. Stefnandi hefði því verið í lófa lagið að setja einnig inn ákvæði um „secondary stálið“ hafi hann talið það vera innifalið í samningnum. Þá hafi engin gögn legið fyrir um það um hvaða magn af „secondary stáli“ væri að ræða. Það stál hafi verið framleitt síðar og hönnun á því hafi í rauninni ekki legið fyrir af hálfu stefnanda fyrr en í janúar 2019.

Stefndi hafnar því alfarið þeirri túlkun stefnanda að samningur aðila hafi verið fastverðssamningur fyrir allt stál í stálgrindarhúsið og allt annað tilfallandi stál með vísan til þessara einföldu raka og hins auðskilda texta í samningi aðila.

Þá kveðst stefndi hafna þeim málsástæðum stefnanda að við undirritun samnings aðila þann 28. apríl 2018 hafi stefnandi verið búinn að afhenda öll hönnunargögn fyrir húsið, þar með talið fyrir „secondary stálið“. Það sé alveg ljóst að mati stefnda að svo hafi ekki verið enda hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn því til staðfestingar. Þvert á móti sýni framlögð gögn að við undirritun samningsins hafi önnur hönnun ekki verið til staðar en einföld teikning af stálgrindarhúsinu. Sú teikning hafi einmitt verið það eina sem hafi legið fyrir af hálfu stefnanda við undirritun samningsins auk almennra upplýsinga um álagsforsendur og annað slíkt.

Í stefnu viðurkenni stefnandi að gerðar hafi verið breytingar á upphaflegri hönnun en beri því við að þær breytingar hafi verið smávægilegar og ekki átt að hafa nein áhrif á framleiðslu stálgrindarinnar. Í stefnu komi jafnframt fram að síðasta breytingin hafi verið gerð af hans hálfu 9. júlí 2018 í kjölfar þess að hann hafi fengið teikningar frá stálframleiðandanum til yfirferðar.

Stefndi kveðst mótmæla þeim fullyrðingum stefnanda að breytingar á teikningum hafi ekki haft nein áhrif á þróun framleiðslunnar. Stefndi kveður stefnanda ávallt hafa verið það ljóst að hann yrði að samþykkja endanlegar framleiðsluteikningar stálframleiðanda líkt og fram komi í samningi málsaðila. Það komi skýrt fram í 2. mgr.

1. gr. samningsins að stefnanda beri að staðfesta framleiðsluteikningar stálframleiðanda eins fljótt og mögulegt sé svo ekki komi til seinkunar á afhendingu af hendi framleiðanda af þeim sökum. Stefndi kveður þetta ákvæði hafa verið í samningnum svo stefnandi væri meðvitaður um það að framleiðsla á stáli gæti aldrei hafist fyrr en hann hefði samþykkt framleiðsluteikningar stálframleiðanda. Í 3. mgr. 1. gr. samningsins sé sérstaklega hnykkt á skyldu kaupanda til að samþykkja framleiðsluteikningar innan sjö daga frá því þær berist frá framleiðanda og tekið fram að annars seinki afhendingu framleiðslunnar.

Stefndi vísar til þess að í stefnu komi fram að stálframleiðandi hafi ekki verið byrjaður á hönnun stáls í veiðarfærageymslu 11. júlí 2018. Stefndi kveðst taka undir það og vísar til þess að stálframleiðandi hafði ekki borist nein hönnunargögn fyrir „secondary stálið“ á þessum tíma og kveður þau ekki hafa borist framleiðandanum fyrr en í janúar 2019. Stefndi vilji vekja athygli á þessum sjónarmiðum stefnanda sem viðurkenni sums staðar í stefnu að ekki hafi verið búið að gera hönnunarteikningar fyrir „secondary stálið“. Annars staðar í stefnu byggji stefnandi á því að svo hafi verið. Það henti stefnanda að bera þessu við þegar hann haldi því fram að þær breytingar sem hann hafi verið að gera á stálgrindinni allt fram í júlí 2018 hafi ekki átt að hafa nein áhrif á framleiðslu hennar þar sem hann hafi ekki verið farinn að vinna í hönnun „secondary stálsins“. Að mati stefnda sé þessi málflutningur stefnanda sérstakur og ljóst að stefnandi hagi málsástæðum sínum eftir því sem honum henti og snúi sjónarmiðum og túlkunum í hringi eftir því sem honum sýnist.

Stefndi kveður fullyrðingar stefnanda í þá veru að breytingar á hönnun hafi einungis getað tafið verkið um eina til tvær vikur í heildina frá undirritun samnings aðila engan veginn standast og mótmælir þeim sem röngum og ósönnuðum. Um þetta vísar stefndi meðal annars til tölvupóstsamskipta milli aðila 29. júní 2018 en þar greini stefndi frá því að stálframleiðandi sé ósáttur við þann mikla hönnunarkostnað sem sé til orðinn vegna málsins en tíðar breytingar af hálfu stefnanda á hönnun hafi valdið miklum töfum sem ekki sjái fyrir endann á. Stefndi segir svar stefnanda hvað þetta varða koma fram í tölvupósti 11. júlí 2018 en þá hafi stefnandi viðurkennt að hann hafi gert breytingar á hönnun stálgrindarinnar. Stefndi kveður starfsmann sinn hafa áréttað það við stefnanda að stálframleiðandi myndi gera kröfu um aukagreiðslu vegna breytinganna og vísar til þess að stefnandi segi í framangreindum pósti frá 11. júlí 2018 að verkkaupi hafi óskað eftir þessum breytingum og stefnandi geti því sótt slíkan aukakostnað til verkkaupans. Í þessum samskiptum komi skýrt fram að hönnun á stálgrindinni hafi ekki verið lokið og að verkkaupi stefnanda hafi óskað eftir breytingum á stálgrindinni. Þá hafi framleiðsluteikningar stálframleiðandans verið tilbúnar til samþykktar 8. júlí 2018. Daginn eftir hafi stefndi enn á ný óskað eftir breytingum þrátt fyrir að hafa verið fullkunnugt um að breytingar af hans hálfu myndu seinka framleiðslunni líkt og skýr ákvæði samnings kveði á um.

Stefndi kveður stefnanda hafa haft ákveðnum samningsskyldum að gegna líkt og skýrt komi fram í samningi aðila. Þær skyldur hafi helst falist í því að afhenda hönnunargögn og staðfesta útreikninga og framleiðsluteikningar þegar þær bærust frá framleiðanda. Í 6. gr. samnings aðila sé skýrt kveðið á um það að öll skjöl og samskipti sem stafi frá aðilunum séu hluti af samningi þeirra. Því sé ljóst að túlka þurfi efni samningsins og skyldur aðila út frá öllum þeim gögnum sem hafi farið aðila á milli meðan á framleiðsluferlinu stóð. Stefndi hafi kosið að túlka samning aðila frá 28. apríl 2018 á þann veg að hann nái einnig yfir nýjan samning sem komist hafi á í janúar 2019 um framleiðslu á „secondary stálinu“. Því sé ljóst að öll gögn sem hafi farið á milli aðila um þann framleiðsluþátt séu hluti þeirra samninga sem aðilar gerðu og að túlka beri samningana og forsendur þeirra út frá því.

Stefndi bendir á að í tölvupósti 13. júlí 2018 greini stefnandi stefnda frá því að sá áfangi hafi náðst að stefnandi væri búinn að samþykkja hönnun á meginburðarvirki hússins. Eftir stæði að klára stiga, göngupalla og grindur í veiðarfærageymslu. Stefndi hafi svo sent framleiðslu- og afhendingaráætlun stálframleiðanda til stefnanda með tölvupósti 25. júlí 2018 en stálframleiðandi hafi loksins haft forsendur til að setja upp slíka áætlun eftir að stefnandi hafði samþykkt framleiðsluteikningarnar.

Því þyki stefnda það skjóta skökku við að stefnandi haldi því fram að tafir á afhendingu stálsins megi rekja til vanefnda af hálfu stefnda eða framleiðanda stálsins. Það liggja ljóst fyrir að mati stefnda að breytingar stefnanda á hönnun stálgrindarinnar hafi valdið þeim seinkunum sem urðu á endanlegri gerð framleiðsluteikninga stálframleiðandans þar sem ekki hafi verið hægt að hefja framleiðslu fyrr en stefnandi hefði samþykkt teikningarnar. Gögn málsins sýni fram á að það hafi verið hönnun og breytingar stefnanda á stálvirkinu sem hafi verið þess valdandi að framleiðsla stáls hafi ekki getað hafist fyrr en raun varð. Fullyrðingar stefnanda um að öll hönnun hafi legið fyrir við undirritun samningsins í apríl 2018, bæði hvað varði stálgrindina sjálfa og allt „secondary stálið“, séu því rangar. Á þessum tíma, það er í júlí 2018, hafi hvorki verið búið að semja um að stefnandi myndi kaupa slíkt stál af stefnda né að sami stálframleiðandi myndi taka þá framleiðslu að sér, hvað þá að stefnandi hafi afhent einhver hönnunargögn hvað það stál varðaði.

Stefndi kveður stefnanda jafnframt byggja ranglega á því að allt stál í stálgrindarhúsið hafi átt að afhenda 16-18 vikum eftir að stefnandi hafi innt af hendi 25% staðfestingargreiðslu þann 28. mars 2018. Stefndi kveði stefnda hafa valdið sér tjóni með vísan til afhendingardráttar þar sem stálið hafi ekki borist í samræmi við framangreint og byggi á því að afhending stáls hafi því dregist um 60 vikur. Stefndi kveðst hins vegar hafna þessum sjónarmiðum algerlega sem röngum og ósönnuðum og kveðst vísa til fyrri raka þar um.

Stefndi byggir á því að sjálfstætt ferli um framleiðslu á „secondary stálinu“ hafi hafist eftir að nýr og sjálfstæður samningur um vörusölu á því stáli hafi komist á milli aðila í byrjun árs 2019, enda sé um allt annars konar framleiðslu að ræða en stál í aðalburðarvirki stálgrindarhúss. Þrátt fyrir þetta byggir stefnandi kröfur sínar á því að hönnun vegna „secondary stálsins“ hafi legið fyrir strax í apríl 2018 og að miða beri afhendingartíma út frá dagsetningu samningsins um stálgrindina. Sú túlkun og meint röksemdafærsla standist ekki að mati stefnda sem mótmælir þeim sem röngum og ósönnuðum. Stefndi vísar til þess að skýrt komi fram í málavaxtalýsingu stefnu og skjölum málsins að stefnandi hafi sent stálframleiðandanum fyrstu smíðateikningar af stiga 23. janúar 2019 en þann sama dag hafi stálframleiðandi sent tilboð sitt í „secondary stálið“. Stefndi hafi svo verið í beinu sambandi við stálframleiðanda um „secondary stálið“ eftir að það ferli hafi farið í gang og samþykkt framleiðsluteikningar án nokkurra fyrirvara þegar þær hafi legið fyrir. Þessi samskipti milli stefnanda og framleiðanda hafi svo staðið fram á sumarið 2019 en eftir að þeim hafi lokið hafi stálið verið framleitt og flutt til landsins. Stefndi hafi svo upplýst stefnanda um stöðu mála þegar framleiðslu hafi verið lokið og það hvenær von væri á stálinu til landsins. Í raun hafi stefndi enga aðkomu haft að þessum samskiptum stefnanda og stálframleiðanda, önnur en að greiða framleiðanda fyrir vöruna og flytja hana svo til landsins. Þá hafi engar tafir orðið á afhendingu stálsins sem rekja megi til stálframleiðanda eða stefnda.

Stefndi byggir á því að þegar stefnandi hafi samþykkt tilboð framleiðanda í „secondary stálið“ í janúar 2019 hafi komist á samningur um þau kaup. Stefndi hafi staðfest tilvist þess samnings með beinum samskiptum við stálframleiðanda um hönnunargögn og með því að samþykkja framleiðsluteikningarnar. Því telji stefndi langsótt að samningurinn um „secondary stálið“ hafi verið hluti samnings aðila frá 28. apríl 2018 og að miða beri afhendingu á „secondary stálinu“ við þann samning. Með ofangreindum rökum kveðst stefndi hafa sýnt fram á að þær málsástæður sem stefnandi byggir kröfur sínar á hvað þetta varðar standist ekki skoðun.

Þá bendir stefndi sérstaklega á að í samningi aðila frá 28. apríl 2018 komi fram í 6. gr. að öll skjöl sem tengist tilboði og pöntun, sem og skjöl og teikningar sem komi til varðandi breytingar á pöntun og annað sem tengist kaupunum, séu hluti af samningnum. Að mati stefnda virðist stefnandi eingöngu byggja á því að þann 28. mars 2018 hafi hann greitt staðfestingargjald vegna pöntunar á stálgrind og samlokueiningum og að miða beri afhendingu alls efnis við það tímamark, líka það stál sem fyrst hafi verið samið um í samningi sem komist hafi á í janúar 2019. Að mati stefnda gangi þetta ekki upp.

Stefndi mótmælir því að viðurkennd verði skaðabótaskylda hans vegna beins tjóns sem stefnandi telji hann hafa bakað sér vegna vanefnda á samningi þeirra frá 28. apríl 2018. Stefndi byggir þær dómkröfur sínar á almennu sakarreglunni og ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi hvorki sýnt

fram á né lagt grunn að neinu því sem stefnandi þurfi að sanna og kröfur skaðabótaréttarins byggji á. Ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi stefnda, hvað þá orsakasamhengi. Þá hafi stefnandi ekki gert það sennilegt á neinn hátt að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi stefnda. Í stefnu komi fram að stefnandi telji tafir á afhendingu stáls vera á ábyrgð stefnda og að vinnubrögð stefnda hafi verið óviðunandi allt frá upphafi samningstímans. Umfjöllun og röksemdafærsla stefnanda þar að lútandi sé einfaldlega röng að mati stefnda sem kveðst hafna og mótmæla þeim sjónarmiðum sem röngum og ósönnuðum.

Stefndi kveður stefnanda líta algerlega fram hjá ákvæðum samnings aðila sem og kaupalaga um þær skyldur sem snúi að honum sem kaupanda. Til að mynda sé tekið fram í stefnu að áriðandi sé að stálframleiðandi ljúki við hönnunargögn sem fyrst svo ekki komi til seinkunar. Stefndi kveður þennan lið samningsins vera slitinn úr samhengi en þetta orðalag þurfi að lesa og túlka með öðrum ákvæðum hans. Þetta ákvæði vísi til þess að stálframleiðandi geri framleiðsluteikningar eftir að stefnandi afhendi hönnunargögn. Þá fyrst geti stálframleiðandinn hafið sína vinnu. Ákvæðið sé í samningnum til að tryggja það að framleiðslan tefjist ekki og því sé beint að kaupanda vörunnar, stefnanda í þessu tilviki, að hann verði að staðfesta framleiðsluteikningar sem fyrst til að koma í veg fyrir mögulegar tafir. Stefndi snúi þessu samningsákvæði á haus að mati stefnda og reyni að setja fram túlkun á orðalaginu sem engar forsendur séu fyrir og mistúlki texta samningsins viljandi.

Stefndi kveður stefnanda byggja á því að allur dráttur á framleiðslunni sé stefnda og stálframleiðanda að kenna. Stefndi líti þannig algerlega fram hjá eigin samningsskyldum sem felist í því að afhenda hönnunargögn og samþykkja framleiðsluteikningar eins fljótt og mögulegt sé svo ekki komi til seinkunar á afhendingu af hálfu framleiðanda af þeim sökum. Við undirritun samningsins hafi stefnandi ekki verið búinn að afhenda hönnunargögn og aðeins einföld útlitsteikning stálgrindarhúss hafi þá legið fyrir. Af framlögðum gögnum í málinu megi sjá að hönnun stefnanda hafi tekið breytingum á framleiðslutímanum, meðal annars í samræmi við óskir frá verkkaupa stefnanda. Allar breytingar sem gerðar hafi verið á hönnun hússins hafi komið frá stefnanda og orðið hluti af samningi aðila. Það hafi einfaldlega verið ómögulegt fyrir framleiðanda stálsins að hefja framleiðslu fyrr en hönnun af hálfu stefnanda hafi verið lokið en þá fyrst hafi framleiðandinn getað lokið framleiðsluteikningunum og í kjölfarið hafið framleiðslu.

Stefndi felli framleiðslu á stálgrindinni og „secondary stálinu“ undir sama hatt í röksemdarfærslum sínum þrátt fyrir að um tvo mismunandi samninga hafi verið að ræða. Þá komi fram í stefnu að lokahönnun vegna „secondary stáls“ hafi ekki verið samþykkt fyrr en 11. apríl 2019 og ekkert hafi gerst í hönnun frá ágúst 2018 og fram í janúar 2019. Stefndi bendir á að enginn samningur hafi verið til staðar um „secondary

stálið“ á þessum tíma sem stefnandi sé að vísa til, sá samningur hafi ekki komst á fyrir en í janúar 2019 og stefnandi hafi ekki sent hönnunargögn vegna „secondary stálsins“ fyrir en þá. Stefndi byggir á því að hann geti enga ábyrgð borið á þessari háttsemi stefnanda og því hafni hann öllum þeim sjónarmiðum sem stefnandi leggi til grundvallar kröfu sinni um að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda og mótmælir þeim með vísan til gagna málsins og röksemdafærslu sinnar.

Á því er byggt af hálfu stefnda að þar sem tafir á afhendingu stáls séu ekki á ábyrgð hans eða stálframleiðanda beri hann enga ábyrgð á þeim tögum sem hafi orðið á verki stefnanda. Stefnandi haldi því fram að hann hafi þurft að halda úti verkstað í 10 mánuði umfram það sem hann hafi gert ráð fyrir, eða fram til loka desember 2019, því stálið hafi verið afhent of seint án þess að slíkar tafir yrðu raktar til hans sjálfs, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefnandi vísi til stjórnunarábyrgðar sömu laga og kveði að engar þær hindranir sem getið sé í 27. gr. laganna séu til staðar sem stefndi geti byggt á. Þá vísi stefnandi til saknæmrar háttsemi stefnda og byggi viðurkenningarkröfur sínar á saknæmi og orsakasamhengi á milli saknæmis stefnda og tjóns stefnanda. Stefndi kveðst hafna öllum þeim sjónarmiðum sem stefnandi byggi á hvað þetta varði og mótmæli þeim sem röngum og ósönnuðum. Stefndi kveður stefnanda líta fram hjá eigin skyldum samkvæmt samningi aðila og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Til að mynda hafi stefnandi aldrei tilkynnt stefnda um framangreind sjónarmið sín, sem hafi fyrst komið fram í stefnu.

Stefndi byggir á því að ef tjón stefnanda hafi verið jafn gríðarlegt og varað jafn lengi og stefnandi lýsi í stefnu, hafi stefnanda borið skylda til að tilkynna stefnda um gallann þegar í stað með vísan til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Tómlæti stefnanda hvað meint tjón hans varði sé því algert, að því gefnu að eitthvert tjón hafi orðið. Stefnanda hafi borið að upplýsa stefnda þegar í stað um meint tjón sitt, sem eigi að hafa hafist tíu mánuðum áður en kröfur hafi verið settar fram. Stefndi hafi því engan möguleika haft á því að bregðast við með neinum hætti eða svara fyrir meintar kröfur stefnanda. Allar kröfur stefnanda séu því fallnar niður með vísan til þessarar lagaskyldu og tómlætis, sé einhver stoð að baki þeim efnislega.

Þá séu ákvæði í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem fjalli um skyldur kaupanda sem stefnandi líti fram hjá. Samkvæmt 50. gr. laganna sé kaupanda skylt fyrir sitt leyti að stuðla að því að seljandi geti efnt skyldur sínar. Það hafi stefnandi ekki gert í máli þessu en hann hafi ekki afhent stefnda þau grundvallargögn, það er hönnunargögn, sem til hafi þurft svo stefndi gæti efnt skyldur sínar á þeim tíma sem kveðið hafi verið á um í samningi aðila. Í VII. kafla sömu laga séu einnig ákvæði um úrræði sem seljandi geti beitt sem vanefndaúrræðum. Þá komi fram í 51. gr. laganna að verði atvik ekki rakin til seljanda er varði kaup aðila hafi hann samsvarandi heimildir og kaupandi hvað vanefndaúrræði varði.

Stefndi vísar til þess að samninga beri að túlka með tilliti til þeirra gagna sem þeim tilheyri og samskipta aðila, líkt og skýrlega komi fram í samningi aðila frá 28. apríl 2018. Öllum sjónarmiðum stefnanda um vanefndir stefnda og meintan afhendingardrátt af hans völdum hafnar stefndi og mótmælir sem röngum og ósönnuðum. Stefndi kveðst einnig hafna sjónarmiðum stefnanda um að stefndi beri hlutlæga skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna afhendingardráttar á stáli.

Stefndi hafnar jafnframt fullyrðingum stefnanda um að stefndi hafi brotið gróflega gegn gagnkvæmri trúnaðar- og tillitsskyldu samningsaðila. Stefnandi byggi á því að brot eða vanefnd samningsaðila á slíkum skyldum byggi ávallt á sök og því sé bótaábyrgð almennt fyrir hendi. Stefndi kveður stefnanda enga tilraun hafa gert til að útskýra í hverju hin meintu grófu brot stefnda hafi falist. Þessum málsástæðum sé því algerlega hafnað sem tilhæfulausum og telur stefndi ljóst að sú skaðabótaábyrgð sem stefnandi byggi á meintri háttsemi stefnda geti ekki átt sér nokkra stoð í raunveruleikanum. Stefndi kveðst hafa gert samning við stefnanda um sölu á byggingarvörum en hann hafi ekki borið neina ábyrgð á eða getað haft áhrif á aðra þætti í verki stefnanda, svo sem uppsetningu stálgrindar og klæðninga eða nokkurn annan þátt sem að verki stefnanda sneri.

Stefndi mótmælir jafnframt kröfu stefnanda um skaðabætur vegna galla þar sem afhent stál í burðarvirki hafi reynst 294 tonn en ekki 268 tonn, líkt og kveðið hafi verið á um í samningi aðila. Stefndi vísar til þess að samningurinn hafi byggt á einingarverðum og að stefnandi hafi gert sér grein fyrir eðli samningsins. Meint tjón með vísan til þess að um meira efnismagn hafi verið að ræða en gert hafi verið ráð fyrir og að kostnaður við uppsetningu hafi þar með aukist standist enga skoðun. Ekki sé um galla að ræða heldur magnaukningu sem stefnanda hafi verið fullkunnugt um að kynni að koma til. Kröfum um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna beins tjóns stefnanda vegna vanefnda þess fyrrnefnda á kaupsamningi aðila frá 28. apríl 2018 sé því hafnað sem röngum og ósönnuðum.

Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að leita viðurkenningardóms fyrir kröfum sínum. Þau gögn sem stefnandi vísi til, þ.e. framlögð tímaskýrsla vegna vinnu á verkstað, styðji ekki að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Í skýrslunni séu tilgreindir tilteknir vinnuliðir sem stefndi fái ekki séð að geti tengst bótakröfum á hendur sér á neinn hátt. Sem dæmi megi nefna að í tímaskýrslu sé greint frá vinnuliðum í viku 25 sem felist í því að „taka til“, „taka til og sópa“, „ýmislegt“, „Fokk“ og „skipta um sæti í Nizzan viðgerð á verkfærum“. Þá setji stefnandi fram ákveðnar fjárkröfur sem byggi á útreikningum en þær hljóti að tryggja hagsmuni hans takist honum að sanna kröfur sínar þar að baki. Því hafi stefnandi ekki lögvarða hagsmuni af því að leita viðurkenningardóms á meintri skaðabótaskyldi stefnda.

Hvað endurgreiðslukröfu stefnanda varðar vísar stefndi til þess að þær kröfur grundvallist sem fyrir á þeirri túlkun stefnanda að samningur aðila og tilboð stefnda frá 13. desember 2017 hafi byggt á föstu verði fyrir 268 tonn af stáli og að í þeirri magntölu hafi verið allt stál í bygginguna, þar með talið „secondary stál“. Þær kröfur byggja jafnframt á því að stefnandi hafi afhent stefnda allar upplýsingar um það sem hafi átt að vera innifalið í tilboði stefnda þar sem þær hafi komið fram í útboðslýsingu verksins sem stefnandi kveðst hafa sent stefnda fyrir tilboðsgerðina.

Stefndi kveðst vísa til fyrri röksemda hvað þetta varðar og málavaxtalýsingar um þróun á samningsferli aðila og þess að sérstakur samningur hafi verið gerður um framleiðslu á „secondary stálinu“ í janúar 2019. Þá hafi engar álags- eða magntölur komið fram í útboðslýsingunni og byggir stefndi á því að honum hafi verið ómögulegt að reikna út stál í heilt stálgrindarhús og „secondary stál“ á grundvelli þessa skjals. Enn fremur hafi umrædd útboðslýsing ekki verið hluti þeirra samningsgagna sem legið hafi fyrir þegar stefndi gerði tilboð sitt líkt og stefnandi hafi haldið fram.

Stefndi byggir á því að tilboð hans hafi verið í stálgrind og samlokueiningar á einingarverðum. Það verð sem komi fram í tilboði stefnda byggir á uppgefinni stærð hússins, 26x85 metrar=2210 fermetrar, og þrívíddarteikningum sem hafi farið aðila á milli í kringum tilboðsgerðina. Með vísan til framangreinds og orðalags samnings aðila sé ljóst að fullyrðingar stefnanda að um fastverðssamning hafi verið að ræða gangi einfaldlega ekki upp og því síður skaðabótakrafa hans vegna endanlegs stálmagns. Sem fyrir kveðst stefndi hafna því að „secondary stál“ hafi verið innifalið í samningi aðila frá 28. apríl 2018.

Stefndi kveðst hafa gefið út reikninga til stefnanda vegna efniskaupanna með vísan til samninga aðila frá 28. apríl 2018 og janúar 2019. Þeir reikningar hafi allir byggt á reikningum frá framleiðanda stálsins en auk þess komi til álögð gjöld hér á landi og flutningskostnaður. Stefndi kveður reikninga vegna stálgrindarinnar og samlokueininganna hafa verið gefna út til samræmis við tonnafjölda framleidds stáls. Reikningar vegna „secondary stálsins“ hafi einnig byggt á þyngd framleidds stáls og kveðst stefndi hafa tekið svo til enga framlegð af þeirri vörusölu líkt og aðilar hafi komist að samkomulagi um. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi aldrei gert neina fyrirvara við greiðslu útgefna reikninga nema í sambandi við lokagreiðslu að fjárhæð 39.720.424 krónur.

Stefndi mótmælir þeirri kröfu stefnanda að honum verði gert að endurgreiða stefnanda 66.183.153 krónur auk vaxta. Sú krafa byggir á því að stefnandi hafi ofgreitt áður nefnda lokagreiðslu frá 4. október 2019 að fjárhæð 39.720.424 krónur, auk greiðslu að fjárhæð 17.464.795 krónur sem stefnandi innti af hendi að eigin frumkvæði 13. september 2019 með vísan til munnlegs samkomulags um uppgjör sem stefndi kannist

ekki við. Þá kveðst stefnandi hafa verið tvírukkaður fyrir z-langbönd og því beri stefnda að endurgreiða honum 8.997.934 krónur vegna þeirra.

Stefndi byggir á því að endurgreiðslukrafa stefnanda byggir á rangri túlkun stefnanda á samningi aðila og að krafan sé jafnframt vanreifuð þar sem hún geri ekki ráð fyrir réttum flutningskostnaði, aðeins tonnum. Flutningskostnaður sé töluverður hluti af heildarkostnaði reikninga og miðist ekki alltaf við þyngd. Kröfur stefnanda séu ónákvæmar að þessu leyti og ekki ljóst hvernig þær séu reiknaðar út þar sem engar forsendur fylgi útreikningum stefnanda. Hvað kröfu um endurgreiðslu vegna tvírukkunar fyrir z-langbönd varði kveðst stefnandi hafa kannað málið en ekki getað fundið neina stoð að baki fullyrðingum stefnanda þar um. Það komi skýrt fram í tilboði stefnda að það taki einnig til z-langbanda og að samanlagður kostnaður vegna þeirra sé 7.472,25 evrur, þar sem hver eining sé seld á 2.05 evrur. Stefndi byggir á því að þegar stefnandi ákvað að taka tilboðinu hafi hann samþykkt að greiða fyrir þann kostnaðarlið.

Öllum sjónarmiðum að baki endurgreiðslukröfum stefnanda sé því hafnað með vísan til framangreinds og röksemdum stefnanda mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Stefndi mótmæli einnig vaxtakröfum og upphafsdögum vaxta fari svo ólíklega að fallist verði á einhvern hluta endurgreiðslukröfu stefnanda.

Stefndi hafnar einnig varakröfu stefnanda um endurgreiðslu á 31.436.691 krónu ásamt vöxtum þar sem varakrafan byggir á því að sama einingarverð og komi fram í samningi aðila frá 28. apríl 2018 hafi einnig átt að gilda um „secondary stálið“. Stefndi mótmælir því og vísar til tölvupóstsamskipta aðila frá 23. október 2018 og 13. desember 2017. Málalíbúnað stefnda hvað þetta varðar má skilja svo að stál í stiga, palla og grindur, hafi átt að vera verðlagt eins og stál í stálgrind, ef um sambærilega vöru væri að ræða, það er að segja vöru smíðaða úr UNP-HEB eða IPE stálbitum. Stefndi vísar til þess að stefnanda hafi borist tilboð í smíði „secondary stálsins“ í september 2018 og janúar 2019 sem hann hafi samþykkt í verki með því að vera í beinum samskiptum við stálframleiðanda og afhenda hönnunargögn. Því séu engar forsendur til að byggja á því að einingarverðið sem gefið hafi verið í stálgrindina hafi einnig átt að gilda um „secondary stálið“ enda ljóst að um mun flóknari og viðameiri framleiðslu sé að ræða.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi mátt vita að „secondary stál“ væri dýrara en stál í stálgrind enda hafi það komið fram á fundum aðila í nóvember, samskiptum stefnanda og framleiðanda um smíði á „secondary stálinu“ og tilboðinu sem framleiðandi hafi sent í janúar 2019. Þrátt fyrir að nýr samningur hafi ekki verið undirritaður eða útbúinn sérstaklega hafi samningur um „secondary stálið“ orðið til á milli aðila í janúar 2019 á grundvelli umrædds tilboðs stálframleiðandans. Stefndi byggir á því að framkvæmdin í kringum smíðina á „secondary stálinu“ og háttsemi stefnanda sýni hvað hann vissi og mátti vita um verðlagningu stálsins. Varakrafa stefnanda standist því ekki og henni sé því hafnað sem rangri og ósannaðri.

Dráttarvaxtakröfum stefnanda og upphafstímum hvað þennan lið dómkrafna varðar sé einnig mótmælt fari svo ólíklega að fallist verði á þær.

Með vísan til alls framangreinds mótmælir stefndi öllum málsástæðum og forsendum sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á í aðal- og varakröfum og krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

#### IV

##### Niðurstaða

Ágreiningur í máli þessu lýtur að túlkun samnings aðila „um kaup á sérpöntuðu stálgrindarhúsi og klæðningu“ frá 28. apríl 2018 í kjölfar tilboðs stefnda frá 13. desember 2017 „í hönnun og smíði á stálgrindarhúsi“ auk samskipta aðila í tengslum við aðdraganda samningsgerðarinnar og hönnun, framleiðslu og afhendingu hins selda. Málatalilbúnaður aðila hverfist um það hvort áðurnefnt tilboð, og síðar samningur aðila, hafi auk stálgrindarhúss og samlokuklæðninga einnig falið í sér sölu á svokölluðu „secondary stáli“ þ.e. stáli í stiga, handrið, palla og grindur í veiðarfærageymslur. Stefnandi byggir á því að samningur aðila hafi falið í sér kaup og sölu á öllu stáli í húsið. Því mótmælir stefndi. Telur stefndi að „secondary stálið“ hafi ekki verið hluti af tilboðinu og áðurnefndum samningi aðila heldur hafi verið samið um það sérstaklega á grundvelli nýs tilboðs og nýr og sjálfstæður samningur hafi komist á um það stál. Vegna þessa deila aðilar því einnig um uppgjör vegna samningsins og lúta endurgreiðslukröfum stefnanda að þeirri hlið málsins. Þá deila aðilar um hvor þeirra skuli beri ábyrgð á tögum sem urðu á afhendingu stálsins og því að stálmagnið varð meira en samningur aðila gerði ráð fyrir.

Stefnandi gerir í fyrsta lagi kröfu um að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna beins tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna vanefnda stefnda á kaupsamningi aðila frá 28. apríl 2018, annars vegar vegna tafa á hönnun, framleiðslu og afhendingu stáls, sem alfarið sé á ábyrgð stefnda og stefnanda verði ekki um kennt, og hins vegar vegna þess að stálmagn í aðalburðarvirki hafi reynst meira en um hafi verið samið. Hvort tveggja hafi valdið honum tjóni. Þar sem stálið hafi verið afhent of seint geti stefnandi beitt vanefndaúrræðum, enda verði tafirnar ekki raktar til hans, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, og m.a. krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann hafi beðið vegna afhendingardráttar stefnda. Engu breyti þó að afhendingardrátt megi rekja til stálframleiðanda enda beri stefndi ábyrgð á hans vinnu, sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. áðurnefndra laga og samkvæmt samningi aðila. Þá byggir stefnandi á því að aukið stálmagn teljist galli í skilningi laga nr. 50/2000 og eigi stefnandi rétt á skaðabótum vegna tjóns sem rakið verði til gallans samkvæmt 30. gr. laganna.

Stefnandi gerir í öðru lagi endurgreiðslukröfu í málinu sem byggir á því að hann hafi ofgreitt fyrir stálið, aðallega 66.183.153 krónur en til vara 31.436.691 krónu. Byggir aðalkrafa hans að þessu leyti á því að allt stál hafi verið innifalið í samningi aðila og

stefndi hafi því ranglega krafist hann um greiðslu vegna „secondary stálsins“. Varakrafa hans að þessu leyti byggir á því að um greiðslur vegna „secondary stálsins“ fari samkvæmt einingarverðum samningsins. Fjárhæðir þessar byggja því á mismunandi forsendum og og hafa þær verið ítarlega raktar í kafla um málsástæður stefnanda.

Stefndi krefst aðallega sýknu í málinu en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Stefndi hafnar því að dráttur á afhendingu stálsins sé á hans ábyrgð. Þar sé við stefnanda sjálfan að sakast sem óskað hafi ítrekað eftir breytingum á stálinu sem tafið hafi framleiðslu þess og þar með afhendingu. Þá hafi húsið ekki verið fullhannað við gerð samningsins og mikill tími farið í það af hálfu stefnanda að ljúka þeim þætti og skila inn hönnunargögnum svo stálframleiðandi gæti lokið við framleiðsluteikningar en fyrr hafi framleiðslan ekki getað hafist. Framangreint hafi valdið því að tafir hafi orðið á afhendingu stálsins. Lítur stefndi svo á að stefnandi hafi verið krafinn um greiðslu fyrir það stál sem sannarlega hafi verið afhent og um hafi verið beðið og hafnar þeim forsendum sem stefnandi byggir á hvað varðar endurgreiðslukröfur hans.

Málsatvikum, málsástæðum og sjónarmiðum aðila hefur verið lýst ítarlega hér framar. Við úrlausn málsins er ekki unnt að horfa eingöngu til orðalags samningsins heldur verður að líta til aðdraganda samningsgerðarinnar, samskipta aðila í tengslum við tilboðsgerðina og væntinga samningsaðila.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum Vilhjálmur Skúlason, framkvæmdastjóri stefnanda, Árni Stefánsson, forstjóri stefnda, Ingibjörg Bjarnadóttir, stjórnarformaður og starfsmaður stefnanda, Björn Sveinsson, byggingatæknifræðingur og verkefnastjóri hjá Verkís hf., Pálmi Benediktsson, byggingartæknifræðingur hjá Mannviti hf., Ingvar Skúlason, fyrrverandi starfsmaður stefnda, og Guðbjartur Halldórsson, fyrrverandi starfsmaður stefnda. Verður vísað til skýrslna þeirra eftir því sem þörf þykir við úrlausn málsins.

Dómurinn tekur fram að málið er mikið að vöxtum og í því liggur fyrir fjöldinn allur af skjölum en stór hluti þeirra eru afrit af tölvupóstsamskiptum aðila allt frá tilboðsgerð í desember 2017 fram til málhöfðunar þessarar um mitt ár 2020. Framsetning málsins og gagnaframlagning beggja aðila hefði að ósekju mátt vera skýrari. Málsatvik og samskipti aðila málsins eru í stefnu og greinargerð ýmist reifuð í tímaröð eða ekki og þannig verður framvinda málsins á stundum óþarflega flókin. Þá er nokkuð um að báðir aðilar hafi lagt fram sömu gögn.

Efni tilboðs stefnda og ákvæðum samnings aðila hefur verið ítarlega lýst. Rétt þykir þó að áréttta nokkur atriði. Stefndi óskaði með tölvupósti 13. nóvember 2017 „eftir verði í einangrað stálgrindarhús, burðarvirki undir brúarkrana, stálbita í f. hlaupaketti, grindur í netageymslu, stiga upp á 2. hæð, göngubrú yfir netageymslu og hringstiga, meginburðarvirki milligólfs og iðnaðarhurðir, auk verðs í uppsetningu á framantöldu“. Tók stefndi fram að hann vildi fá verð í þá útfærslu sem væri á skissum

í gögnum sem fylgdu beiðni hans. Stefndi sendi stefnanda tilboð með tölvupósti 13. desember 2017 sem var upp á 150.467.894 krónur með virðisaukaskatti fyrir 268 tonn af stáli og tók sérstaklega fram að hann gæti ekki boðið í uppsetningu. Engir aðrir fyrirvarar voru gerðir við tilboðið. Tengiliður stefnanda, Björn Sveinsson, sem stýrði verkefninu fyrir stefnanda og kom fram fyrir hans hönd gagnvart stefnda, sendi póst samdægurs og óskaði eftir á nánari útskýringar á nokkrum liðum tilboðsins. Spurðist hann m.a. sérstaklega fyrir um það hvort magntalan, 268 tonn af smíðuðu stáli sem boðin var, fæli í sér magn í grindum h=6,5m í netageymslu, stiga og göngupalla. Því svaraði tengiliður samkvæmt tilboðinu og starfsmaður stefnda, Ingvar Skúlason, játandi sama dag.

Dómurinn telur að stefnda hafi mátt vera ljóst af tilboðsbeiðni og samskiptum aðila strax í upphafi að ætlun stefnanda hafi verið að fá tilboð í allt stál í verkið. Stefndi gerði þó enga fyrirvara við tilboð sitt annan en þann að uppsetning hússins væri ekki innifalin og vakti enga athygli á því að tilboðið tæki ekki til alls þess sem tilboðsbeiðni stefnanda fól í sér. Í ljósi þess og ofangreindra samskipta aðila vegna fyrirspurnar stefnanda var honum því rétt, að mati dómsins, að ganga út frá því að stál í grindur, stiga og palla í veiðarfærageymslu, þ.e. „secondary stálið“ svokallaða, væri hluti af eða inni í tilboði stefnanda. Mátti stefnandi því treysta því að tilboð stefnda fæli í sér allt stál í verkið á grundvelli tilboðsbeiðni hans og samskipta við stefnda. Útskýringar stefnda síðar, að ofangreint svar starfsmannsins hafi átt að skilja svo að þar væri átt við að ef um sams konar stál væri að ræða færi verðlagning þess eftir ákvæðum samningsins, fá ekki staðist að mati dómsins þar sem fyrirspurn tengiliðar stefnanda fól ekki í sér að verið væri að spyrja um verð heldur hvort tiltekið stál væri inni í tonnamagni tilboðsins. Er þessum sjónarmiðum stefnda hafnað.

Samkvæmt 1. gr. samnings aðila var hið seldi „sérpantað stálgrindarhús og samlokuklæðningar“. Í málinu hafa aðilar deilt um hvort samningurinn hafi verið fastverðssamningur um kaup á 268 tonnum af stáli fyrir 150.467.894 krónur eða hvort hann hafi byggt á einingarverðum. Dómurinn telur ljóst af ákvæðum samningsins að gert hafi verið ráð fyrir að framangreindur tonnafjöldi og heildarverð samnings gæti breyst eftir framvindu við hönnun og framleiðslu hússins. Þannig var sérstaklega mælt fyrir um það í a-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins að hann byggði á tilboði stefnda frá 13. desember 2017 sem væri byggt á einingarverði og magni sem gæti hækkað/lækkað heildarverð eftir að hönnun á húsinu væri lokið og að kaupandi hefði samþykkt tilboðið á þeim forsendum. Verður því að líta svo á að samningsverðið hafi verið ákveðið viðmiðunarverð og tonnafjöldi einnig til viðmiðunar um stálmagn. Gat hvort tveggja tekið breytingum eftir framvindu við smíði hússins samkvæmt ákvæðum samningsins. Er framangreint lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Um lögskipti aðila gilda lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eins og sérstaklega er tekið fram í kaupsamningi milli aðila.

Í b-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins var sérstaklega vísað til þess að tilboð stefnda frá 13. desember 2017 og „byggingarlýsing og teikningar frá verkkaupa með efnislýsingum“ væri „hluti af þessum samningsgögnum“.

Dómurinn telur nægilega fram komið að með tilboðsbeiðni stefnanda hafi fylgt teikningar af húsinu frá verkkaupa og forsendulýsing sem unnin var hjá Verkís hf., sem hafði stjórn verkefnisins með höndum. Umræddar teikningar eru grófar teikningar af byggingunni og á þeim kemur fram að þær eru ekki í kvarða. Á þeim sést að um er að ræða stálgrindarhús með ytri málum 85 m x 26 m. Á teikningunum er sýnd grunnmynd 1. hæðar, grunnmynd 1. og 2. hæðar af afstöðu á öðrum enda húss, ásamt útlitsteikningum og einu sniði í byggingu. Milligólfið í öðrum enda hússins sést á grunnmynd ásamt nótageymslum og á milli þeirra er punktalína sem á grunnmynd sést að tákna grindur. Hringstigi upp á gönguleið milli grinda og stigi upp á milligólf er sýndur. Þá er sýnd gönguleið á 2. hæð yfir nótageymslu. Burðarvirki milligólfs er ekki sýnt. Þá eru sýndar útlínur á stálstoðum með fram útveggjum og eftir miðju húsi á skilum netaverkstæðis og nótnageymslna. Ekki eru nein ytri mál gefin upp fyrir hæð undir mæni og í þakskeggi. Hæð undir brúarkrana er gefin og nokkur mál gefin á rýmum í húsi. Þá fylgdi með tilboðinu svokallað forsenduskjal sem hafði að geyma forsendur fyrir burðarpólsreikninga á skemmu. Í skjalinu eru kröfur um vindálag, snjóálag og notálag, þ.e.a.s. þann þunga sem búast mátti við á milligólf og á stiga. Kröfur til formbreytinga hússins eru tilteknar. Undir lið 2 í þessu skjali er farið yfir kröfur til klæðninga hússins. Undir lið 5 eru stærðarkröfur til stiga upp á aðra hæð ásamt breidd á göngupalli yfir nótageymslum og þá er stærð á hringstiga gefin. Í lið 6 er að finna nánari lýsingu á veiðarfærahólfum og þar tiltekið hvaða rör eigi að nota, gönguleiðir, bil á milli rimla og að allt stál eigi að vera heitgalvanhúðað.

Samkvæmt þessu eru teikningarnar fyrst og fremst fyrirkomulagsteikningar en engar stærðir eru t.d. gefnar á burðarbitum og súlum né nánari hönnun á umræddu „secondary stáli“. Í forsenduskjalinu eru þó gefnar hugmyndir um mál á rörum í hólfum í veiðarfærageymslum. Hvað varðar veiðarfæragólf og göngubrú milli þeirra er ljóst að fram þyrfti að fara frekari hönnun til þess að hægt væri að áætla rétt stálmagn í umrædda hluti þó svo gefin sé upp hugmynd af rörum. Ekki eru gefnar upp neinar kröfur varðandi álag á grindur, frágang á þeim eða hönnun á göngubrú á milli grinda og hvernig hún er borin uppi. Einnig vantar mál á hólfum svo hægt væri að magntaka lengdarmetra í rörum.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að fram sé komið að við tilboðs- og samningsgerð hafi legið fyrir gögn varðandi „secondary stálið“ þó að ljóst væri að hönnun, bæði stálvirkisins og annars stáls, væri ekki að fullu lokið. Hafi því einnig mátt vera ljóst að framleiðandi þyrfti að fara í umtalsverða hönnun á mannvirkinu og afla upplýsinga í því skyni frá stefnanda áður en framleiðsla gat hafist. Dómurinn áréttar þó að í 6. gr. samningsins sagði að kaupandi hefði afhent seljanda öll gögn sem til þyrftu til

að hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á hinu selda. Er stefnda því ekki stætt á að halda því fram að engin gögn hafi legið fyrir vegna „secondary stálsins“ við tilboðs- og kaupsamningsgerð og þegar af þeirri ástæðu sé augljóst að það hafi ekki getað verið hluti af tilboði og samningi aðila. Er þeim sjónarmiðum stefnda því hafnað.

Stefndi hefur bent á að 9. mars 2018 hafi hann sent riss af stálgrind ásamt drögum að samningi til stefnanda. Telur stefndi að rissið beri það með sér hvað hafi verið innifalið í tilboðinu sem sé aðeins það sem hann kallar stálgrindarhús en ekki umrætt „secondary stál“. Dómurinn bendir á að teikningin ber með sér að vera á frumstigi en ekki er hægt að líta á hana sem lokateikningu hússins enda vantar t.d. á hana stál sem þó er ekki deilt um að hafi verið innifalið í samningi aðila eða svokölluð z-langbönd.

Við túlkun samnings aðila verður að hafa í huga að samningsdrögin stöfuðu frá stefnda og voru samin af honum. Horfa verður til þess að stefndi kom fram gagnvart stefnanda sem sérfróður söluaðili og gerði sem slíkur tilboð í hönnun og smíði stálgrindarhúss á grundvelli þeirra gagna sem beiðni stefnanda fylgdu og þegar hefur verið lýst. Hvort sem stefndi telur sig hafa verið beinan söluaðila stálgrindarhúss eða eingöngu millilið um sölu stálgrindarhúss er ljóst að samkvæmt 4. mgr. 1. gr. samningsins ábyrgðist hann gagnvart stefnanda að hið selda væri í samræmi við samþykkt tilboð og endanlegar teikningar. Þá kom skýrt fram í 6. gr. samningsins að kaupandi hefði afhent seljanda öll gögn sem nauðsynleg væru til að „hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á hinu selda“ eins og áður sagði.

Stefndi viðurkennir í greinargerð sinni að umrætt svar starfsmannsins í tilefni af fyrirspurn tengiliðar stefnanda um efni tilboðsins „var efnislega ekki rétt og á misskilningi byggt og hefði það mátt vera nákvæmara“. Starfsmaðurinn, Ingvar Skúlason, bar á þann veg fyrir dómi að þetta svar hefði verið „mín fljótferni“ og hann „hefði mátt vera nákvæmari“. Dómurinn tekur fram að hafi ætlun stefnda verið sú að undanskilja umrætt stál frá tilboði sínu þá er framsetning þess, í ljósi tilboðsbeiðni stefnanda, og viðbrögð stefnda, við fyrirspurn stefnanda í kjölfarið um efni tilboðsins, verulega villandi og beri að skýra þann óskýrleika stefnda í óhag.

Dómurinn hafnar þeim sjónarmiðum stefnda að stefnandi hafi þrátt fyrir þessi samskipti átt að átta sig á því að umrætt stál væri ekki inni í tilboðinu og þar með samningi aðila og þá hafi hann einnig átt að átta sig á því að umrætt stál væri miklu dýrara enda um allt aðra framleiðslu að ræða. Um þetta er það að segja að hafa verður í huga að stefndi er tilboðsgjafi og söluaðili vörunnar gagnvart stefnanda og verður hann að teljast sérfróður á því sviði. Koma þessi sjónarmið því ekki til neinna álita af hálfu dómsins.

Vegna athugasemda stefnda um að stefnandi hafi átt að gera sér grein fyrir því að tilboð stefnda byggði á tilboði erlends stálframleiðanda og sem hafi verið hluti samnings aðila tekur dómurinn fram að stefndi var viðsemjandi stefnanda. Samskipti eða

samningar stefnda og stálframleiðandans um verð eða annað voru stefnanda óviðkomandi. Stefndi var tilboðsgjafi gagnvart stefnanda en ekki stálframleiðandinn og tilboðið bar ekki annað með sér en að það stafaði frá stefnda.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn að stefnanda hafi verið rétt að gera ráð fyrir því að samningur aðila tæki til alls þess stáls sem hann hafði óskað eftir tilboði í, þ. á m. „secondary stálsins“. Dómurinn telur að svo hafi um samist með aðilum að fyrir hendi væru nægileg gögn til að hefja hönnunarvinnu og framleiðslu þess stáls. Þó má einnig vera ljóst að húsið var ekki fullhannað við kaupsamningsgerð og að frekari hönnunarvinna var framundan, bæði af hálfu aðalhönnuðar stefnanda og af hálfu stálframleiðanda, áður en til þess gat komið að stefnandi samþykkti framleiðsluteikningar og framleiðslan hæfist í kjölfarið. Þá verður að líta svo á að endanleg hönnun fól að vissu leyti í sér ákveðið samstarf af hálfu þessara aðila. Það er því niðurstaða dómsins að hið svokallaða „secondary stál“ hafi verið hluti af tilboði og þar með samningi aðila. Verður stefndi að bera allan halla af óljósri samningsgerð að þessu leyti. Dómurinn vekur athygli á því að í tilboði stefnda var einn tilboðsliðurinn „heitgalvanhúðun“ og miðaði hann við hundrað tonn. Í tilboðsbeiðni stefnanda var miðað við að stál í veiðarfærahólfum væri heitgalvanhúðað.

Stefnandi gerir í málinu kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda á tjóni hans vegna afhendingardráttar og vegna galla á hinu selda hvað varðar stálmagn í stálburðarvirkið.

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint getur kaupandi, samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000, beitt vanefndaúrræðum gagnvart seljanda ef kaupanda er ekki sjálfum um að kenna. Forsenda þess að kaupandi geti beitt slíkum úrræðum er því sú að tafir á afhendingu verði ekki raktar til hans. Koma vanefndaúrræði 23.–29. gr. laganna ekki til neinna álita sé þessi forsenda ekki uppfyllt. Stefnandi byggir á því að tafir á afhendingu verði ekki raktar til hans og jafnvel þó svo væri sé það í svo litlum mæli í samanburði við tafir sem raktar verði til stefnda að hann sem seljandi beri ábyrgð á afhendingardrætti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2000.

Auk framangreinds ákvæðis 22. gr. laganna er óhjákvæmilegt við úrlausn á þessum þætti málsins að líta til þess að í samningi aðila var ábyrgð stefnda sem seljanda tíunduð í 4. mgr. 1. gr. samningsins þar sem sagði að stefndi bæri ábyrgð gagnvart stefnanda á því að hið selda væri í samræmi við samþykkt tilboð og endanlegar samþykktar teikningar sem staðfestar væru af kaupanda og kæmu í ljós gallar á hinu selda eða ef afhending færi ekki fram á réttum afhendingardegi bæri stefndi ábyrgð á tjóni sem slíkt kynni að valda stefnanda í samræmi við nr. 50/2000. Þessar skyldur stefnda eru ítrekaðar í 3. mgr. 4. gr. þar sem sagði að ef afhending til kaupanda færi ekki fram á réttum afhendingardegi bæri seljandi ábyrgð á tjóni sem það kynni að valda stefnanda í samræmi við lög nr. 50/2000.

Í 4. gr. samningsins, sem fjallar m.a. um afhendingu hins selda, segir í 1. mgr. að seljandi muni afhenda „stálgrind og samlokueiningar“ 16-18 vikum eftir að borist hefði 25% innborgun frá kaupanda til staðfestingar á pöntun. Fyrir liggur að stefnandi innti af hendi þá innborgun 28. mars 2018 en samningurinn var ekki undirritaður fyrr en 28. apríl 2018. Á hinn bóginn liggur fyrir að starfsmaður stefnda, Ingvar Skúlason, sem var samkvæmt ákvæðum samningsins sjálfs tengiliður seljanda, staðfesti í tölvupósti 25. júní 2018 að 28. mars 2018 væri viðmiðunardagur samkvæmt samningum hvað varðar afhendingu og verður sú dagsetning því lögð til grundvallar í málinu og sjónarmiðum stefnda um annað hafnað.

Allt stál samkvæmt 1. mgr. 4. gr. í samningnum átti því að afhenda á verkstað stefnanda í Neskaupsstað 16-18 vikum frá 28. mars 2018 að telja eða á tímabilinu 18. júlí til 1. ágúst 2018 með hliðsjón af framangreindu. Líta verður svo á að stálið teljist fyrst hafa verið afhent þegar það hafði verið afhent á verkstað og stefnandi veitt því viðtöku, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Stál í burðarvirkið mun hafa verið afhent á verkstað í tveimur hlutum, þ.e. 10. september og 1. október 2018. Af þessu er ljóst að stál barst tæpum sex vikum til níu vikum á eftir áætlun miðað við ákvæði samningsins. Þegar horft er til „secondary stálsins“ og miðað við sama tímamark samningsins og áður barst það allt frá 11 mánuðum til tæpum 15 mánuðum á eftir áætlun. Ljóst er því að miklar tafir urðu á afhendingu stáls miðað við umsamda afhendingardaga samkvæmt kaupsamningi, sérstaklega þegar litið er til secondary stálsins. Stefnandi byggir á því að tafirnar séu alfarið á ábyrgð stefnda en því hefur stefndi hafnað og telur kröfur stefnanda um breytingar á verkinu og langan hönnunartíma af hans hálfu hafa tafið framleiðslu stálsins og þar með afhendingu.

Eftir yfirferð á gögnum málsins þykir óhætt að leggja eftirfarandi dagsetningar til grundvallar í málinu: Hönnunargögn vegna aðalburðarvirkis bárust frá stálframleiðanda 12. júlí 2018 og vegna stiga milli hæða 19. júlí 2018. Hönnunargögn vegna grinda bárust frá stálframleiðanda 23. janúar 2019. Hönnunargögn vegna handriða á svalir, palla utan á húsi og handriða innanhúss bárust frá stálframleiðanda 18. febrúar 2019. Hönnunargögn vegna göngupalla inni í veiðarfærageymslu bárust frá stálframleiðanda 21. febrúar 2019 og lokahönnun hönnunargagna vegna „secondary stáls“ 11. apríl 2019.

Dómurinn tekur fram að ekki verði séð að samningur aðila hafi mælt sérstaklega fyrir um tímamörk afhendingar hönnunargagna frá framleiðanda en af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram að þau hafi átt að berast fyrir 28. apríl 2018. Af því leiðir þó að tafir á afhendingu gagna frá stálframleiðanda til tengiliðar stefnanda, Björns Sveinssonar, til samþykktar, leiddu sjálfkrafa til tafa á því að framleiðsla gæti hafist.

Dómurinn bendir á að framleiðsluáætlanir stálframleiðandans gerðu ráð fyrir samþykki og undirskrift tengiliðar stefnda sem seljanda, en ekki tengiliðar stefnanda, sem kaupanda enda ekkert samningssamband milli stefnanda og stálframleiðandans. Þá

verður ekki séð að framleiðsluáætlanir stálframleiðandans hafi verið hluti samnings aðila eða að þær hafi verið sendar stefnanda fyrr en hann hafði ítrekað gengið eftir upplýsingum um hvað vinnu stálframleiðanda liði.

Af upphaflegri verkáætlun stálframleiðanda frá 25. júní 2018 má á hinn bóginn ráða að hönnunargögn hafi átt að byrja að berast 14. maí 2018, síðustu kraftar 8. júní, framleiðsla átt að hefjast í 25. viku eða 18. júní 2018 og afhending stáls í Tallinn í Eistlandi, ekki á verkstað, í viku 29 til 31 eða frá 16. júlí til 5. ágúst 2018 og afhending frá vöruhúsi stefnda í 32. viku eða frá 6. ágúst 2018. Í uppfærðri áætlun stálframleiðandans frá 25. júlí 2018 hefur upphafstíma framleiðslu stálsins seinkað frá 25. til 29. viku eða frá 18. júní til 16. júlí 2018 og átti framleiðslu nú að ljúka í 34. viku eða 27. ágúst í stað 30. viku eða 23. júlí 2018, afhendingu stáls í Tallinn í Eistlandi frá vikum 29-31 til vikna 33-35 og afhendingu úr vöruhúsi stefnda til 35. viku eða til 27. ágúst 2018.

Óhætt þykir að leggja eftirfarandi dagsetningar um afhendingu stáls til grundvallar í málinu en þær fá stoð í gögnum málsins og stefndi hefur ekki mótmælt þeim sérstaklega: Fyrri hluti stáls í aðalburðarvirkið var afhentur á verkstað 10. september 2018. Seinni hluti stáls í aðalburðarvirkið var afhentur á verkstað 1. október 2018. Fyrri hluti klæðningar var afhentur á verkstað 22. október 2018 og seinni hluti klæðningar á verkstað 4. nóvember 2018. Stál í stiga var afhent á verkstað 17. júní 2019. Fyrri hluti stáls í svalir, palla og handrið var afhentur á verkstað 12. ágúst 2019 og seinni hluti þess á verkstað 7. október 2019.

Af gögnum málsins er ljóst að hönnun og framleiðsla stálgrindarinnar gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig þó að fyrir liggi að á framleiðslu og afhendingu urðu tafir sem þegar hefur verið lýst. Þannig er fram komið að fljótlega eftir samningsgerð fór stefnanda að lengja eftir kraftaplani og spyr tengiliður hans um það strax 2. maí 2018 og tekur fram að mikilvægt sé að þetta berist sem fyrst svo hægt sé að hefjast handa við að hanna undirstöður hússins en þetta hafði mikla þýðingu við áframhaldandi hönnun hússins. Fram kemur í gögnum af fundi aðila 28. júní 2018 að það kraftaplan sem hefði að lokum verið afhent hefði að mati stefnanda verið ófullnægjandi og að enn væri beðið eftir fullnægjandi kraftaplani frá framleiðanda. Af upphaflegri framleiðsluáætlun verður ráðið að „síðustu kraftar“ hafi átt að liggja fyrir 8. júní 2018.

Af gögnum verður ráðið að 21. maí 2018 var af hálfu stefnanda óskað eftir breytingum sem fólust m.a. í því að kranaspor var hækkað, gólf í veiðarfærageymslu lækkað og staðsetningu göngupalla breytt og gluggagötum og hurðum breytt. Ekki er unnt að líta svo á að þessar breytingar hafi haft mikil áhrif á aðalburðarvirkið, hönnun þess eða framleiðslu, heldur veiðarfærageymslu sem tilheyrði hönnun og framleiðslu á „secondary stálinu“ en sú hönnun var af hálfu stálframleiðanda ekki hafin að nokkru marki á þessum tíma. Þá verða breytingar sem óskað var eftir 21. og 24. apríl 2018, og

23. og 24. maí og 5. júní 2018 heldur ekki taldar þess eðlis að þær hafi haft mikil áhrif á hönnun aðalburðarvirkisins. Dómurinn tekur sérstaklega fram að breytingar fram til 24. apríl 2018 sem vörðuðu m.a. notkun holplatna í milligólf í stað stálburðarvirkis og breyting á legu samlokueininga hafi af þessum breytingum verið einna mestar en að mati dómsins geta þær ekki útskýrt þær tafir sem urðu á afhendingu stáls í aðalburðarvirkið.

Þá verður að telja að breytingar sem stefnandi óskaði eftir 9. júlí 2018 og vörðuðu burðargetu hlaupakattarbita hafi ekki verið svo stórvægilegar að þær hafi kallað á „algjöra hönnunarbreytingu á burðarvirki“ eins og stefndi heldur fram og að það hafi þurft að „reikna/hanna allt upp á nýtt“. Í það minnsta er ljóst að endanleg gögn frá stálframleiðanda til samþykktar stefnanda bárust 12. júlí 2018 og fulltrúi stefnanda staðfesti þær. Stálið í aðalburðarvirkið barst svo í september og október 2018 og stálklæðningin í október og nóvember 2018. Þá er ekki að sjá að stefnandi hafi óskað eftir nokkrum breytingum á hönnun á framleiðslutíma aðalburðarvirkisins.

Stefndi virðist byggja á því að gögn málsins beri með sér að beðið hafi verið eftir hönnun stefnanda en ekki stálframleiðanda. Að mati dómsins er ekki unnt að fallast á þetta. Af gögnunum verður þvert á móti ráðið að beðið hafi verið eftir framleiðsluteikningum frá stálframleiðanda og þá sést að þegar þær bárust hafi tengiliður stefnanda ávallt samþykkt þær innan sjö daga sem var það tímamark sem samningur aðila gerði ráð fyrir. Verður að hafna þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið af hálfu stefnda að beðið hafi verið eftir hönnunarteikningum frá stefnda fram í júlí 2018 vegna aðalburðarvirkis og fram í apríl 2019 vegna „secondary stálsins“. Í báðum tilvikum er um það að ræða að stálframleiðandi er að senda stefnanda framleiðsluteikningar til samþykktar svo framleiðsla geti hafist en ekki að stefnandi sé að senda frá sér hönnunarteikningar.

Dómurinn telur því með hliðsjón af öllum atvikum málsins og þess sem framan er rakið að þær tafir sem urðu á afhendingu stáls í meginburðarvirki hússins verði ekki raktar til stefnanda, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000 og er sjónarmiðum stefnda þar að lútandi hafnað.

Áður en fjallað verður um hönnun og framleiðslu og afhendingu „secondary stálsins“ er rétt að fjalla aðeins um samskipti aðila frá þeim tíma er stefnandi samþykkti framleiðsluteikningar meginburðarvirkisins um miðjan júlí 2018.

Tengiliður stefnanda lýsti því yfir 13. júlí 2018 að þeim áfanga væri nú náð að stefnandi væri búinn að samþykkja hönnun í meginburðarvirki hússins en eftir eigi að klára stiga, göngupalla og grindur í veiðarfærageymslu. Hann óskar eftir upplýsingum um afhendingu stáls í meginburðarvirki og hvenær stálframleiðandi verði búinn að hanna allt stál í bygginguna og hvenær það stál verði afhent. Fyrirspurnin er ítrekuð 23. júlí 2018.

Stefndi sendir stefnanda uppfærða framleiðslu- og afhendingaráætlun framleiðanda 25. júlí 2018 þar sem verkinu hafði verið hnikað til og átti því nú að ljúka í viku 35 í stað viku 32. Í þessari áætlun er ekki fjallað um neitt annað stál en „steel frame“ og er ekki að sjá að í henni komi nokkuð fram um framleiðslu „secondary stálsins“. Stálframleiðandinn svarar því til í tölvupósti 3. ágúst 2018 að „secondary stálið“ hafi ekki verið hluti af upphaflegu tilboði hans. Í samskiptum þann dag hafði tengiliður stefnanda spurt hvort framleiðandinn væri byrjaður á veiðarfærageymslunum og hann svarar að stigar, pallar og netageymslur væru ekki innifaldar í tilboðinu og hann hefði talið víst að þetta efni kæmi frá öðrum framleiðanda. Tengiliður stefnanda svarar strax á þá leið að samkvæmt upplýsingum frá stefnda myndi stálframleiðandinn afhenda allt stál í bygginguna „cells and stairs included“. Í tölvupósti stálframleiðandans 7. ágúst 2018 segir hann: „We have no idea how must be done net storage cells.“ Samskiptin halda áfram milli hans og tengiliðar stefnanda 13. og 14. ágúst 2018 um útfærsluna, hvort og hvernig festingar væru við gólf o.fl. Slík samskipti eiga sér einnig stað 15., 21. og 22. ágúst 2018. Engin umræða á sér stað milli stefnanda og stálframleiðandans um verð. Tengiliður stefnda er á öllum þessum póstum en ekki er að sjá að hann bregðist við þeim.

Stefndi sendir svo tilboð til stefnanda í „stiga, palla og snjógildru“ 4. september 2018 og segir jafnframt að ganga þurfi frá pöntun vegna samlokueininga. Tengiliður stefnanda svarar samdægurs: „Ertu viss um að þetta séu rétt verð. Stál í nótagrindur, stiga og palla (ekki hringstigann) áttu að vera innifaldar í magninu 268 tonn á verði ca 315 kr/kg en ca 395kr/kg f. heitgalvanhúðað sbr. upplýsingar frá þér 13. des. Mér sýnist verð á nótagrindur, stiga og palla vera um og yfir 1000 kr/kg.“

Gögn málsins bera ekki með sér að stefndi hafi brugðist við þessari fyrirspurn en af hálfu stefnda er því haldið fram að þar sem tengiliður stefnanda hafi ekki gert fleiri athugasemdir, og í framhaldinu hafi verið byrjað að hanna „secondary stálið“, hafi stefnandi samþykkt það verð sem fram hefði komið í tilboði stefnda 4. september 2018. Þetta fellst dómurinn ekki á. Það stóð stefnda nær að bregðast við og ganga eftir því við stefnanda að ljóst væri að umrætt stál væri ekki innifalið í verðinu og tryggja að samið yrði um það sérstaklega teldi hann það ekki vera inni í upphaflega tilboðinu og kaupsamningi aðila. Það gerði stefndi ekki. Verður hér að hafa í huga það skýra svar sem starfsmaður stefnda gaf tengiliði stefnanda 13. desember 2017 og áður nefnd samskipti í byrjun ágúst og byrjun september 2018 og getið er um hér að framan.

Ekkert virðist hafa gerst í framhaldinu en aðilar hittust á fundum í október og nóvember 2018. Við aðalmeðferð málsins var á stefnanda að skilja að því væri mótmælt að síðari fundurinn hefði farið fram en telja verður nægilega fram komið með framburði Björns Sveinssonar fyrir dóminum að hann hafi átt fund með stefnda á þessum tíma og fyrirvarsmaður stefnanda hafi haft vitneskju um það. Björn bar fyrir dóminum að á nóvemberfundinum hefði verið ljóst að stefnandi taldi „secondary stálið“ ekki innifalið.

Gögn málsins bera með sér að starfsmaður stefnda sendi fyrirspurn til annars erlends framleiðanda 1. nóvember 2018 þar sem hann biður um tilboð í stiga o.fl. Í tölvupósti 21. desember 2018 til stefnanda segist hann staðfesta að stálframleiðandinn hafi ekki staðfest að hann muni hanna það „stál sem eftir á að afhenda“ og stefndi hafi því sett sig í samband við annan framleiðanda. Þá er fram komið í málinu að á þessum tíma eða í desember 2018 og janúar 2019 voru aðilar einnig að reyna að leysa málið með því að umrætt stál yrði smíðað hér heima. Hafi Verkís tekið það að sér og hafist handa við hönnun en af þessu hafi svo ekki orðið. Kemur þetta fram í samskiptum aðila 14. janúar 2019. Bendir dómurinn á að þetta getur ekki bent til þess eða stutt þau sjónarmið stefnda að stefnandi hafi talið koma til greina að taka tilboði því sem stefndi hafði sent í september 2018 og stefnandi hafði strax lýst efasemdum sínum um. Gat stefndi því ekki staðið í þeirri meiningu að stefnandi hefði tekið hinu nýja tilboði sem stefndi kallar svo.

Stefndi hefur haldið fram að stefnandi hafi fyrst gert athugasemd við „secondary stálið“ í lok nóvember 2018. Ekki verður það þó rakið af framangreindum samskiptum heldur þvert á móti enda gerir stefnandi strax athugasemd 4. september 2018 og í samskiptum í framhaldinu mótmælir hann reikningi frá 30. september 2018. Virðist stefndi aftur á móti fyrst 26. október 2018 hreyfa mótmælum við þeim skilningi stefnanda að „secondary stálið“ hafi verið inni í tilboði stefnda og þar með hluti af samningi aðila. Á fundi aðila 23. október 2018 útskýrir stefndi fyrst að „já-ið“ hefði þýtt að göngupallar og stigar yrðu verðlagðir eins og stálgrind ef um sama stál væri að ræða og þannig hefði átt að skilja svar starfsmanns stefnda í tilefni af fyrirspurn tengiliðar stefnanda 17. desember 2017.

Stefndi og stálframleiðandinn áttu í samskiptum 23. janúar 2019 þar sem stefndi þakkar fyrir svokallað „CAD model“ og segir að hann þurfi að fá að vita hvort stálframleiðandinn geti framleitt „remaining items, stairs, landing, wall“. Tengiliður stefnanda fær afrit af póstinum. Svarar stálframleiðandinn „if you can approve our drawings and offer“. Verður að líta svo á að stálframleiðandinn sé að beina svarpósti sínum að stefnda og spyrja hvort hann samþykki verðið á „secondary stálinu“ enda hafði stefndi sent stálframleiðandanum ofangreinda fyrirspurn. Áréttar dómurinn að ekkert samningssamband var á milli stálframleiðandans og stefnanda og var það ekki hlutverk tengiliðar stefnanda að samþykkja verð heldur framleiðsluteikningar frá stálframleiðandanum í samræmi við ákvæði samningsins. Var stefnanda því rétt að líta svo á að þessu væri beint til stefnda og það væri stefnda að bregðast við pósti stálframleiðandans. Þegar hönnunin kom svo frá stálframleiðandanum í apríl 2019 þá svaraði stefnandi þeim tölvupósti og samþykkti hönnunina í samræmi við ákvæði 6. gr. samningsins eins og hann hafði margsinnis gert áður. Engan veginn er hægt að líta svo á í ljósi samskipta aðila og réttarsambands þeirra í milli að stefnandi væri með samþykkt teikninga að samþykkja verðið sem stálframleiðandinn hafði sent í pósti til stefnda 23.

janúar 2019 heldur eingöngu að yfirfara og samþykkja hönnun stálframleiðandans til að tryggja að þeir stálhlutir sem þá voru í hönnun væru í samræmi við óskir stefnanda. Dómurinn telur því engan veginn unnt að líta svo á að „nýr samningur“ hafi komist á í kjölfar „nýs tilboðs“ um „secondary stálið“ eins og stefndi gengur út frá í sínum málalíbúnaði og að stefnandi hafi samþykkt slíkt tilboð í verki.

Hér er því áréttuð sú niðurstaða dómsins að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á að „secondary stálið“ væri hluti af tilboði aðila og þar með samningi aðila. Horfa verður til þess að samskipti aðila voru um margt óljós. Þá steig stefndi ekki inn í málið þegar fullt tilefni var til þess strax í ágúst 2018 og síðar í framhaldi samskipta í september 2018 en viðbrögð stálframleiðandans og stefnanda gáfu tilefni til þess. Þá aðhafðist stefndi ekkert í janúar 2019 í kjölfar fyrirspurnar stálframleiðandans um að hann tæki framleiðslu „secondary stálsins“ að sér ef fallist yrði á tilboð hans. Á sama tíma og raunar líka á fyrri stigum, þ.e. í maí, júní og júlí eru samskipti um „secondary stálið“.

Verður stefndi að bera allan halla af óljósri samningsgerð og óskýrum samskiptum að þessu leyti. Koma því þær breytingar sem gerðar voru á því stáli, á hönnunar og framleiðslustigi, einnig til skoðunar hér í framhaldinu og áhrif þeirra á afhendingu stálsins.

Ljóst er að tafir urðu verulegar vegna hins svokallaða „secondary stáls“. Verður málalíbúnaður stefnda skilinn svo að þær tafir megi rekja til þess að stefnandi hafi neitað að greiða fyrir stálið. Af atvikum og gögnum málsins verður ráðið að þegar kom að afhendingu „secondary stáls“ taldi stefnandi sig hafa ofgreitt fyrir stálið. Stefndi vildi aftur á móti ekki afhenda stálið nema að greiðsla yrði áður innt af hendi. Leit stefnandi svo á að síðustu 25% af samningsfjárhæðinni bæri honum að greiða við afhendingu á verkstað, samkvæmt 3. gr. samningsins, en ekki fyrir afhendingu þess. Stefndi væri þannig að vanefna samninginn og halda stálinu eftir með ólögætum hætti. Hefur stefndi haldið því fram að honum hafi því verið rétt að halda eftir eigin greiðslu á grundvelli 51. gr. laga nr. 50/2000 vegna vanefnda stefnanda á skyldum sínum, sbr. 50. gr. laganna. Dómurinn fellst ekki á þetta og telur gögn málsins ekki styðja þau sjónarmið stefnda að stefnandi hafi á einhvern hátt komið í veg fyrir að stefndi gæti uppfyllt skyldur sínar með því að afhenda ekki hönnunargögn eða vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningi aðila á annan hátt.

Dómurinn vekur athygli á því að af samskiptum aðila megi sjá að stálframleiðandi sendi teikningar af stiga í júlí 2018 og ýmis samskipti áttu sér stað í framhaldinu um hönnun stálframleiðanda á „secondary stáli“ á tímabilinu 31. maí 2018 til 5. september 2018. Verður þannig að álykta að umræða um hönnun þess stáls hafi að einhverju leyti verið hafin í júlí 2018 og að stálframleiðandi hafi þegar á þessu stigi verið með í höndunum hönnun frá stefnanda til að vinna úr. Ekki fær því staðist það sem stefndi heldur fram að stefnandi hafi fyrst sent stálframleiðanda hönnunargögn vegna

„secondary stáls“ 23. janúar 2019 eins og áður hefur verið tæpt á. Þau samskipti sem stefndi hefur vísað til í þessu sambandi styðja ekki málatilbúnað hans að þessu leyti þar sem af þeim verður ráðið að í þeim er stefnandi að yfirfara og samþykkja framleiðsluteikningar frá stálframleiðanda eins og honum bar að gera í samræmi við ákvæði samningsins en ekki að senda nein hönnunargögn eftir samningsgerð. Á hinn bóginn er ljóst að 23. janúar 2019 sendi stálframleiðandi teikningar af grindum til stefnanda til yfirferðar og samþykktar. Þá virðist ekkert hafa gerst í hönnun á „secondary stáli“ frá því í september 2018 þegar ágreiningur kom fyrst upp um það stál. Þarna var því um algert hlé að ræða í fimm mánuði.

Dómurinn tekur fram að í kjölfar tölvupósta í lok janúar 2019 sem fyrr var getið áttu stálframleiðandi og tengiliður stefnanda í samskiptum vegna hönnunar á „secondary stáli“. Samkvæmt gögnum málsins óskaði stefnandi eftir nokkrum breytingum vegna „secondary stálsins“ á hönnunarstigi þess frá lokum janúar og fram til loka mars 2019. Þannig óskar hann eftir breytingum 29. janúar 2019, 7. febrúar 2019, 29. febrúar 2019, 1. mars 2019, 28. mars 2019. Þessar breytingar eiga það þó sammerkt að þó að þær séu ekki stórvægilegar leiddu þær ýmist af sér aukið eða minnkað stálmagn og verður að gera ráð fyrir að þær hafi seinkað hönnunarvinnu stálframleiðanda um einhvern tíma. Þær gátu þó aldrei verið meginorsök þeirra tafa sem á endanum urðu á afhendingu stálsins enda verða þær í framhaldi þess að lokahönnun barst stefnanda til samþykktar 11. apríl 2019 helst raktar til þess ágreinings sem svo kom upp í framhaldinu varðandi uppgjör á samningi aðila og ágreining um það hvað var innifalið. Þá er ekki að sjá að stefnandi hafi óskað eftir breytingum á framleiðslutíma stálsins. Framleiðsla hófst fljótlega eftir samþykktu lokahönnun teikninga. Á þeim tíma sem leið svo fram að afhendingu stálsins í júní, ágúst og október 2019 óskar stefnandi ítrekað eftir upplýsingum um hvað líði afhendingu stálsins, þ.e. með fyrirspurnum í tölvupósti 24. apríl 2019, 9., 16. og 20. maí 2019, 13. júní 2019, 2., 13. og 23. júlí 2019. Stál í veiðarfærageymslu kom svo á verkstað í tveimur hlutum, sá fyrri í ágúst 2019 og hinn síðari í október 2019.

Dómurinn tekur fram að breytingar geta talist eðlilegur hluti við framleiðslu af þessu tagi og að hönnunin krefst að einhverju leyti samstarfs eða samspils aðalhönnuðar og hönnuðar stálframleiðanda. Verður að fallast á með stefnanda að samskipti um breytingar og aðlaganir á hönnun stálframleiðanda að óskum stefnanda gefi ekki vísbendingar um að hönnun stefnanda hafi ekki legið fyrir líkt og stefndi hefur haldið fram heldur endurspegli framangreint. Þá bendir dómurinn á að samkvæmt ákvæðum samnings aðila, og þess sem fram kemur í gögnum málsins, var hönnunarferlið með þeim hætti að grunnhönnun hússins kom frá aðalhönnuði og tengilið stefnanda og að sú hönnun lá að einhverju leyti fyrir við gerð kaupsamnings eins og fyrr er getið. Aðalhönnuður hússins ákvað form hússins, gluggastaðsetningar og almennt fyrirkomulag þess. Stálframleiðandi gerði svo sínar eigin teikningar út frá teikningum

aðalhönnuðar og sá hinn sami yfirfór og samþykkti áður en framleiðsla gat hafist. Þá fékk stálframleiðandinn álagsforsendur til að ákvarða stærðir burðarvirkisins og upplýsingar til að gera grunn- og útlitsmyndir. Stálframleiðandi ákvað svo stálpversnið svo þau uppfylltu hönnunarkröfur samkvæmt gefnum forsendum.

Hvað varðar þau sjónarmið stefnda að tafir hafi verið til komnar vegna samskipta stefnanda eða Verkís hf. við stálframleiðanda og að breytingar og/eða hönnun hafi ekki verið tilbúin af hálfu stefnanda sem hafi valdið töfum hjá stefnda eða stálframleiðanda er áréttað að í 6. gr. samningsins er sérstaklega tekið fram að stefndi hefði þegar fengið afhent frá stefnanda öll gögn sem nauðsynleg væru til að hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á stáli.

Í 2. mgr. 1. gr. samningsins sagði að tilboðið væri „í gegnum erlendan birgja og mun seljandi flytja vöruna til landsins sérstaklega fyrir kaupanda“. Tekið var fram að mjög áriðandi væri „að framleiðandi ljúki við framleiðsluteikningar sem fyrst og því er nauðsynlegt að verkkaupi staðfesti útreikninga og teikningar framleiðanda eins fljótt og mögulegt er svo ekki komi til seinkunar á afhendingu af hendi framleiðanda af þeim sökum“. Jafnframt var tekið fram að svo hægt væri að standa við afhendingu samkvæmt samningnum þyrfti verkkaupi að samþykkja teikningar eigi síðar en sjö dögum eftir að hann fengi þær afhentar til yfirferðar og ef seinkun yrði á samþykki teikninga seinkaði afhendingu í samræmi við það. Eftir því sem fram er komið í málinu og ráða má af gögnum þess virðist þetta hafa staðist í öllum tilvikum og samþykki ávallt veitt innan dagsins eða daginn eftir að stálframleiðandi afhenti framleiðsluteikningar. Dómurinn vekur athygli á því að í greininni er í tvígang talað um „verkkaupa“ sem þó var ekki aðili samningsins. Þó skilja verði ákvæðið svo að hér sé átt við skyldur stefnanda að þessu leyti er þetta dæmi um ónákvæma samningsgerð af hálfu stefnda.

Í þessu sambandi breytir engu þótt afhendingardrátt megi að einhverju leyti rekja til stálframleiðanda enda bar stefndi ábyrgð á vinnu hans gagnvart stefnanda, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/2000 og 4. mgr. 1. gr. kaupsamningsins. Er ekki unnt að líta svo á að stefndi hafi eingöngu verið milliliður stefnanda og stálframleiðandans og aðeins séð um að flytja stálið til landsins og greiða stálframleiðanda hans reikning eins og stefndi virðist halda fram. Dómurinn telur alveg ljóst að ekkert samningssamband var milli stefnanda og stálframleiðanda. Breytir því ekki þótt stefnandi og hönnuðir á hans vegum hafi verið í beinu sambandi við stálframleiðandann enda verður að líta svo svo á að samskipti af því tagi hafi að nokkru verið nauðsynleg ekki síst eftir að framkvæmd samningsins hvað varðar afhendingu stáls var komið í ákveðið óefni. Þá bendir dómurinn á að líta verði svo á að stefndi hafi fallist á slíkt fyrirkomulag í tölvupósti 17. apríl 2018.

Dómurinn telur því með hliðsjón af öllum atvikum málsins, samskiptum aðila og því sem að framan er rakið, að þær tafir sem urðu á afhendingu hins svokallaða

„secondary stáls“ verði ekki raktar til stefnanda, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000 og er sjónarmiðum stefnda þar að lútandi hafnað.

Dómurinn tekur fram að tafir á afhendingu stáls hafi ekki síst orðið vegna atvika sem vörðuðu tilboð- og samningsgerð aðila. Þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefndi verði að bera hallann af slakri samningsgerð, óljósum samskiptum og lélegri eftirfylgni með framkvæmd samningsins og er það áréttað hér. Verður stefndi því að bera hallann af slakri samningsgerð í tvennum skilningi, annars vegar þegar kemur að úrlausn um það hvað fólst í samningi aðila og hins vegar þegar kemur að úrlausn um hvort talið verði að um afhendingardrátt hafi verið að ræða af hans hálfu.

Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaábyrgð stefnda vegna vanefnda hans á samningi aðila byggir á hlutlægrri bótareglu laga nr. 50/2000 en hvílir einnig á ákvæði samnings aðila þar sem sérstaklega var tekið fram að ef afhending til stefnanda færi ekki fram á réttum afhendingardegi bæri stefndi ábyrgð á tjóni sem það kynni að valda stefnanda í samræmi við lög nr. 50/2000. Krafa stefnanda byggir einnig á bótaskyldu stefnda innan samninga á grundvelli sakarreglunnar. Stefndi beri þannig skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann hafi valdið stefnanda með saknæmum og ólögmætum hætti og skuli bæta það tjón sem telja megi sennilega afleiðingu af háttseminni samkvæmt skilyrðum sakarreglunnar.

Meginreglan um skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart kaupanda vegna greiðsludráttar kemur fram í 1. málslíð 1.mgr. 27. gr. laga nr. 50/2000 og er þar um hlutlæga reglu að ræða. Ábyrgð seljanda er stjórnunarábyrgð en í því felst að samningsaðili ber ábyrgð á efndum samnings nema seljandi sýni fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við og ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar eins og nánar er mælt fyrir um í 2. málslíð ákvæðisins. Það er með öðrum orðum meginsjónarmiðið að kaupandinn eigi rétt til skaðabóta vegna þess tjóns sem greiðsludráttur veldur honum, sbr. 1. málslíð ákvæðisins, en seljandi getur á hinn bóginn losnað undan bótaskyldu á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 2. málslíð.

Stefndi hefur ekki gert sérstakan reka að því að sýna fram á að fyrir hendi séu aðstæður sem leitt geta til þess að bótaábyrgð hans verði aflétt. Þannig hefur stefndi ekki sýnt fram á að einhver hindrun hafi valdið afhendingardrætti og staðið efndum í vegi sem hann fékk ekki við ráðið og að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að hann hafi haft hindrun í huga við samningsgerðina eða að ekki sé sannjarnt að hann hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar. Hvað framangreint varðar tekur dómurinn fram að stefnda hafi mátt vera ljóst í upphafi, eða nokkuð fljótt eftir samningsgerð, að örðugt yrði að standa við ákvæði samningsins um afhendingu. Þannig nefnir stefnandi strax í júlí 2018 að enn eigi eftir að afhenda efni í stál, stiga og palla.

Stefndi hefði þá og við önnur tilefni síðar getað brugðist við og þannig komið í veg fyrir tafir á „secondary stálinu“ sem fyrst og fremst komu til vegna óljósrar samningsgerðar af hálfu stefnda.

Á stefnda hvílir að sanna að fyrir hendi hafi verið þau skilyrði er leysi hann undan bótaábyrgð og þá sönnunarbyrði hefur hann ekki axlað að mati dómsins. Áréttar dómurinn hér að ljóst hafi mátt vera að efndir myndu valda stefnda vandkvæðum og að ákvæði um afhendingu voru óraunhæf. Stefnda bar því að gera strax nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra afleiðingum þess, t.d. með auknu eftirliti með framleiðslu stálframleiðandans. Þannig telur dómurinn að stefndi hafi að nokkru mátt sjá fyrir þessa hindrun á efndum, sbr. 5. mgr. 27. gr. laga 50/2000.

Þá verður ekki fram hjá því horft að stefndi upplýsti stefnanda ekki um fyrirhugaðar tafir á afhendingu, sbr. 2. mgr. 28. gr. laganna, og því fékk stefnandi ekki tækifæri til að grípa til aðgerða til að takmarka tjón sitt. Stefnda mátti vera ljóst af samningi aðila, og eðli verkefnisins, að mikilvægt var fyrir stefnanda að dagsetningar um framleiðsluteikningar og afhendingu stálsins stæðust og að hann væri upplýstur um það kæmi til tafa á afhendingu. Þessari skyldu sinnti stefndi ekki vel og í raun var það stefnandi sem þurfti endurtekið og ítrekað að ganga á eftir upplýsingum um tímasetningar varðandi framleiðsluteikningar stálframleiðanda og svo afhendingu stálsins.

Ljóst má vera að miðað við væntingar stefnanda við tilboðs- og samningsgerð urðu tafir á afhendingu stáls umtalsverðar. Stefndi, sem seljandi, ber mikla ábyrgð samkvæmt lögum nr. 50/2000, eins og fyrr hefur verið rakið, og tók sem slíkur á sig ábyrgð samkvæmt ákvæðum samnings aðila, á afhendingu og gæðum vörunnar.

Jafnvel þótt talið yrði að stefnandi hefði, í ljósi fyrirspurnar hans um efni tilboðsins, getað sýnt meiri árvekni og aðgæslu þegar kom að samningsgerðinni eru skyldur stefnda svo ríkar sem seljanda að hann verður að þessu leyti að bera hallann af slakri samningsgerð og lélegri eftirfylgni með framkvæmd samningsins. Auk framangreindra annmarka á samningnum bendir dómurinn einnig á að 6. gr. samningsins, sem ber fyrirsögnina „STAÐFESTING o.fl.“, þar sem segir í 1. mgr. um afhendingu hönnunargagna: „Kaupandi hefur afhent seljanda öll gögn sem til þarf til að hefja vinnu við hönnun og framleiðslu á hinu selda. Minni háttar breytingar geta orðið á húsinu, allar breytingar skulu vera frágengnar“, er óskýr og svo virðist sem jafnvel vanti niðurlag greinarinnar þar sem ekki er ljóst hvenær eða hvernig breytingar skyldu vera frágengnar. Er þetta dæmi um ónákvæma samningsgerð af hálfu stefnda.

Samkvæmt samningi aðila, eins og hann hefur verið túlkaður af dóminum, og öllu framansögðu, skuldbatt stefndi sig til að afhenda stefnanda tiltekið magn af stáli á tilteknum tíma. Hvíldi þannig á stefnda óskoruð skylda að efna samninginn og sjá til þess að stefnandi fengi stálið afhent á tilskildum tíma. Á afhendingardrættinum ber stefndi

alla ábyrgð í samræmi við fyrirheit sín samkvæmt samningi aðila og samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 og verður ekki talið að neinar þær hindranir hafi verið í veginum sem leitt geta til þess að bótaábyrgð hans verði aflétt.

Stefndi hefur því ekki sýnt fram á að tafir megi rekja til þess að hönnun stefnanda hafi ekki verið tilbúin, auk þess sem það fólst í samningnum að nægileg hönnun lægi fyrir í upphafi svo unnt væri að hefja vinnuna, eða að henni hafi ítrekað verið breytt en fyrir því ber stefndi sönnunarbyrði. Jafnvel þó að talið yrði að tafir verði að einhverju leyti raktar til stefnanda, sem er þá helst vegna breytinga á grindum í veiðarfærageymslu í febrúar og mars 2019, er ábyrgð stefnda svo rík samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2000 að ekki er unnt að líta svo á að þær geti verið ástæða þess að stál var afhent mörgum mánuðum eftir áætlaðan afhendingartíma.

Stefndi tilkynnti stefnanda aldrei með formlegum hætti um að afhending stáls kæmi ekki til með að standast eins og honum bar að gera samkvæmt 28. gr. laga nr. 50/2000. Mátti stefnda vera ljóst að afhendingardagsetningar sammingsins myndu ekki halda eins og áður er fram komið. Hafa verður í huga þann tilgang tilkynningar samkvæmt 28. gr. að kaupandi geti gripið til aðgerða, tímabundinna eða varanlegra, til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar afhendingardráttar af hálfu seljanda, sé hann varaður við í tíma. Tilkynningarskyldan verður raunhæf þegar hindrun hefur orðið eða þegar búast má við að hindrun verði sem skiptir máli fyrir réttar efndir. Skiptir þá ekki máli hvers eðlis hindrunin er og ekki heldur hvort hún stafi af ástæðum sem seljandi gat haft áhrif á samkvæmt 27. gr. Sú staða, að tilkynningarskyldan yrði ekki virk þar sem stefndi gat gert ráð fyrir því að afstýra mætti yfirvofandi drætti á afhendingu samkvæmt samningi aðila, var ekki uppi í málinu að mati dómsins.

Óumdeilt er að stálið var ekki afhent á umsömdum tíma samkvæmt kaupsamningi. Um þetta greinir aðila í sjálfu sér ekki á um en hvor um sig telur við hinn að sakast um það hvað olli töfunum. Telja verður að frá upphafi hafi verið nokkuð ljóst að örðugt yrði að standa við ákvæði sammingsins um afhendingartíma og stefndi þegar á eftir áætlun á upphafsstigum verkefnisins eins og kom fram og var rætt á fundi aðila í júní 2018. Stefndi gerði þó engan reka að því að tryggja stöðu sína að þessu leyti og gekk allt að einu til samninga við stefnanda. Verður hann sem sérfræðingur á þessu sviði að bera allan hallann af óskýrleika við sammingsgerð eða hvað varðar einstök ákvæði sammingsins.

Samkvæmt öllu framangreindu fellst dómurinn á kröfu stefnanda um viðurkenningu á að stefndi beri ábyrgð á tjóni sem stefnandi varð fyrir vegna afhendingardráttar. Verður því að telja ljóst að þar sem stálið var ekki afhent á umsömdum tíma samkvæmt kaupsamningnum geti stefnandi beitt vanefndaúrræðum, sbr. 1 .mgr. 22. gr. laga nr. 50/2000 enda verður ekki litið svo á að stefnanda sé um að kenna eða atvikum sem hann varðar eins og segir í ákvæðinu. Þar með getur stefnandi

krafist skaðabóta samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna vegna þess tjóns sem hann hefur beðið vegna afhendingardráttar af hálfu stefnda. Telja verður nægilega fram komið að stefnandi hafi orðið fyrir beinu tjóni vegna tafanna, sbr. 67. gr. laganna, vegna útgjalda og tapaðs hagnaðar. Verður ekki tekin afstaða til einstakra atriða í máli þessu en telja má ljóst að beint tjón stefnanda hafi falist í margvíslegum kostnaði við að halda úti verkstað og mannskap mun lengur en stefnandi gerði upphaflega ráð fyrir. Vekur dómurinn athygli á því að 67. gr. felur ekki í sér tæmandi talningu á tjóni en meginregla laga nr. 50/2000 er sú að allt tap, og útgjöld, sem er að rekja til vanefnda skuli bæta að fullu þannig að sá sem fyrir vanefndum verður verði í fjárhagslegu tilliti eins settur og ef gagnaðili hans hefði réttilega efnt samninginn.

Stefnandi krefst einnig viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna vanefndar stefnda á samningi aðila þar sem stál í aðalburðarvirki hafi reynst mun meira en samningur aðila gerði ráð fyrir, sem feli í sér galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000. Þannig hafi samningur aðila miðað við að heildarstálmagn næmi 268 tonnum en stálmagn í aðalburðarvirkið hafi verið 294 tonn. Um þennan þátt kröfugerðar stefnanda er það að segja að eins og áður er fram komið var í samningi aðila tekið fram að hann byggði á tilboði stefnda frá 13. desember 2017 sem gerði ráð fyrir að einingarverð og magn gæti „hækkað/lækkað heildarverð eftir að hönnun á húsinu er lokið og hefur kaupandi samþykkt tilboðið á þeim forsendum“. Samningurinn gerði því ráð fyrir að stálmagn gæti breyst og að endanlegt magn þess færi þannig eftir endanlegri hönnun hússins. Er ekki unnt að líta svo á að hið selda hafi verið haldið galla í skilningi laga nr. 50/2000 og að um vanefndir stefnda sé að ræða af þeim sökum. Dómurinn telur því, þegar horft er til allra atvika málsins, til framangreinds ákvæðis í samningi aðila um breytingar á stálmagni og endanlegt verð, til þess að húsið var ekki fullhannað í upphafi og mikil vinna fór í útfærslu þess, að ekki séu efni til þess að fallast á kröfu stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda vegna umframmagns af stáli og verður stefndi sýknaður af þeim þætti viðurkenningarkröfunnar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/191 er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í dómum verið skýrður svo að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Stefnandi hefur í málinu leitt að því nægar líkur að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna vanefnda stefnda á samningi aðila vegna afhendingardráttar og í hverju tjón hans felst. Eru skilyrði áður nefnds ákvæðis laga nr. 91/191 um lögvarða hagsmuni því uppfyllt. Verður samkvæmt öllu framansögðu fallist á viðurkenningarkröfu stefnanda hvað varðar

afhendingardrátt en hafnað viðurkenningarkröfu hans hvað varðar galla vegna aukins stálsmagns.

Stefnandi gerir einnig í máli þessu endurgreiðslukröfu á hendur stefnda vegna þess sem hann telur sig hafa ofgreitt.

Krefst hann þess aðallega að stefnda verði gert að endurgreiða sér 66.183.153 krónur auk vaxta en til vara 31.436.691 krónu auk vaxta. Aðalkrafan byggir á því að stefnandi hafi ofgreitt umkrafða lokagreiðslu 4. október 2019 að fjárhæð 39.720.423 krónur, auk greiðslu að fjárhæð 17.464.795 krónur sem stefnandi innti af hendi 13. september 2019 á grundvelli munnlegs uppgjörssamkomulags sem hann kveður að komist hafi á milli tengiliðar stefnanda og starfsmanns stefnda. Þá kveðst stefnandi hafa verið tvírukkaður fyrir svokölluð z-langbönd og því beri stefnda að endurgreiða honum 8.977.934 krónur vegna þeirra. Varakrafa stefnanda er sett fram verði ekki fallist á þá forsendu stefnanda að „secondary stál“ í stiga, palla og grindur í veiðarfærageymslu hafi verið innifalið í boðnu magni í tilboði stefnda en þá sé þó ljóst að einingarverð samningsins gildi um það stál. Vísar stefndi í því sambandi til ákvæðis í samningi aðila, samskipta aðila á samningstímanum um að aukning á magni stáls vegna breytinga hækkaði samningsverð á grundvelli þeirra einingarverða sem um var samið. Hafi þetta verið sérstaklega staðfest af stefnda í tölvupósti hans frá 23. október 2018 þar sem hann segi um umrætt stál að það komi skýrlega fram í samningi að tilboð og samningur byggi á einingarverðum sem taki breytingum miðað við afhent stálmagn.

Uppgjör aðila er samkvæmt gögnum málsins nokkuð flókið og þykir rétt að gera grein fyrir greiðslum stefnanda og samskiptum aðila þar að lútandi áður en tekin er afstaða til fjárkrafna stefnanda.

Fyrir liggur að stefnandi greiddi 28.212.729 krónur í innborgun 28. mars 2018. Stefndi gaf út fyrsta reikninginn 30. september 2018 að fjárhæð 114.501.996 krónur vegna stáls í aðalburðarvirkið, þ.e. stálgrindina. Stefnandi gerði strax 4. október 2018 þá athugasemd við reikninginn að tonnafjöldinn væri ekki í samræmi við tilboðið og óskaði eftir fresti til að taka afstöðu til reikningsins þar sem tengiliður stefnanda væri í fríi. Því var hafnað af hálfu stefnda í svarpósti sama dag og tilkynnt að greiðslan yrði að berast áður en afhending færi fram. Þá sagði jafnframt að enn ætti eftir að afhenda efni í verkið og því yrði ágreiningur um magn leystur í lokauppgjöri. Greiddi stefnandi því reikninginn 5. október 2018 í því skyni að fá stálið afhent og í ljósi fyrirvara um endanlegt uppgjör. Að teknu tilliti til ofangreindrar innborgunar greiddi stefnandi þann dag 86.289.267 krónur. Hafði stefnandi því greitt 114.501.996 krónur fyrir stál í aðalburðarvirkið. Stefnandi ítrekaði þá afstöðu sína 23. október 2018 að reikningur stefnda væri rangur. Stefndi sendi stefnanda 26. október 2018 uppgjörsyfirlit fyrir stál sem þá var búið að afhenda í aðalburðarvirkið og greiða fyrir samkvæmt reikningnum frá 30. september 2018. Miðaði það yfirlit við að greiðsla vegna stálgrindarinnar og

svokallaðra z-banda næmi 108.362.995 krónum. Tekið var fram að enn vantaði uppgjör vegna vegggrinda, palla og stiga. Stefnandi hafnaði uppgjörshyrilritinu síðar sama dag og stillti því upp eins og það horfði við honum. Miðaði það við 77.779.723 krónur fyrir það stál sem búið var að afhenda, þ.e stálgrindina og tók mið af tilboði stefnda og að því gefnu að stál í veiðarfærageymslu væri innifalið í magntölu samningsins, 268 tonnum. Stefnandi leit þannig á að stálmagn í stálgrindina væri 214 tonn og allt stál í bygginguna, þar með talið „secondary stálið“, væri 268 tonn. Þá var bent á að munurinn á uppgjörshyrilritunum fælist aðallega í því hvað væri innifalið í tilboði stefnda.

Þá benti stefnandi einnig á að rangt einingarverð væri skráð fyrir z-langbönd í stálgrindina. Leit stefnandi þannig á að með reikningi 30. september 2018 hefði verið inniheimt og greitt fyrir 250x2,5 mm langbönd í stað 200x2 og þá var vísað til þess að tonnafjöldi væri rangur þar sem bæði væri inniheimt fyrir kíló af stáli í z-langböndum og fyrir lengdarmetra af sömu langböndum.

Stefndi sendi leiðrétta tillögu að uppgjöri 29. október 2018 þar sem sá hluti sem varðaði z-langböndin hafði verið leiðréttur. Miðaði þetta uppgjör við að greiddar yrðu 105.504.062 krónur fyrir stálgrind og z-langbönd eða 8.997.934 krónum minna en stefnandi hafði greitt 5. október 2018 og samkvæmt uppgjörshyrilritinu frá 26. október 2018 þar sem tekið hafði verið tillit til tvírukkunar á z-langböndum og nýrra einingarverða. Stefnandi neitaði að gera frekari breytingar á yfirlitinu og ítrekaði að um væri að ræða einingarverðssamning sem tæki breytingum samkvæmt tonnafjölda.

Stefnandi hafnaði afstöðu stefnda í tölvupósti 30. október 2018 og tók fram að ef stefndi gerði reikning samkvæmt yfirlitinu frá 29. október 2018 upp á 28.352.585 krónur þá yrði hann greiddur með fyrirvara um endanlegt uppgjör vegna samnings aðila.

Stefnandi byggir á því að komist hafi á munnlegt samkomulag milli tengiliðar stefnanda og starfsmanns stefnda, Ingvars, um uppgjörshyrilritið í símtali 11. september 2019. Hafi það falist í því að samningur aðila yrði gerður upp á 197.000.000 króna og þá skyldi stefnandi fá 3.000.000 króna vöruúttekt hjá stefnda og byggt á tillögu Ingvars að uppgjöri 19. ágúst 2019 sem miðaði í grunninn við að greitt væri fyrir allt stál á því einingarverði sem stefndi bauð í tilboði sínu, þ.e. að greitt væri aukalega fyrir stál í veiðarfærageymslu en á sömu einingarverðum og fram komu í samningi aðila. Stefnandi hefði á þessum tíma þá þegar verið búinn að greiða 171.535.205 krónur og mismunur á þeirri fjárhæð og uppgjörshyrilritinu hafi numið 22.464.795 krónum að frádreginni 3.000.000 króna inneign stefnanda hjá stefnda sem hefði verið hluti af uppgjörssamkomulaginu. Stefnandi kveður að á þeim tíma hafi bókhald hans þó miðað við að greiddar hefðu verið 176.353.205 krónur fyrir verkið en inn í þá fjárhæð mun hafa vantað bakfærslu upp á 5.000.000 króna. Hafi því fjárhæð í bókhaldi stefnanda til greiðslu á þessum tíma numið 17.464.795 krónum þ.e. verið 5.000.000 króna lægri en raunin var. Samkvæmt samkomulaginu skyldi stefndi afhenda það stál sem upp á vantaði

þegar í stað og hafi ætlunin verið að ganga frá skriflegu samkomulagi daginn eftir eða 12. september 2019. Í framhaldinu skyldi stefnandi inna sína greiðslu af hendi, þ.e. 17.464.795 krónur sem upp á vantaði miðað við samkomulagið. Þegar stefndi hafi ekki afhent stálið strax í kjölfarið hafi stefnandi tilkynnt að hann myndi inna sína greiðslu af hendi þá þegar og að afhending skyldi þá fara fram strax í kjölfarið í samræmi við samkomulag aðila. Tilkynnti tengiliður stefnanda, Björn, að greiðslan færi fram til Ingvars, Finns og Guðbjarts kl. 14:43. Var millifærslan innt af hendi 13. september 2019 kl. 14:51 en ekki 12. september 2019 eins og fram kemur í stefnu.

Samskipti aðila urðu í kjölfarið með þeim hætti að lögmaður stefnda sendi Birni tölvupóst klukkan 15:50 sama dag þar sem segir að forsvarsmönnum stefnda væri ekki kunnugt um að gert hefði verið samkomulag á þeim nótum sem gerð var grein fyrir í pósti Björns og að stefndi vonaðist til að ekki væri um misskilning að ræða en upphæðin sem tilgreind hefði verið í pósti Björns væri ekki í samræmi við þá stöðu sem stefndi væri með í sínum bókum. Það væri því ekki hægt að afhenda það efni sem komið væri til landsins gegn þeirri greiðslu sem greidd hefði verið. Í svarpósti Björns sama dag kl. 16:32 segir að samningur aðila hafi verið „undirskrifaður“ af Ingvari og áskilið að öll samskipti vegna samningsins væru við hann. Því ætti hann bággt með að taka alvarlega að stefnda væri ekki kunnugt um samkomulagið við Ingvar. Var vísað til 4. gr. samnings aðila um að ef um afhendingardrátt af hálfu seljanda væri að ræða sem kaupanda væri ekki um að kenna ábyrgðist seljandi tjón sem kaupandi kynni að verða fyrir af þeim sökum. Ljóst væri að stefnandi hefði orðið fyrir kostnaði vegna dráttar á afhendingu. Var óskað eftir því að séð yrði til þess að það efni sem eftir væri yrði afhent.

Stefndi gerði áfram kröfu um frekari greiðslu vegna stiga, palla og grinda í veiðarfærahólf og neitaði áfram að afhenda það sem eftir var af stálinu nema gegn greiðslu að fjárhæð 39.976.437 krónur. Fór svo að stefnandi greiddi stefnda 39.720.424 krónur þann 4. október 2019 til viðbótar fyrir stálið en skýringin á mismun þeirrar fjárhæðar og þeirrar sem nefnd var í bréfi stefnanda, 39.976.437 krónur, laut að vöxtum sem námu 242.113 krónum sem krafan var lækkuð um. Var sú greiðsla innt af hendi með fyrirvara gegn því að síðasta afhending stáls bærst sama dag. Áskildi hann sér rétt til að beina endurkröfu að stefnda vegna þess sem ofgreitt var sem og til að krefjast skaðabóta vegna tafa. Greiðslan fór því fram með fyrirvara um endurkröfurétt og/eða bótarétt á hendur stefnda auk þess sem stefnandi áskildi sér allan rétt á hendur stefnda vegna viðskipta aðila. Eftir þessa greiðslu taldi stefnandi sig hafa greitt stefnda 228.720.424 krónur vegna samningsins eða 78.252.530 krónur umfram upphaflegt samningsverð sem nam 150.467.894 krónum fyrir 268 tonn af stáli.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur dómurinn ekki unnt að fallast á þau sjónarmið sem búa að baki aðalkröfu stefnanda en þar gerir stefnandi ráð fyrir að hið svokallaða „secondary stál“ sé innifalið í magntölu og heildarverði samningsins og krefst

fullrar endurgreiðslu þess sem hann hefur greitt fyrir það stál eða 39.720.424 krónur. Dómurinn ítrekar það sem fram er komið að samningur aðila gerði ráð fyrir að endanleg fjárhæð samkvæmt honum tæki breytingum eftir niðurstöðu um endanlegt stálmagn sem var háð endanlegri hönnun hússins, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins. Ekki er því unnt að líta svo á að „secondary stálið“ hafi verið innifalið í heildarstálmagni því sem gefið var upp í samningnum eða verið inni í heildarverðinu. Í tilboði stefnda frá 13. desember 2017 var því að finna nánar tiltekin einingarverð vegna mismunandi tilboðsliða og magntölur við hvern lið. Þar sem dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að „secondary stálið“ hafi ekki verið sérstaklega undanskilið í samningi aðila og það stál ekki tilgreint á sérstökum verðum fer um það samkvæmt einingarverðum samningsins þannig að stefnandi greiði fyrir það eins og fyrir annað stál í bygginguna.

Þá tekur dómurinn einnig fram varðandi aðalkröfu stefnanda að ekki er unnt að fallast á að honum hafi verið rétt að líta svo á að bindandi samkomulag um uppgjör hefði komist á milli tengiliðar stefnanda, Björns Sveinssonar, og starfsmanns stefnda Ingvars Skúlasonar, í símtali þeirra í milli 11. september 2019, án þess að eitthvað meira kæmi til, en endurgreiðsla að fjárhæð 17.464.795 krónur byggir á slíku samkomulagi. Tekur dómurinn fram að slíkt samkomulag var aldrei skjalfest. Endurgreiðsla vegna z-banda að fjárhæð 8.997.934 krónur kemur til skoðunar í umfjöllun um varakröfu stefnanda.

Dómurinn telur því samkvæmt framansögðu rétt að fallast á þau sjónarmið og þær forsendur sem búa að baki varakröfu stefnanda. Dómurinn tekur sérstaklega fram að stefndi hefur í sjálfu sér ekki andmælt þeirri kröfu tölulega, hvorki hvað varðar tonnamagn né einingarverð sem liggur að baki henni, eingöngu þeirri forsendu sem hún byggir á, þ.e. að allt stál, umfram þau 268 tonn sem samningur aðila gerði ráð fyrir, greiðist á grundvelli einingarverða samningsins og að í henni sé ekki tekið tillit til flutningskostnaðar. Hvað það síðarnefnda varðar tekur dómurinn fram að stefndi hafi þó ekki gert reka að því að sýna fram á hver sá kostnaður væri og fara fram á lækkan krafna stefnanda að þessu leyti. En auk þess tekur dómurinn fram að ekki verður séð að í tilboði stefnda eða samningi aðila hafi verið gert ráð fyrir slíkum kostnaðarlið. Þá kom sérstaklega fram í tölvupósti stefnda 4. október 2019 vegna lokagreiðslu stefnanda og í tilefni af fyrirspurn stefnanda um það hvort stefndi greiddi fyrir flutninginn eins og samningurinn gerði ráð fyrir: „það á að vera innifalið“.

Ef uppgjör aðila væri miðað við þær forsendur sem varakrafan byggir á, sbr. tilboð stefnda frá 13. desember 2017 og yfirlit stefnda frá 29. október 2018, nemur kostnaður við stálgrindina og stál í veiðarfærageymslu 140.250.524 krónum. Kostnaður við klæðningu var 41.754.762 krónur og kostnaður við steinullareiningar 15.278.447 krónur en um þá liði er ekki deilt. Samtals nemur heildarkostnaður samningsins þá 197.283.733 krónum fyrir allt verkið. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu hefur stefnandi þegar greitt 114.501.996 krónur fyrir stálgrindina, 57.185.219 krónur fyrir stál

í veiðarfærageymslu, 41.754.762 krónur fyrir klæðningu og 15.278.447 krónur fyrir steinullareiningar eða samtals 228.720.424 krónur. Stefnandi hefur því samkvæmt þessu ofgreitt 31.436.691 krónu. Verður fallist á kröfu stefnanda um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda. Rétt þykir að fjárhæðin beri dráttarvexti frá 4. nóvember 2019, þ.e. að liðnum mánuði frá þeim degi er stefnandi lét stefnda sannarlega vita að hann myndi fara fram á endurgreiðslu með skriflegum fyrirvara við greiðslu 4. október 2019, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Þá gerir varakrafa stefnanda, líkt og aðalkrafa hans, einnig ráð fyrir endurgreiðslu vegna tvígreiðslu z-langbanda í þaki en sú fjárhæð nemur 8.997.934 krónum líkt og rakið hefur verið. Fellst dómurinn á þennan þátt varakröfu stefnda enda leiðrétti stefndi uppgjörsyfirlit sitt hvað þetta varðar 29. október 2018 með bindandi hætti gagnvart stefnanda. Þá hafði magntala stáls verið lækkuð úr 309,79 tonnum í 294,58 tonn þar sem z-langböndin höfðu verið tekin út úr tonnafjölda og einingarverð á þeim lækkað. Miðaði þetta uppgjör við að greiddar yrðu 105.504.062 krónur fyrir stálgrind og z-langbönd eða 8.997.934 krónum minna en stefnandi hafði greitt 5. október 2018.

Dómurinn áréttar að sé greiðsla innt af hendi með fyrirvara felst í því sérstakur áskilnaður um endurgreiðslu ef greitt er of mikið eða án skyldu. Þegar greitt er með fyrirvara getur móttakandi því ekki reiknað með að greiðslan sé endanleg. Ljóst má vera að stefnandi gerði ítrekaða og skýra fyrirvara gagnvart stefnda um endurgreiðslu fjármuna sem hann taldi sig hafa ofgreitt samkvæmt samningi aðila.

Dómurinn hafnar öllum sjónarmiðum stefnda um tómlæti stefnanda. Ljóst er að stefnandi gekk strax eftir upplýsingum um stöðu mála með fyrirspurnum í maí 2018, á fundi aðila í júní 2018, með fyrirspurnum í desember 2018, og svo síðar í apríl, maí og júlí 2019. Þá gerði stefnandi strax áskilnað um skaðabætur með bréfi 28. júní 2018 og svo síðar með kröfubréfi 19. maí 2020 í aðdraganda málshöfðunar þessarar. Stefndi var því strax upplýstur um afstöðu stefnanda. Gat stefndi ekki staðið í þeirri trú að stefnandi myndi ekki aðhafast vegna afhendingardráttarins eða ekki endurkrefja stefnda um það sem hann taldi sig hafa ofgreitt miðað við samning aðila.

Dómurinn tekur að lokum samandregið fram að þegar litið er til gagna málsins, samskipta aðila í aðdraganda að tilboðs- og kaupsamningsgerð og skýrslna vitna við aðalmeðferð málsins verði stefndi að bera hallann af óljósri samningsgerð, ónákvæmum upplýsingum og ónógri eftirfylgni með ákvæðum samningsins. Ljóst er að miklar tafir urðu á afhendingu hins selda á verkstað. Á því ber stefndi ábyrgð gagnvart stefnanda af sömu ástæðum og að ofan greinir enda verður ekki talið að tafir verði raktar til stefnanda. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti að hann verði leystur undan bótaábyrgð. Á hinn bóginn verður ekki fallist á að stefndi beri á því skaðabótaábyrgð að afhent magn hafi verið umfram það sem fram kom í samningi aðila. Verður því viðurkennd skaðbótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda vegna

afhendingardráttar en stefndi sýknaður af viðurkenningu á skaðabótaábyrgð vegna galla. Þá verður ekki fallist á aðalkröfu stefnanda um endurgreiðslu 66.183.153 króna. Á hinn bóginn verður stefnda gert að greiða stefnanda 31.436.691 krónu í samræmi við varakröfu stefnanda þar sem dómurinn telur að um hið svokallaða „secondary stál“ fari samkvæmt einingarverðum í tilboði stefnda frá 13. desember 2017 sem samningur aðila frá 28. apríl 2018 byggði á og með dráttarvöxtum eins og stefnandi krefst.

Með hliðsjón af atvikum öllum og úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sbr. fyrri málslið 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn 3.750.000 krónur. Stefnandi er virðisaukaskattskyldur aðili og því verður ekki séð að efni séu til þess að taka tillit til þess skatts við ákvörðun fjárhæðarinnar eins og stefnandi krefst.

Hólmfríður Grímsdóttir, héraðsdómari og dómsformaður, kveður upp dóm þennan ásamt Sigríði Hjaltested héraðsdómara og Eyþóri Rafni Þórhallssyni byggingarverkfræðingi. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæðis 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 en hvorki dómara né aðilar töldu þörf á endurflutningi málsins þótt uppkvaðning þess drægist fram yfir lögbundinn frest. Dómsformaður tók við meðferð málsins 5. október 2020 en hafði ekki afskipti af því fyrir þann tíma.

### **Dómsorð:**

Viðurkennd er skaðabótaskyldu stefnda, Húsasmiðjunnar ehf., vegna beins tjóns sem stefnandi, Nestak ehf., varð fyrir vegna vanefnda stefnda á kaupsamningi aðila frá 28. apríl 2018 vegna afhendingardráttar en stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu vegna galla.

Stefndi greiði stefnanda 31.436.691 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. nóvember 2019 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 3.750.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir

Sigríður Hjaltested

Eyþór Rafn Þórhallsson